


skoðun 14

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt




Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Nýr tilboðsbæklingur í dag

FRÉTTABLAÐIÐ
ÞITT
MIÐVIKUDAGUR
18. ágúst 2010 — 192. tölublað — 10. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000



Djammað á hljóðfærin

*Anna Jónsdóttir tók þátt í alþjóðlegu tónlistarsamstarfi.*

**tímamót** 18

Vesturport í grínið

*Nýr gamanleikur um húsmóðurina í bígerð.*

**fólk** 30



Harðfiskurinn hjálpar

*Björgvin Páll Gústavsson ver eins og berserkur þessa dagana.*

**íþróttir** 26

**veðrið í dag**




**MILT SV-LANDS** Í dag verður norðaustan strekkingur NV-til og við SA-ströndina síðdegis. Væta N- og A-til en bjartviðri SV-lands. Hiti 10-20 stig.

**VEÐUR** 4

Skólabæklingur next fylgir Fréttablaðinu í dag!




# Vilja að þak á skuldir sveitarfélaga verði 150% af tekjum

**Sérfræðingar AGS aðstoða við gerð tillagna um breytingar á lögum um sveitarfélög. Hugmyndir eru uppi um að takmarka skuldir við um 150 prósent af árstekjum sveitarfélaga. Vilja afgreiða málið á haustþingi.**

**STJÓRNSÝSLA** Vinna við frumvarp um breytingar á sveitarstjórnarlögum er langt komin, en þar er meðal annars ætlunin að stemma stigu við mikilli skuldsetningu sveitarfélaga. Sérfræðingar vilja skuldaþak sem er nærri 150 prósentum af árstekjum sveitarfélaga, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Tvær nefndir eru starfandi á vegum ríkisins til að endurskoða sveitarstjórnarlög, samskipti ríkis og sveitarfélaga og fjármál sveitarfélaga almennt. Reiknað er með að önnur nefndanna skili tillögum í formi frumvarps til ráðherra sveitarstjórnarmála í haust.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður þar lagt til að þak verði sett á skuldsetningu sveitarfélaga. Ýmsar útfærslur hafa komið til tals, en miklu máli þykir skipta hvernig skuldirnar eru skilgreindar og umdeilt hvernig það skuli gert.

Rekstri sveitarfélaga er skipt í A- og B-hluta. Sá hluti reksturs sveitarfélaga sem fjármagnaður er að mestu með skattfé fellur undir A-hluta, þar á meðal rekstur skóla og félagsþjónustu. Undir B-hluta fellur rekstur sem fjármagnaður er að mestu með sjálfsaflatekjum, til dæmis hitaveita og hafnir.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að sérfræðingar sem unnið hafa að frumvarpinu vilji skilgreina skuldir sveitarfélaganna vítt, og hafa þar bæði A- og B-hluta undir. Skuldir A-hlutans þykja ekki gefa raunverulega mynd af skuldsetningunni. Það myndi þýða að skuldir og tekjur Orkuveitu Reykjavíkur yrðu teknar með í reikninginn við mat á skuldum Reykjavíkurborgar.

Hugmyndir eru uppi um að skuldaþakið verði 150 prósent af tekjum bæði A- og B-hluta. Verði skuldirnar skilgreindar með þrengri hætti verður skuldaþakið að vera mun lægra, að mati sérfræðinganna.

Vinna við fyrirhugaðar lagabreytingar er í fullum gangi, og hafa tveir sérfræðingar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum verið hér á landi frá því á sunnudag til að fara yfir málin og koma með tillögur að úrbótum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er lögð mikil áhersla á að frumvarpið fari fyrir Alþingi snemma á haustþingi svo það geti orðið að lögum fyrir áramót. Sömu heimildir herma að verði ljóst að það takist ekki sé mögulegt að breytingar á lögum um fjármál sveitarfélaga verði settar í sérstakt frumvarp svo hægt verði að koma þeim í gegnum þingið fyrir áramót. - bj



**MÁVAR EFTIR MÓTMÆLIN** Hópur fólks safnaðist saman til að mótmæla við Stjórnarráðið í gærmorgun. Vakin var athygli á málefnum Helgu Bjarkar Magnúsdóttur Grétudóttur. Mótmælendur köstuðu brauði í húsið og á lóðina umhverfis Stjórnarráðið, nærstöddum mávum til mikillar ánægju.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Heyrn ungmenna versnar:

## Fimmti hver heyrnarskertur

**BANDARÍKIN, AP** Fimmti hver táningur sem tók þátt í nýlegri rannsókn sem gerð var í Bandaríkjunum hafði misst heyrn að einhverju leyti. Sérfræðingar hvetja til þess að fólk lækki í tónlistarspilurum þó tengsl á milli spilaranna og heyrnarskerðingar hafi ekki verið staðfest.

„Við vonum að þetta verði til þess að fólk fari varlega,“ segir Dr. Gary Cunhan, sem stýrði rannsókninni.

Heyrnarskerðingin var í fæstum tilvikum mikil. Hún lýsti sér yfirleitt þannig að ungmennin heyrðu ekki hljóð sem voru 16 til 24 desibel, til dæmis hvísl eða hljóð í vatnsdropum sem detta úr krana. Þótt skerðingin sé lítil getur hún gert fólki það erfitt að taka þátt í samræðum, segja vísindamenn. - bj

Ákveðið á stjórnarfundi OR að Hjörleifur Kvaran láti af starfi forstjóra fyrirtækisins:

## Staða forstjóra auglýst bráðlega

**ORKUMÁL** Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum í gærkvöldi að Hjörleifur Kvaran, forstjóri fyrirtækisins, láti af störfum. Haraldur Flosi Tryggvason, stjórnarformaður OR, bar upp tillögu um starfslokin.

Samkomulag varð um að Hjörleifur léti af störfum þegar í stað, en Helgi Þór Ingason verkfræðingur mun taka við starfinu tímabundið. Til stendur að auglýsa eftir nýjum forstjóra bráðlega, og kemur ekki til greina að ráða Helga Þór í starfið.

„Við álitum að hér væri þörf á nýjum verkstjóra,“ segir Haraldur Flosi. Hann segir að með þessu sé ekki verið að gera Hjörleif að blóraböggli, slíkt væri of mikil einföldun. Forstjóraskiptin verða kynnt starfsmönnum í dag. - bj






**SPURNING DAGSINS**



*Sigrún, verður ekki orð um það meir?*

„Svo mörg voru þau orð!“

Nýjasti liður í sparnaðaraðgerðum RÚV er sá að leggja niður hinn vinsæla þátt Orð skulu standa á Rás 1. Sigrún Stefánsdóttir er dagskrárstjóri útvarpsins. Tekið skal fram að Sigrún bindur vonir við að þáttinn megi endurvekja þegar betur árar.

Karlmaður dæmdur í þriggja og hálfs árs fangelsi og til greiðslu miskabóta:

# Bauð konu heim og nauðgaði

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt pólskan karlmann, Tomasz Burdzan, í þriggja og hálfs árs fangelsi fyrir nauðgun. Athæfið átti sér stað í lok júní í fyrra.

Konan hafði verið að skemmta sér og kvaðst fyrir dómi ekki hafa haft nægjanlega fjármuni til að taka leigubíl heim. Hún hitti manninn í miðbænum í Reykjavík. Hann bauð henni að koma með sér heim, svo hún gæti hringt, sem hún þáði. Hún spurði mannninn hvort hann ætti áfengi, en hann gaf henni kaffi.

Þegar konan bjóst til brottfarar hrinti maðurinn henni á skáp eða hillu þannig að hún vankaðist og vissi ekki af sér fyrr en hún lá í rúmi mannsins. Hann hafði svo við hana samræði gegn vilja hennar. Hún fór svo á Neyðarmóttöku fyrir fórnarlömb nauðgana.

Maðurinn neitaði sök. Dómurinn taldi framburð hans hins vegar afar ótrúverðugan og taldi að maðurinn hefði beitt konuna ofbeldi og haft við hana samræði.

Auk þriggja og hálfs árs fangelsis var maðurinn dæmdur til að greiða konunni 1,2 milljónir króna í miskabætur. - jss



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Dæmdi í nauðgunarmálinu.

Fyrrum ríkisstjóri sakfelldur:

# Laug að FBI

**CHICAGO,AP** Fyrrverandi ríkisstjóri Illinois-ríkis í Bandaríkjunum, Rod Blagojevich, var sakfelldur í gær fyrir að ljúga að starfsmönnum bandarísku alríkislögreglunnar, FBI.

Kviðdómur komst ekki að niðurstöðu vegna annarra ákæruliða en Rod Blagojevich var meðal annars sakaður um að reyna að selja sæti Baracks Obama í öldungadeild bandaríska þingsins.

Saksóknarar í Illionois tóku fram eftir að dómur féll að ætlað sé að taka mál Blagojevich upp eins fljótt og auðið er. - sv

Kona hrasar í hellaskoðun:

# Flutt með þyrlu tvíhálsbrotin

**SLYS** Frönsk kona hrasaði við hellaskoðun í Miklafelli í Eldhrauni í dag og tvíhálsbrotnaði. Féll konan niður um einn og hálfan metra og lenti á andlitinu, að sögn Guðmundar Inga Ingasonar, varðstjóra lögreglunnar á Hvolsvelli.



**TF-GNÁ**

Björgunarsveitin Kyndill á Kirkjubæjarklaustri var kölluð á staðinn ásamt TF-GNÁ, þyrlu Landhelgisgæslunnar. Fjallabjörgunarmenn frá björgunarsveitum á höfuðborgarsvæðinu fóru með þyrlunni á staðinn. Guðmundur segir aðstæður hafa verið erfiðar á svæðinu og nokkurn tíma hafi tekið fyrir þyrluna að komast á áfangastað.

Miklar annir voru hjá Landhelgisgæslunni, fjögur útköll á innan við sólarhring. - sv / sjá síðu 12

Uppgötvun í Newcastle:

# Bakteríur með lyktarskyn

**VÍSINDI** Hópur örverufræðinga við Newcastle-háskóla í Bretlandi hefur uppgövað að bakteríur hafa lyktarskyn.

Bakteríur eru einföldustu lífverur jarðarinnar og hafa frekar verið þekktar fyrir að valda lykt en finna hana hingað til. Nýja rannsóknin bendir hins vegar til þess að bakteríur hafi eins konar nef sem geti greint agnir í lofti sem mynda lykt svo sem ammoníak.

Rannsóknin leiddi einnig í ljós að bakteríurnar bregðast við ammoníakslykt með því að mynda eins konar slím sem festir nálægar bakteríur saman. - mþl

# Morðvopns leitað og málssókn yfirvofandi

**Morðvopn sem notað var til að bana manni á fertugsaldri í Hafnarfirði um síðustu helgi er enn ófundið. Manni á þrítugsaldri sem hafði verið yfirheyrður af lögreglu var sleppt í gær. Lögmaður hans segir málshöfðun koma til greina.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla leitar enn að morðvopni sem notað var til þess að stinga mann á fertugsaldri til bana í Hafnarfirði aðfaranótt síðastliðins sunnudags.

Um er að ræða eggvopn sem hann var margstunginn með. Unnusta mannsins kom að honum látnum á svefnherbergisgangi í húsinu sem hann bjó í rétt fyrir hádegi á sunnudag.

Síðdegis í gær var manni á þrítugsaldri sleppt úr haldi lögreglu vegna málsins. Maðurinn var yfirheyrður í fyrrakvöld og síðan látinn gista fangaklefa yfir nóttina. Ekki þóttu efni til að að krefjast gæsluvarðhalds yfir honum.

Verjandi mannsins, Guðrún Sesselja Arnardóttir, sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem hún segir bera að „…fordæma þau forkastanlegu vinnubrögð sem ákveðnir fjölmiðlar hafa viðhaft í þessu máli og þá sérstaklega ótímabæra nafn- og myndbirtingu af skjólstæðingi mínum. Gera verður þá kröfu til fjölmiðla að þeir hafi í heiðri þá meginreglu réttarfarslaga að maður sé saklaus uns sekt telst sönnuð og á það sérstaklega við þegar hvorki hefur verið farið fram á gæsluvarðhald yfir viðkomandi, né heldur gefin út ákæra.“

Guðrún Sesselja sagði við Fréttablaðið í gær að hún myndi fara yfir málið með skjólstæðingi sínum hvað varðaði nafnog myndbirtingu á honum í fjölmiðlum. Nafn mannsins var birt á vefmiðlunum dv.is og í kjölfarið á pressan.is og eyjan.is.

Vel kunni að vera að höfðað verði mál á hendur viðkomandi fjölmiðlum á grundvelli meiðyrða eða brots á friðhelgi einkalífs. „Ég skil ekki svona vinnubrögð,“ sagði Guðrún Sesselja.



**MORÐRANNSÓKNIN** Á fjórða tug lögreglumanna vinnur nú að rannsókn á morðmálinu í Hafnarfirði. Fjölmargir hafa verið yfirheyrðir og verið er að vinna úr gögnum og ábendingum frá almenningi.

> Gera verður þá kröfu til fjölmiðla að þeir hafi í heiðri þá meginreglu réttarfarslaga að maður sé saklaus uns sekt telst sönnuð
>
> **GUÐRÚN SESSELJA ARNARDÓTTIR** VERJANDI

Á fjórða tug lögreglumanna vinnur að rannsókn morðmálsins. Fjölmargir hafa verið yfirheyrðir og þeirri vinnu er ekki lokið. Tæknirannsókn á vettvangi er langt komin og önnur gagnaöflun í fullum gangi. Fjöldi ábendinga hefur borist frá almenningi og verið er að vinna úr þeim eftir því sem tilefni er til.

Lögreglan biður þá sem upplýsingar geta gefið í tengslum við rannsókn málsins um að hafa samband í 444 1104. jss@frettabladid.is



**KYNNING** Jón Gnarr borgarstjóri og Stefán Eiríksson lögreglustjóri hvöttu fólk til að skilja bílana eftir heima á menningarnótt á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þétt dagskrá á menningarnótt:

# Allir fá ókeypis í strætisvagna

**MENNING Forsvarsmenn menningarnætur kynntu dagskrá hátíðarinnar, sem haldin verður á laugardag, í gömlum strætisvagni í gær. Uppátækinu var ætlað að minna fólk á að lögð er áhersla á bílalausa menningarnótt.**

**Þeir bíleigendur sem leggja ólöglega í miðborginni á menningarnótt mega nú í fyrsta skipti eiga von á sektum. Fólk er hvatt til að skilja bílana eftir heima og fá allir frítt í strætisvagna til að draga úr umferð um miðbæinn.**

**Yfirskrift hátíðarinnar í ár er „Strætin óma“, og eru borgarbúar hvattir til að fylla miðborgina af hljóðfæraslætti og söng.** - bj

**REYKJAVÍK**

### Hjólað á Hverfisgötu

Starfsmenn Reykjavíkurborgar vinna að uppsetningu tímabundins hjólreiðastígs á Hverfisgötu sem tekinn verður í notkun næsta föstudag. 35 gjaldskyld bílastæði á Hverfisgötu verða helguð hjólreiðum í þessari tilraun og hefur verkefnið verið kynnt fyrir íbúum og þjónustuaðilum.

### Viðurkenning fyrir fegrun

Fegrunarviðurkenningar vegna fegurstu lóða fjölbýlishúsa og fyrirtækja og endurbóta á eldri húsum í Reykjavík árið 2010 verða afhentar í dag. Borgarstjórinn í Reykjavík, Jón Gnarr, afhendir viðurkenningarnar.






Yfirmaður kynferðisbrotadeildar höfuðborgarsvæðisins fluttur úr starfi:

# Baðst afsökunar á orðum sínum og harmar ummælin

**LÖGREGLA** Björgvin Björgvinsson hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík óskaði eftir því að vera færður úr starfi sem yfirmaður kynferðisbrotadeildar í gær. Var það vegna hinnar hörðu gagnrýni sem ummæli hans í DV um fórnarlömb nauðgana hafa sætt.

Lögreglan sendi frá sér yfirlýsingu um málið í gærmorgun þar sem meðal annars kom fram að embættið harmi ummæli Björgvins í blaðinu og þau endurspegli á engan hátt afstöðu eða viðhorf þess til kynferðisbrota eða fórnarlamba þeirra. Embættið biðjist jafnframt afsökunar á ummælunum og að það sé mat yfirmanns kynferðisbrotadeildarinnar að þau séu til þess fallin að skaða trúverðugleika rannsókna lögreglunnar á sviði kynferðisbrota. Rannsóknir á kynferðisbrotum á höfuðborgarsvæðinu heyri nú undir yfirmann rannsóknardeildar, Friðrik Smára Björgvinsson.

Meðal annars var haft eftir Björgvini í DV á mánudag að fólk í annarlegu ástandi ætti að líta í eigin barm og taka ábyrgð á sjálfu sér. Hefur hann beðist afsökunar á ummælunum en hefur ekki rætt opinberlega við fjölmiðla.

Stefán Eiríksson lögreglustjóri vildi ekki tjá sig um málið við Fréttablaðið og vísaði í yfirlýsingu lögreglunnar. - sv



**BJÖRGVIN BJÖRGVINSSON** Var færður til í starfi vegna ummæla sem höfð voru eftir honum í DV.




NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr. /mán. greiðslugjald. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort.
Ekkert mánaðargjald í frelsi en 550 kr. í áskrift, þá fylgir líka 150 MB netnotkun á mánuði.

**GENGIÐ 17.08.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,93 | 119,49 |
| Sterlingspund | 186,10 | 187,00 |
| Evra | 153,06 | 153,92 |
| Dönsk króna | 20,545 | 20,665 |
| Norsk króna | 19,350 | 19,464 |
| Sænsk króna | 16,237 | 16,333 |
| Japanskt jen | 1,3907 | 1,3989 |
| SDR | 180,24 | 181,32 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

207,8108

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

DNA-greining sýnir að níu ára filippseysk stúlka er ekki dóttir Bobby Fischer:

# Áfram deilt um arf skákmeistarans

**DÓMSMÁL** Jinky Young er ekki dóttir skákmeistarans Bobby Fischer samkvæmt niðurstöðu úr DNA-greiningu á lífsýnum Fischers. Engin merki voru um skyldleika samkvæmt greiningunni, segir Guðjón Ólafur Jónsson, lögmaður tveggja systursona Fischers.

Rannsóknin fór fram þar sem hin filippseyska Marylin Young, móðir hinnar níu ára Jinky, hélt því fram að dóttir sín væri dóttir Fischers. Nauðsynlegt var að rannsaka þá fullyrðingu þar sem Young vildi gera kröfu í dánarbú Fischers.

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu í júní að grafa þyrfti lík Fischers upp til að ná í lífsýni. Fischer fékk íslenskan ríkisborgararétt árið 2005, og lést í janúar 2008. Réttarmeinadeild Landspítalans rannsakaði sýnið og komst að þeirri niðurstöðu að Fischer og Jinky Young væru óskyld.

Bæði Myoko Watai, meint eiginkona Fischers, og tveir bandarískir systursynir Fischers deila um hver erfir þau auðæfi sem Fischer lét eftir sig. Hæstiréttur hefur úrskurðað að opinber skipti þurfi að fara fram á búinu þar sem ekki hafi verið sannað með fullnægjandi hætti að Fischer og hin japanska Watai hafi gengið í hjónaband. Áfram verður því fjallað um málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. - bj



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**DEILUR** Tveir systursynir Bobby Fischers og meint eiginkona hans deila áfram um arf skákmeistarans.



**KAUPIN INNSIGLUÐ** Forsvarsmenn Frumtaks og ICEconsult um það leyti sem þeir skrifuðu undir hlutafjárkaupin.

Frumtak kaupir í ICEconsult:

## Hjálpa til við hagræðingu

**NÝSKÖPUN** Samlagssjóðurinn Frumtak hefur keypt hlut í nýsköpunarfyrirtækinu ICEconsult fyrir áttatíu milljónir króna.

ICEconsult hefur þróað hugbúnað og aðferðafræði til að stýra stoðþjónustu fyrir sveitarfélög, fyrirtæki, þjónustufyrirtæki og verslanakeðjur. Með innleiðingu lausna ICEconsult á tilteknum rafrænum verkferlum og réttum þjónustusamningum má ná um tíu til þrjátíu prósenta hagræðingu. Fyrirtækið er byrjað á markaðssókn erlendis og hefur samið um dreifingu á hugbúnaði sínum í Danmörku, Englandi og Möltu, að því er fram kemur í tilkynningu. - jab

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Fjórir fluttir á slysadeild

Bifreið var ekið á staur á Sæbrautinni um hálfþrjú í fyrrinótt. Slökkviliðið sendi dælubíl og sjúkrabíla á vettvang. Fjórir voru í bílnum og voru fluttir á slysadeild til öryggis, en reyndust ekki alvarlega slasaðir.

**SKAGAFJÖRÐUR**

### Metfjöldi ferðamanna

Metfjöldi ferðamanna hefur komið í Byggðasafnið í Glaumbæ í Skagafirði í sumar. Búist er við að fjöldinn verði vel yfir 30 þúsund manns þegar sumri lýkur.

# Vilja bæta árangur drengja í skólum

**Stýrihópur settur af stað í menntaráði til að bæta árangur drengja í skólum. Oddviti VG gagnrýnir viðhorfið og segir mikilvægt að vinna markvisst með bæði kynin. Stúlkur ánægðari með nám í grunnskólum, samkvæmt rannsókn.**

**MENNTAMÁL** Menntaráð Reykjavíkur ætlar að vinna markvisst að því að efla námsárangur drengja í grunnskólum. Samkvæmt könnun Háskóla Íslands sem gerð var árið 2008 þykir 67 prósentum drengja í 1. bekk gaman að læra en 83 prósentum stúlkna. Að sama skapi finnst 65 prósentum sjö ára drengja gaman að lesa í skólanum en 74 prósentum stúlkna. Skipaður hefur verið átta manna stýrihópur með fulltrúum ýmissa deilda innan menntakerfisins til þess að vinna að úrlausnum. Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokks í menntaráði Reykjavíkurborgar, er formaður hópsins.

„Bilið á milli drengja og stúlkna í grunnskólum hefur verið að aukast jafnt og þétt á síðustu árum," segir Þorbjörg. „Það þarf að rýna vel í þessi mál og finna út hver orsökin er."

Þorbjörg telur að kerfið hafi á einhvern hátt misst sjónar á strákum, meðal annars vegna fækkunar á körlum sem fyrirmyndum í skólakerfinu og hugsanlega sökum þess að einblínt hafi verið á stelpur og stöðu þeirra.

Sóley Tómasdóttir, oddviti Vinstri grænna, gagnrýnir skoðanir Þorbjargar og segir að verið sé að falla í pytt gamallar orðræðu. „Það er mikilvægast að vinna með og uppræta staðlaðar kynjaímyndir í grunnskólum og stuðla að markvissri kynjafræðslu fyrir bæði kynin," segir Sóley. „Staða stúlkna er alveg jafn mikilvæg, ekki bara vegna námsárangurs heldur líka vegna sjálfstausts og sjálfsmyndar." Sóley segir að rannsókn HÍ hafi einnig sýnt fram á að sjálfsmynd stúlkna sé yfirleitt mun lakari en drengja.

Margrét Pála Ólafsdóttir, stofnandi Hjallastefnunnar, segist fagna hverju skrefi þar sem tekið er á málefnum kynjanna á yngstu menntastigunum.

„Það er þó varasamt að einblína á að stúlkum finnist skemmtilegra að læra heldur en strákum. Staðreyndin er sú að oft á tíðum er námsefnið þeim létt vegna þess að þær eru á öðru þroskastigi en strákarnir," segir Margrét Pála. „En það er líka staðreynd að staða drengja í skólum er hrópandi slæm og við því verður að bregðast." Margrét Pála hvetur menntaráð til að fylgja málinu eftir með því að skoða einnig stöðu stúlkna í grunnskólum. sunna@frettabladid.is



**BÖRN Í SKÓLA** Drengir í yngstu bekkjum grunnskóla eru ekki eins ánægðir með námið og stúlkur, samkvæmt rannsókn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**MARGRÉT PÁLA ÓLAFSDÓTTIR**



**SÓLEY TÓMASDÓTTIR**



**ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR**

Upptökur undir skrifborði:

## Staðfesta leynileg fangelsi CIA

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríska leyniþjónustan CIA hefur í fórum sínum upptökur af yfirheyrslum yfir Ramzi Binalshibh, sem fóru fram í leynilegu fangelsi á vegum Bandaríkjamanna í Marokkó árið 2002.



**RAMZI BINALSHIBH**

Upptökurnar eru sagðar hafa fundist undir skrifborði í húsakynnum CIA í Washington-borg.

Binalshibh er einn þeirra sem grunaðir eru um að hafa skipulagt árásirnar á Bandaríkin haustið 2001.

Tvær myndbandsupptökur og ein hljóðupptaka eru sagðar gefa góða innsýn í hvernig önnur ríki veittu Bandaríkjunum aðstoð við að halda grunuðum hryðjuverkamönnum í fangelsi með leynd. - gb

Losun á vatnsverndarsvæði:

## Ítrekuð losun á seyruvökva

**NÁTTÚRUSPJÖLL Holræsa- og stífluþjónusta Suðurlands, sem losaði seyruvökva úr rotþróm á vatnsverndarsvæðinu á Þingvöllum, hefur áður gerst brotleg um slíka losun. Fyrirtækið sér um að tæma rotþrær fyrir fimm sveitarfélög á Suðurlandi og hefur, samkvæmt Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, nú í tvígang losað úrgang út í náttúruna.**

**Heilbrigðiseftirlitið tók sýni úr neysluvatni á Þingvöllum og bráðabirgðaniðurstöður gætu legið fyrir í dag. Holræsa- og stífluþjónusta Suðurlands hefur fengið formlega áminningu fyrir losunina á Þingvöllum.** - sv




**VEÐURSPÁ**



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**MISSKIPT VEÐUR** á landinu í dag og á morgun. Fyrir norðan og austan verður væta og svalt en suðvestan til má búast við bjartviðri og áfram óvenju miklum hlýindum. Á föstudag lítur út fyrir kólnandi veður um allt land.



**Á MORGUN** Stíf NA-átt SA-til, annars hægari

**FÖSTUDAGUR** 3-8 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 23° |
| Berlín | 22° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 20° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 29° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 17° |
| París | 21° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 22° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

# BRJÁLUÐ ÚTSALA

## FÁRÁNLEG VERÐ

EKKI UNDIR 30% AFSLÁTTUR*

VORUM AÐ FÁ SENDINGU AF GLÆNÝJUM MONGOOSE ALVÖRU HJÓLUM SEM FARA BEINT Á ÚTSÖLUNA





mongoose®
alvöru hjól

WWW.GAP.IS

GÁP

**FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7**

S: 5200 200• MÁN - FÖS. KL. 9-18.• LAU. KL. 11-16

*GILDIR AF ÖLLUM ÚTSÖLUHJÓLUM

**KJÖRKASSINN**



*Vilt þú að lögregla fái heimildir til að rannsaka einstaklinga án þess að grunur sé um ákveðið brot?*

| | |
|---|---|
| Já | 45,0% |
| Nei | 55,0% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fannst þér rétt að færa yfirmann kynferðisbrotadeildar til í starfi eftir ummæli hans í fjölmiðlum?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Þingflokksformaður Samfylkingar styður hugmyndir dómsmálaráðherra en Ung vinstri græn mótmæla harðlega:

# Vill strangt eftirlit með forvirkum rannsóknum

**LÖGGÆSLUMÁL** „Ég hafna ekki hugmyndum um forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu, en geld engu að síður varhug við þeim. Ef af verður er mikilvægt að strangt og gott eftirlit verði með þeim sem hafa slíkar heimildir."

Þetta segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, um hugmyndir Rögnu Árnadóttur, dómsmála- og mannréttindaráðherra, um forvirkar rannsóknarheimildir til handa lögreglu.

Þórunn undirstrikar að mjög varlega verði að stíga til jarðar þegar um slíkar ráðstafanir sé að ræða.

> Ég hafna ekki hugmyndum um forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu, en geld engu að síður varhug við þeim.
>
> ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR
> ÞINGFLOKKSFORMAÐUR SAMFYLKINGAR

„Við jafnaðarmenn höfum ætíð viljað standa vörð um mannréttindi fólks þegar heimildir lögreglu eru annars vegar," segir hún og hrósar jafnframt dómsmála- og mannréttindaráðherra fyrir að setja jafn mikilvæg mál og þetta í almenna umræðu áður en réttarfarsnefnd hafi fengið málið til skoðunar.



ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR

„Ég geri mér hins vegar vel grein fyrir því að í baráttu við skipulagða glæpastarfsemi telur lögregla sig vanta betri tæki og víðtækari heimildir til að vinna gegn henni. Það eru mikilvæg rök af hálfu lögreglu. En þetta verður örugglega skoðað mjög vandlega af hálfu ráðuneytis og Alþingis."

Stjórn Ungra vinstri grænna á höfuðborgarsvæðinu sendi hins vegar frá sér hörð mótmæli í gær vegna hugmynda ráðherrans um auknar rannsóknarheimildir lögreglu. „Með því að heimila njósnir um einstaklinga án þess að fyrir liggi rökstuddur grunur um saknæmt athæfi er ríkisvaldið komið út á næfurþunnan ís," segir meðal annars í yfirlýsingunni. - jss


**TIL LEIGU Í STANGARHYL 7**

464 fm iðnaðar og lagerhúsnæði á jarðhæð með góðri innkeyrsluhurð Leiga kr 800 pr.fm. Lofthæð c.a. 4m

386 fm skrifstofuhúsnæði á 1 hæð áður Sjúkraþjálfun leiga kr 1000 pr.fm

140 fm flott skrifstofuhúsnæði á 1 hæð Leiga kr 1200 pr.fm

50 fm skrifstofuhúsnæði á 2 hæð Leiga kr 1000 pr.fm

**TIL LEIGU Í VAGNHÖFÐA 7**

407 fm iðnaðar oglagerhúsnæði í kjallara, innkeyrsluhurð með aðgengi niður ramp. Leiga kr 600 pr.fm. Lofthæð c.a. 3m

**Upplýsingar í síma 849 9987 og 895 8299**








# Milljónir manna bíða enn aðstoðar

**Monsúnflóðin í Pakistan hafa raskað lífi 20 milljón manna og meira en 700 þúsund hefur verið bjargað úr beinni hættu. Zardari viðurkennir að viðbrögð stjórnvalda hafi ekki verið nógu góð. Íslenska ríkið gefur 23 milljónir króna.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hverjar eru afleiðingar monsúnflóðanna í Pakistan?

**PAKISTAN** Monsúnflóðin í Pakistan hafa kostað meira en 1500 manns lífið. Nærri 900 þúsund hús hafa gereyðilagst eða skemmst illa og uppskeran af meira en þremur milljónum hektara af ræktarlandi er ónýt. Flóðin hafa haft alvarleg áhrif á líf nærri 20 milljóna manna og meira en 700 þúsund manns hefur þurft að bjarga úr beinni hættu.

Milljónir manna bíða enn eftir neyðaraðstoð, þrátt fyrir þrotlaust starf heimamanna og víðtæka aðstoð að utan. Alþjóðastofnanir og innlend líknarfélög hafa unnið hörðum höndum að því að koma matvælum, vatni og lyfjum til fólks á þeim svæðum sem verst hafa orðið úti.

Verst hefur ástandið verið í héruðunum Púnjab og Sind, og enn má búast við auknum flóðum í Sindhéraði neðarlega í Indusfljóti næstu tvo daga.

Alþjóðlegar hjálparstofnanir segja þó að viðbrögðin við beiðni um fjárhagsaðstoð frá öðrum löndum hafi ekki verið jafn rausnarleg og vonast var til.

Asaf Ali Zardari, forseti Pakistans, viðurkenndi sömuleiðis í gær að stjórnvöld heima fyrir hefðu ekki brugðist við af nægum krafti.

„Jú, ástandið gæti verið betra. Jú, gera hefði mátt frekari ráðstafanir. Jú, allt hefði getað verið betra. Því miður," sagði hann á lokuðum fundi með innlendu hjálparstarfsfólki. „Við verðum samt að halda áfram þrátt fyrir þá gagnrýni sem við fáum," bætti hann svo við.

Zardari beið mikinn álitshnekki þegar hann ákvað að halda í ferðalag til Evrópu í síðustu viku þegar flóðin voru að komast í hámark.

Venjulega færir monsúntíðin Pakistan langþráða úrkomu síðsumars í kjölfar steikjandi sumarhitanna. Oft fylgja úrhellinu þó flóð, en þau eru mismikil og þetta árið eru þau verri en þekkst hefur í áttatíu ár.

Tjónið af völdum flóðanna í ár verður meira en tjónið sem varð af jarðskjálftanum mikla þar í landi árið 2005.

Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, heimsótti flóðasvæðin á sunnudag og sagði þessi flóð ekki eiga sér fordæmi, þess vegna þurfi líka meiri aðstoð þangað en áður eru fordæmi fyrir.

Sameinuðu þjóðirnar óskuðu í síðustu viku eftir fjárframlögum upp á 459 milljónir dala, eða um 55 milljarða króna, til neyðarhjálpar. Stjórnvöld í Pakistan fullyrða að nú þegar hafi borist fé eða loforð um fé sem nemur 352 milljónum dala, jafngildi ríflega 42 milljarða króna.

Alþjóðabankinn sagðist í gær ætla að leyfa að 900 milljónir dala af þeim lánum, sem Pakistan hefur þegar fengið hjá bankanum, megi nota til hjálpar- og uppbyggingarstarfs í staðinn fyrir önnur verkefni í landinu, sem féð var ætlað til.

Samkvæmt tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu í gær hefur verið ákveðið að íslenska ríkið leggi 23 milljónir króna til neyðarastoðar í Pakistan. gudsteinn@frettabladid.is



**BÚSLÓÐINNI BJARGAÐ** Nærri 900 þúsund hús hafa gereyðilagst eða skemmst illa í flóðunum. NORDICPHOTOS/AFP

**Monsúnflóðin í Pakistan**




© Graphic News Heimild: Sameinuðu þjóðirnar

# RISA ÚTSALA REKKJUNNAR

# 30-70% AFSLÁTTUR!



**40% AFSLÁTTUR!**
**CORSICA PLUSH**
**KING KOIL HEILSURÚM**
(Queen Size 153x203)
Fullt verð 249.636 kr.
**NÚ 149.782 kr.**
**= 99.854 kr. AFSLÁTTUR!**

# 30% AFSLÁTTUR



**ERGOMOTION**
með þrýstijöfnunar-dýnum (2x80x203)
**FRÁ 352.589 kr.**

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fáanlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg þar sem í botninum eru 2 mótorar. Einn fyrir höfuðgafl og annar fyrir fótgafl.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hljóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- Fáanleg með öflugu nuddi, þremur mismunandi hraðastillingum og tímarofa.
- 20 ára ábyrgð á mótor og grind.
- Þráðlaus fjarstýring með útvarps-sendi svo ekki þarf að beina fjarstýringunni á móttakara.
- Rúmið fært niður í flata stöðu með einum takka.
- Þyngdarleysistakkinn (Zero G) færir rúmið í þyngdarleysisstöðuna. Njóttu þægindanna og upplifðu þyngdarleysistilfinninguna. Staðan hjálpar blóðrásinni og minnkar pressu á mjóbak og axlir.
- 4 gerðir af dýnum með mismunandi uppbyggingu. Þrýstijöfnunardýnur, Latextdýnur o.s.frv.

Argh! 180810

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16





Ungmennum á atvinnuleysisbótum komið fyrir í framhaldsskólum:

# 190 atvinnulausir fá skólavist

**MENNTUN** Ungmennum sem eru á atvinnuleysisskrá verður tryggð skólavist í framhaldsskólum í vetur. Um er að ræða 190 atvinnulaus ungmenni yfir átján ára aldri.

Ríkisstjórnin samþykkti tillögu um þetta og samstarf menntamála- og félagsmálaráðuneyta vegna þessa í gærmorgun. Verkefnið er framhald á verkefninu Ungt fólk til athafna, sem var hleypt af stokkunum í byrjun ársins.

Um 850 umsækjendur yfir 18 ára aldri hafa ekki fengið skólavist í framhaldsskólum landsins í haust. Af þeim eru 190 ungmenni á atvinnuleysisskrá. Flest þeirra höfðu sóst eftir því að komast inn á verknámsbrautir í skólunum. Áfram verður unnið að málefnum þeirra sem ekki eru á atvinnuleysisskrá.



**FRAMHALDSSKÓLAR** 190 ungmennum verður aðallega komið í nám á verknámsbrautum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra ætlar að beita sér fyrir því að fé verði veitt úr Atvinnuleysistryggingasjóði til þess að mæta viðbótarkostnaði vegna málsins. Menntamálaráðherra ætlar að stuðla að því að skólarnir bjóði námsúrræði fyrir þennan hóp, og verða gerðir samningar við Vinnumálastofnun vegna þess. - þeb

# Vill nýjan dómara í máli níumenninga

**Fyrirtaka í máli gegn níu manns sem ákærðir voru fyrir árás á Alþingi í búsáhaldabyltingunni var frestað. Ragnar Aðalsteinsson verjandi segir dómara hafa stimplað sekt á sakborninga sína, kallað til lögreglu og vill að hann víki.**

**DÓMSMÁL** Pétur Guðgeirsson héraðsdómari frestaði í gær fyrirtöku í máli níumenninganna svokölluðu eftir að Ragnar Aðalsteinsson lagði fram kröfu um að hann víki sæti sökum vanhæfis og að málinu verði vísað frá. Níumenningarnir voru kærðir fyrir árás á Alþingi og líkamstjón í búsáhaldabyltingunni í desember fyrir tveimur árum.

Ragnar Aðalsteinsson er verjandi fjögurra af sakborningunum níu. Við fyrirtökuna lagði hann fram ný viðbótargögn í málinu, svo sem afrit af tölvuskeytum frá því á mánudagskvöld, sem hann taldi sýna fram á að héraðsdómari og dómstjóri hafi unnið í sameiningu að því að kalla til lögreglu þegar málið hafi verið tekið fyrir í héraðsdómi. Skeytin voru frá lögreglustjóra höfuðborgarsvæðsins. Til viðbótar sagði Ragnar dómara hafa sett málið gegn níumenningunum á svið með þeim hætti að þeir beri ekki traust til dómsins. „Dómari stimplaði sök á sakborninga mína,“ sagði Ragnar er hann gagnrýndi hlutdrægni dómara í málinu. Sakborningar sýndu dómnum litla virðingu, voru með háðsglósur í garð dómara og saksóknara í málinu og frammíköll. Á meðan málið fór fram börðu þeir sem ekki fengu inngöngu í dómsal um tíma á hurðir og glugga.

Ragnari varð tíðrætt um veru lögreglunnar við Héraðsdóm Reykjavíkur, jafnt í gærmorgun og þegar málið hefur áður verið tekið fyrir. Hann taldi tíu lögreglumenn við héraðsdóm í gær.



**FYRIR UTAN HÉRAÐSDÓM** Á meðan málið fór fram í dómsal börðu þeir sem ekki fengu inngöngu um tíma á hurðir og glugga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nokkrir lögreglumenn voru í anddyri héraðsdóms áður en málið var tekið fyrir og höfðu þeir umsjón með að halda aftur af hópi fólks, sem safnast hafði saman fyrir framan dómhúsið, og sjá til þess ásamt starfsmanni héraðsdóms að þeir einir kæmust inn í húsið sem dómsalurinn gæti rúmað. Skömmu áður en málið var á dagskrá brutust út ólæti og háreysti í læstu anddyrinu þegar nokkrum sakborninga var meinaður inngangur í húsið.

Nokkrar stympingar urðu þegar lögregla rýmdi anddyri dómhússins eftir að málinu var frestað. Sjónarvottar segja að nokkrir sakborninga og fólk sem tengist þeim hafi neitað að verða við óskum lögreglu um útgöngu og var þeim ýtt út. Ragnari var fagnað með lófataki þegar hann yfirgaf dómhúsið en hreytt var ónotum í lögreglumenn. jonab@frettabladid.is

## Mál níumenninganna

Níumenningarnir voru á meðal þeirra þrjátíu manna sem hugðust fara á palla Alþingis í aðdraganda búsáhaldabyltingarinnar 8. desember 2008. Þingverðir hindruðu för fólksins og héldu því föstu í stigaganginum sem vísar upp á pallana. Tveir einstaklingar komust upp á palla og hrópuðu á þingheim að drulla sér úr húsi sem þjónaði ekki tilgangi sínum lengur. Eftir að lögreglumaður skarst í leikinn og kom mönnunum niður stigann skarst í odda. Fleiri lögreglumenn komu inn í húsið og handtóku sjö einstaklinga. Einn lögreglumaður var bitinn í handlegg og starfsmaður Alþingis meiddist á þumalfingri. Örorka hans af völdum líkamstjónsins hefur verið metin sjö prósent. Dómsmál gegn níu af þeim þrjátíu sem fóru inn í Alþingishúsið var þingfest 21. janúar en þeir eru, auk þess að vera kærðir fyrir líkamstjón, kærðir fyrir að brjóta gegn 100. grein almennra hegningarlaga. Þeir eiga yfir höfði sér eins til sextán ára fangelsisvist, verði þeir fundnir sekir.

Sigmundur tekur undir kröfu um fund með ráðherrum vegna Norðlingaveitu:

# Þarf að koma atvinnulífinu af stað

**ORKUMÁL** „Það er ekki síður þörf á raunsæi en rómantík,“ segir Sigmundur Ernir Rúnarsson, þingmaður Samfylkingarinnar, sem hefur tekið undir ósk þingmanna Sjálfstæðisflokks um að umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra komi á fund iðnaðarnefndar til að ræða áform ríkisstjórnarinnar um stækkun friðlands í Þjórsárverum. Þeirra áforma er getið í stjórnarsáttmálanum. Verði þau að veruleika yrðu hugmyndir um Norðlingaveitu úr sögunni, en veitan er einn þeirra kosta sem nú eru efstir á blaði til orkuöflunar, miðað við fyrirliggjandi hugmyndir um rammaáætlun um nýtingu og verndun vatnsafls og jarðvarma. Norðlingaveita er ekki ný virkjun heldur veita sem eykur framleiðslu virkjana í ofanverðri Þjórsá.



**SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON**

Sigmundur Ernir segist telja að þingnefndir eigi að vera virkari í störfum en þær hafa verið. Tilefni sé til að fá sérfræðinga á fund nefndarinnar, auk ráðherranna, til þess að ganga úr skugga um hvort stækkun friðlandsins þurfi að hafa áhrif á Norðlingaveitu. „Ég vil sjá það svart á hvítu,“ segir hann. „Á sama tíma og það er mikilvægt að vernda land í margvíslegum tilgangi þá þarf líka að hafa í huga að koma atvinnulífinu af stað.“

Iðnaðarnefnd fundar í dag. Skúli Helgason, formaður nefndarinnar, var erlendis í gær og ekki lá fyrir hvort málið yrði til meðferðar hjá nefndinni í dag. - pg

Sparidagar Ormsson í 10 ár

# SPARI DAGAR 2·0·1·0

**ENN BETRI VERÐ!**
**ENN BETRI TILBOÐ!**

## 20% afsláttur
af AEG þvottatækjum, kæliskápum, ofnum, helluborðum, gufugleypum og ryksugum ...

brabantia solid company

25% afsláttur

### Brabantia strauborð
Fallegt áklæði fylgir frítt með
**SPARIDAGAVERÐ: 11.900,-**

DRAUMARYKSUGAN ER FRÁ AEG
ÞÆR GERAST EKKI BETRI!
NÝ SENDING
FJÖLBREYTT ÚRVAL
20% afsláttur

Nintendo
STÓRKOSTLEGT LEIKJAÚRVAL
DS Lite

### DS Lite leikjatölva
LISTAVERÐ: 29.900,-
**SPARIDAGAVERÐ: 24.900,-**
*Ein allra vinsælasta leikjatölva heims*

SAMSUNG

### 32" LCD SJÓNVARP
HD Ready · 1366x768 · High Contrast
**SPARIDAGAVERÐ: 129.900,-**

SAMSUNG P-191

### DVD spilari
LISTAVERÐ: 16.900,- kr.
**SPARIDAGAVERÐ: 14.900,-**

## ÓDÝRT Á SPARIDÖGUM:

SCO-5002

### Eldsnöggur og hörkuflottur 5 lítra blástursofn
NÚTÍMA SPARNAÐARTÆKI VIÐ ELDAMENNSKUNA
20 - 30% fljótari en hefðbundinn ofn og eyðir 70 - 80% minni orku
**VERÐ: 15.900,-**

SBM-4705

### Brauðvél
750–900 gr
*Kanntu brauð að baka?*
Með Sinbo verður baksturinn leikandi léttur og ilmurinn af nýbökuðu brauðinu fyllir heimilið og kitlar bragðlaukana.
*Nútíma sparnaðartæki fyrir hvert heimili.*
**VERÐ: 15.900,-**

sinbo

### Örbylgjuofn
SMO-3620 S
Hvítur · 17 lítra
**VERÐ: 8.990,-**

brabantia

### 3 dósir í setti
KÁMFRÍTT
**SPARIDAGA VERÐ: 4.990,-**

### Brauðkassi
KÁMFRÍTT
**SPARIDAGAVERÐ: 6.990,-**

AEG
AEG LAVAMAT 62840

### AEG þvottavél
1200 snúninga · Tekur 6 kg· Öll hugsanleg þvottakerfi
LISTAVERÐ: 119.900,-
**SPARIDAGAVERÐ: 89.900,-**

AEG
LAVATHERM-T55460

### AEG þurrkari
Barkalaus með rakaskynjara · Taumagn: 6 kg
LISTAVERÐ: 119.900,-
**SPARIDAGAVERÐ: 89.900,-**

...og **20% afsláttur af AEG**
kaffivélum, brauðristum, straujárnum, handþeyturum, hraðsuðukönnum, matvinnsluvélum, hárblásurum, sléttujárnum, espressovélum

CASIO EX-FC100
9,1 milljón pxl
5x aðdráttarlinsa
(37-185mm)

### Stafræn myndavél
LISTAVERÐ: 57.900,-
**SPARIDAGAVERÐ: 39.900,-**

Solis
15% afsláttur
SAFAPRESSUR o.m.fl.

Tefal
20% afsláttur
FRÁBÆRIR POTTAR OG PÖNNUR
Margar stærðir og gerðir

Emile Henry
Flame
FRÁBÆR FRÖNSK LEIRVARA
25% afsláttur

Pioneer
PIONEER · DV-320

### Hágæða DVD–spilari
LISTAVERÐ: 19.900,-
**SPARIDAGAVERÐ: 14.450,-**

OLYMPUS T-100
Til í fjórum litum:
Svört, blá, rauð og silfur
12 milljón pixlar
3x aðdráttur,
linsa 36-180mm

### Stafræn myndavél
LISTAVERÐ: 19.900,-
**SPARIDAGAVERÐ: 15.900,-**

Pioneer
DCS-FS30
MÖGNUÐ STÆÐA
*Fyrir kröfuharða*

### Pioneer heimabíóstæða
LISTAVERÐ: 135.900,-
**SPARIDAGAVERÐ: 109.900,-**

SHARP
### Skólareiknivélar
25% afsláttur

KVIKA

## GÆÐI OG GOTT VERÐ FARA ALLTAF SAMAN HJÁ ORMSSON

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON AKRANESI SÍMI 431 3333 | ORMSSON ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON SELFOSSI SÍMI 4801160 |

Sparidagar Ormsson í 10 ár

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT! LÁGMÚLA 8 [Heimilistæki] · SÍÐUMÚLA 9 [Hljómtæki] · SÍMI 530 2800 · www.ormsson.is

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hvað heitir einn vinsælasti þáttur RÚV á Rás 1 sem sleginn hefur verið af?

2 Hvað hefur oft komið upp eldur í Hörpu það sem af er byggingartíma hússins?

3 Hvað heitir varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, sem boðað hefur afsögn sína?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

## ÍSAFJÖRÐUR

### Ætla að kortleggja lúpínu

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur ákveðið að veita 212 þúsund krónum til kortlagningar á lúpínu og kerfli á svæðum innan sveitarfélagsins. Stefnt er að því að hefja átak á næsta ári til að hefta útbreiðslu lúpínu og kerfils í landi sveitarfélagsins. Leitað verður eftir samvinnu við Vinnumálastofnun um að ráða til verksins fólk af atvinnuleysisskrá.

Nýjar mannfjöldatölur frá Hagstofu Íslands:

# Fækkað um 1.240 á einu ári

**SAMFÉLAGSMÁL** Landsmönnum fækkaði um 0,4 prósent frá 1. júlí í fyrra til 1. júlí í ár. Þeta er í fyrsta sinn sem landsmönnum fækkar á einu ári síðan árið 1888 þegar töluverður hópur Íslendinga fluttist vestur um haf til Ameríku. Þá fækkaði landsmönnum um 1.724 frá árinu 1887 eða um 2,4 prósent.

Landsmenn voru 318.006 1. júlí 2010 en voru 319.246 ári fyrr. Íbúum á landinu fækkaði því um 1.240 á einu ári. Þetta kemur fram í nýjum tölum frá Hagstofunni.

Íbúum fækkaði í öllum landshlutum nema Norðurlandi-eystra á tímabilinu. Þar fjölgaði íbúum um 103 eða 0,4 prósent. Mest var fækkunin á Suðurnesjum eða 1,6 prósent en á Suðurlandi og á Vestfjörðum fækkaði íbúum um 1,5 prósent.

Á höfuðborgarsvæðinu fækkaði íbúum um 248 milli ára eða 0,1 prósent. Þar búa nú 63,6 prósent þjóðarinnar. Í Reykjavík fækkaði íbúum um 533 og í Hafnarfirði um 172 en í Kópavogi fjölgaði íbúum um 151 milli ára.

Íslendingar eru vel í sveit settir hvað varðar heimildir um mannfjölda, en til þessara heimilda teljast manntöl og kirkjubækur, að því er fram kemur á vef Hagstofunnar. Þannig telst elsta íslenska manntalið, sem unnið var upp úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703, vera fyrsta heildarmanntalið í heiminum.

Fram til ársins 1888 var fólksfækkun síður en svo óalgeng á Íslandi og höfðu farsóttir, veðurfar og hamfarir mest um það að segja að ógleymdum Vesturferðunum á seinni hluta 19. aldar. - mþl

## Fólksfjölgun/fækkun




Unnið úr gögnum frá Data Market — Heimild: Hagstofan




**SAMKYNHNEIGÐIR Í KALIFORNÍU** Beðið eftir áfrýjunardómstól. NORDICPHOTOS/AFP

Meira hringl í Kaliforníu:

# Samkynhneigðir þurfa að bíða

**BANDARÍKIN, AP** Samkynhneigð pör í Kaliforníu, sem höfðu búið sig undir að ganga í hjónaband nú í vikunni, þurfa að bíða lengur.

Áfrýjunardómstóll, sem hefur fengið málið til meðferðar, gaf út bann við hjónaböndum samkynhneigðra þangað til úrskurður er fallinn. Dómari í Kaliforníu, Vaughn Walker, úrskurðaði í byrjun ágúst að bann við hjónaböndum samkynhneigðra, sem samþykkt var í almennri atkvæðagreiðslu, bryti í bága við stjórnarskrá Bandaríkjanna. Þeim dómi var áfrýjað, en jafnvel þótt áfrýjunardómstóllinn leyfi hjónaböndin gæti málið á endanum farið fyrir Hæstarétt landsins. - gb



Samingsfundur hjá LSS í dag:

# Meiri vilji til að semja en áður

**KJARAMÁL** Samningsfundur verður hjá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Launanefnd sveitarfélaga klukkan hálf tvö í dag. Þrjár verkfallslotur hafa gengið yfir hjá LSS í sumar og eftir þá síðustu er í gildi yfirvinnubann. Hefur það orðið til þess að flutningar milli spítala hafa stöðvast að mestu og aukið álag á einstaka sjúkrastofnanir.

Sverrir Björn Björnsson, formaður samninganefndar LSS, segir í samtali við Vísi að aukins samningsvilja hafi gætt á síðustu fundum. - sv

Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin taka höndum saman gegn fjármálahruni:

# Kemur í veg fyrir smitáhrif

**EFNAHAGSMÁL** Samningur gekk formlega í gildi í gær á milli Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna sem miðar að því að tryggja fjármálastöðugleika í löndunum öllum. Hann kveður á um sameiginleg viðbrögð ríkjanna allra gegn áfalli sem eitt þeirra verður fyrir og draga á úr hættunni á að fjármálakreppa breiði úr sér yfir landamæri. Ástand sem bundið er við einstakt ríki fellur ekki undir samkomulagið, líkt og segir í tilkynningu frá Seðlabanka Íslands. Undir samkomulagið undirrituðu fulltrúar fagráðuneyta, seðlabanka og fjármálaeftirlita landanna allra, þar á meðal Íslands.



BJÖRN RÚNAR GUÐMUNDSSON

Þetta er tímamótasamningur en með samkomulaginu er komið á fót í fyrsta sinn evrópskum samstarfshópi á grundvelli samkomulags landa sem aðild eiga að evrópska efnahagssvæðinu (EES).

Nefnd stjórnvalda um fjármálastöðugleika mun leggja sitt af mörkum til að uppfylla samstarfssamninginn. Nefndin, sem hefur verið til í ýmsum myndum síðastliðin fjögur ár, hefur ekki verið skipuð að fullu, að sögn Björns Rúnars Guðmundssonar, skrifstofustjóra í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu. Hann gegnir tímabundið formennsku í nefndinni. - jab



**LESIÐ ÚR KÓRANINUM Í MEKKA** Á meðan á Ramadan stendur fasta múslimar milli sólarupprásar og sólsetsurs og eru þar að auki hvattir til að lesa Kóraninn spjaldanna á milli.
NORDICPHOTOS/AFP



**Í REYKJAVÍKURMARAÞONI** Fleiri áheit hafa safnast nú en í fyrra og enn nokkrir dagar til stefnu þar til hlaupið fer fram. Myndin er tekin fyrir tveimur árum en þá söfnuðust tuttugu milljónir.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Íslandsbanki heitir á starfsfólk:

# Hafa safnað meiru en í fyrra

**FÉLAGSMÁL „Söfnun áheita fyrir góðgerðarfélög í tengslum við Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka hefur gengið vonum framar," segir í tilkynningu bankans.**

**Áheit á keppendur í gegnum vefinn www.hlaupastyrkur.is nema nú rúmlega 9,6 milljónum króna, sem er hærri upphæð en nemur heildaráheitum fyrir hlaupið í fyrra.**

**„Auk þess heitir Íslandsbanki á þá starfsmenn sína sem keppa í hlaupinu og nemur sú fjárhæð um 1,5 milljónum króna sem renna mun til góðgerðarfélaga."**

**Hlaupið verður næsta laugardag, 21. ágúst. Skráningarfrestur rennur út á föstudag.** - óká

New York hefur slegið í gegn:

# Farþegum IE fjölgar um 35%

**SAMGÖNGUR** Farþegar Iceland Express voru tæplega áttatíu þúsund í júlí síðastliðnum, að því er fram kemur í tilkynningu félagsins. „Það er 35 prósenta fjölgun frá sama tíma í fyrra," segir þar.

Þá munu fleiri farþegar hafa ferðast með félaginu það sem af er ágústmánuði, en á sama tíma í fyrra. „Farþegum félagsins fjölgaði á flesta áfangastaði," segir í tilkynningunni. „Þá hefur New York slegið í gegn sem áfangastaður, enda hefur félagið ákveðið að fljúga þangað allan ársins hring." - óká

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Innbrot í líkamsræktarstöð

Brotist var inn í líkamsræktarstöð í austurhluta Reykjavíkur í fyrrinótt. Að sögn lögreglu virðist engu hafa verið stolið en þjófarnir voru búnir að taka nokkra verðmæta hluti til þegar styggð kom að þeim og þeir létu sig hverfa út í myrkrið. Að öðru leyti var nóttin róleg hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.


*Ávöxtun* viðbótar-lífeyrissparnaðar *Arion banka*

*Hafðu samband*
sími 444 7000 × arionbanki.is

## Lífeyrisauki

Nafnávöxtun *30.06.2009 - 30.06.2010*




## Vista

Nafnávöxtun *30.06.2009 - 30.06.2010*




Lífeyrisauki og Vista henta þeim sem vilja leggja fyrir í viðbótarlífeyrissparnað og nýta sér þannig mótframlag launagreiðanda.

Rétthafar í Vista og Lífeyrisauka eru samtals um 70 þúsund og stærð sjóðanna er ríflega 40 milljarðar kr.

*5 ára* meðalnafnávöxtun




*5 ára* meðalnafnávöxtun




Myndin sýnir 5 ára meðalnafnávöxtun á tímabilinu 30. júní 2005 til 30. júní 2010 en ávöxtunin er mismunandi á milli ára. Frekari upplýsingar um ávöxtun hvers árs má nálgast á arionbanki.is/lifeyrir

Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um ávöxtun í framtíð.

Leitaðu til okkar þegar kemur að lífeyrissparnaði. Hafðu samband við Lífeyrisþjónustu Arion banka Borgartúni 19, í síma 444 7000, sendu tölvupóst á lifeyristhjonusta@arionbanki.is eða komdu við í næsta útibúi Arion banka.

Arion banki



**TVÍRADDA SÖNGVARI** Hudson Prananjaya heitir þessi söngvari sem kom fram í hæfileikakeppni á Indónesíu, klæddur í kvenmannsföt öðrum megin en karlmannsföt hinum megin og söng bæði sópran og barítón. NORDICPHOTOS/AFP

Ríkið borgar það sem út af stendur af siglingum Herjólfs til Vestmannaeyja allt til 1. september 2011:

# Eimskip getur ekki tapað á siglingunum

**SAMGÖNGUR** Samkvæmt „opinni bók", samkomulagi Eimskips og ríkisins sem gildir til 1. september á næsta ári, greiðir Vegagerðin mismun gjalda og tekna af siglingum Herjólfs til Eyja.

Þetta þýðir að ríkið greiðir það sem Eimskip vantar upp á til að reksturinn standi á núlli. Eimskip fær fasta summu í þóknun og getur því ekki tapað á framtakinu.

Þetta staðfestir Kristín H. Sigurbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Vegagerðinni.

Áður greiddi Vegagerðin ákveðið verð fyrir hverja ferð, samkvæmt útboði. En siglingar á nýju leiðinni voru ekki boðnar út.

„Það hefði verið erfitt að bjóða þetta út, því við höfum ekki reynslu af nýju leiðinni. Eimskip var með samning um að sigla til Þorlákshafnar og það var ákveðið að semja svona frekar en að fara að semja í óvissu og fá eitthvert rugltilboð," segir Kristín.

Þar sem farið var að nýta nýju höfnina áður en gamli samningurinn við Eimskip rann út hefði hugsanlega þurft að kaupa skipafélagið út úr honum með tilheyrandi kostnaði.



**KRISTÍN H. SIGURBJÖRNSDÓTTIR**

Kristín segir þó að með þessari tilhögun sé ekki verið að afhenda Eimskipafélaginu opið tékkhefti.

„Við munum auðvitað ekki samþykkja hvað sem er. Það er búið að setja niður ramma sem við miðum við og er negldur niður á fasta liði. Ef sú áætlun fer úr böndunum þá getum við rakið hvers vegna það er. En stærsti óvissuþátturinn er tekjumyndunin, það er að segja hversu margir koma til með að nýta sér þjónustuna," segir hún.

Eins og komið hefur fram í blaðinu gæti svo farið að ríkið hagnist á nýja fyrirkomulaginu. Nú þegar hafa fleiri siglt með Herjólfi frá Landeyjahöfn en gert var ráð fyrir. - kóþ

Bólusetning hefst næsta vor:

# Útboð vegna bólusetningar við eyrnabólgu

**HEILBRIGÐISMÁL** Stefnt er að því að útboð vegna bólusetningar allra ungbarna gegn pneumókokkasýkingum verði auglýst ekki síðar en 29. ágúst næstkomandi. Heilbrigðisráðuneytið áformar að hefja bólusetningarnar 1. apríl á næsta ári.

Ráðgert er að að öll börn sem fæðast árið 2011 verði bólusett.

Áætlaður kostnaður vegna bólusetninganna er á bilinu 100 til 140 milljónir króna á ári.

Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra segir að við bólusetningu af þessu tagi dragi strax úr eyrnabólgum og notkun sýklalyfja minnki. Helmingur af sýklalyfjanotkun á Íslandi sé af völdum eyrnabólgu. - jss

Forsætisráðherra Ástralíu vill stofna lýðveldi:

# Elísabet verði síðasta drottning Ástrala

**ÁSTRALÍA, AP** Julia Gillard, forsætisráðherra Ástralíu, vill slíta tengslin við breska konungdæmið þegar Elísabet drottning verður öll.

Gillard er leiðtogi Verkamannaflokksins, sem lengi hefur verið þeirrar skoðunar að Ástralía eigi að gerast lýðveldi og losa sig við öll tengsl við breska konungsveldið.

Tony Abbott, leiðtogi Frjálslynda flokksins, sem er í stjórnarandstöðu, segist hins vegar ekki sjá neina ástæðu til að breyta því fyrirkomulagi.

Gengið verður til þingkosninga í Ástralíu á laugardaginn kemur. Samkvæmt skoðanakönnunum verður mjótt á munum milli stóru flokkanna tveggja.



**ELÍSABET Í ÁSTRALÍU** Kom þangað síðast 2006. NORDICPHOTOS/AFP

Elísabet drottning er 84 ára og móðir hennar náði 101 árs aldri. - gb



**TF-GNÁ Á LEIÐ Í ÚTKALL UM HÁDEGI Í GÆR** Ekki er vitað til þess að svo mörg útköll hafi borist Landhelgisgæslunni á einum degi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fjögur útköll á 15 tímum

**Óvenjumikið annríki hjá þyrlu Landhelgisgæslu. Ræsa þurfti út bakvakt til að sinna störfum. Hver flugtími þyrlunnar kostar um 400 þúsund krónur.**

**BJÖRGUN** Mikið annríki var hjá Landhelgisgæslunni aðfaranótt þriðjudags og fram undir hádegi, en TF-LÍF, þyrla Landhelgisgæslunnar, var kölluð út fjórum sinnum á rúmum hálfum sólarhring.

Fyrst var óskað eftir þyrlunni klukkan 19 á mánudagskvöld. Var það vegna sjómanns með bólgur í munnholi um borð í norskum togara um 175 sjómílur norðvestur af Reykjavík. Lenti þyrlan með sjúklinginn á Reykjavíkurflugvelli um klukkan 22.30. Rétt um það leyti hafði Landhelgisgæslunni borist tvær tilkynningar til viðbótar. Önnur var vegna manns sem hafði fengið heilablóðfall í Öræfum og hin síðari vegna sjómanns sem slasaðist um borð í fiskibáti við Grímsey.

Þyrlan fór í loftið 23.45 á mánudagskvöldið til að fara í Öræfin og lenti með sjúklinginn við Landspítalann um hálf þrjú. Tæpri klukkustund síðar var flogið til Grímseyjar, þar sem var mikil þoka og lélegt skyggni. Flugtíminn var lengri en áætlað var vegna ísingar og lent var í eynni um klukkan fimm. Lent var við Borgarspítalann rétt fyrir klukkan sjö á þriðjudagsmorgun. Um leið og björgunarsveitarmenn komu úr þriðja útkallinu fóru þeir í hvíld, sem gerði það að verkum að þegar fjórða útkallið kom, klukkan 11.51 á þriðjudag, þurfti að kalla út bakvakt og ræsa einn mann úr fríi til að sinna björgunarstarfi.

Sú tilkynning barst frá Eldhrauni þar sem kona hafði hlotið höfuðmeiðsl við hellaskoðun. Í þessu fjórða útkalli á skömmum tíma var TF-GNÁ notuð og lagði hún af stað klukkan 12.26 og flaug með konuna á Landspítalann.

Hrafnhildur Brynja Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar, segist ekki vita til þess að svona mörg útköll hafi borist á svo skömmum tíma. „Það þurfti aðeins að taka á honum stóra sínum," segir hún.

Hrafnhildur segir að hver flugtími þyrlunnar kosti í kringum 400 þúsund krónur. „TF-LÍF er að fara á staði þar sem enginn annar kemst. Út á sjó, upp á hálendi, nær hvernig sem veðrið er," segir Hrafnhildur. „Þetta eru mikilvæg björgunartæki sem auðvitað kostar gríðarlega mikið að halda við. Búnaðurinn er viðkvæmur og því krefst hann mikils og nákvæms viðhalds. Þetta er hluti af því að reka björgunarstarfsemi."

sunna@frettabladid.is

### Óvenjumörg útköll

**19.00** TF-LÍF fer til hjálpar sjómanni með bólgur í munnholi í norskum togara um 175 sjómílur norðvestur af Reykjavík.

**23.30** Lendir með sjúklinginn á Reykjavíkurflugvelli.

**23.45** Þyrlan heldur í Öræfin til að ná í mann sem fengið hafði heilablóðfall.

**02.30** Lendir með sjúklinginn á Landspítalanum.

**03.30** Flogið til Grímseyjar til að sækja mann sem hafði slasast um borð í fiskibát.

**07.00** Lent var á Borgarspítalanum rétt fyrir 7 á þriðjudagsmorgun.

**12.26** TF-GNÁ heldur í Eldhraun til að ná í konu sem slasaðist við hellaskoðun.

**14.17** Lendir á Borgarspítalanum.




FJÁRFESTING SEM
STEINLIGGUR

Veldu hellur með graníthörku frá Steypustöðinni.

• Graníthellur • Lengri ending • Góð vörn gegn nagladekkjum
• Falleg áferð • Betri fjárfesting

CE
Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

Hjá Steypustöðinni getur þú fengið aðstoð landslagshönnuða við að skipuleggja garðinn þinn. Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 400.

STEYPUSTÖÐIN
STERKARI LAUSNIR

HRINGHELLU 2, 221 HAFNARFJÖRÐUR | HRÍSMÝRI 8, 800 SELFOSS | MALARHÖFÐA 10, 110 REYKJAVÍK | SÍMI 4 400 400, WWW.STEYPUSTODIN.IS

StSt_100426-005

Ungur maður handtekinn:

# Grunur um íkveikju í bílum

**LÖGREGLUMÁL Ungur maður er í haldi lögreglunnar á Siglufirði grunaður um að hafa kveikt í tveimur bílum í bænum.**

**Maðurinn var handtekinn í annarlegu ástandi aðfaranótt þriðjudags, að því er fram kemur á nordurlandid.is. Kveikt var í bíl við Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar þá um nóttina. Um síðustu helgi var einnig kveikt í bíl í bænum.**

**Rannsóknarlögreglumenn frá Akureyri voru væntanlegir til bæjarins til að rannsaka íkveikjurnar í gær.** - þeb

Betri kjara krafist fyrir utan Stjórnarráðið:

# „Erum öll Helga Björk"

**MÓTMÆLI** Bágum kjörum og niðurskurði hins opinbera við ellilífeyrisþega og öryrkja síðustu ár var mótmælt fyrir utan Stjórnarráðið í gærmorgun, eða um það leyti sem fyrirtöku í máli gegn níumenningunum svokölluðu var frestað handan við götuna í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Mótmælendur hengdu kröfur sínar og mótmælaplögg á snæri sem bundið var utan um fæturna á styttuna af Hannesi Hafstein og spiluðu ómstrítt á flautur ásamt því að berja á potta, dreifa brauði bæði á grasið framan við Stjórnarráðið og þak hússins með það fyrir augum að laða að máva og aðra sjófugla. Hluti sakborninga í hópi níumenninganna og aðstandendur þeirra tóku þátt í mótmælunum.

Fundur ríkisstjórnarinnar stóð yfir á sama tíma í Stjórnarráðinu.

„Við heitum öll Helga Björk," sagði einn mótmælenda sem fór fyrir hópnum. Aðrir kynntu sig með sama nafni, jafnt konur sem karlar. Mótmælin voru stuðningur við Helgu Björk Magnúsdóttur Grétudóttur, sem krafði ríkisstjórnina um aukinn stuðning við sömu hópa fyrir viku. Lögreglumenn fjarlægðu hana af vettvangi að ósk aðstoðarmanns forsætisráðherra. Mótmælunum lauk í kringum hádegisbil án afskipta starfsmanna Stjórnarráðsins. - jab




**SKRAUTLEG MÓTMÆLI** Vinir Helgu Bjarkar Magnúsardóttur Grétudóttur mótmæltu með skrautlegum hætti fyrir utan Stjórnarráðið í gær og dreifðu brauði með það fyrir augum að laða að sjófugla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LEIKFANG** Innköllunin á bara við um dúkkur með beygjanlegt mitti sem eru eins og sú á myndinni.

Brugðist við köfnunarhættu:

# Innkalla Little People-dúkku

**NEYTENDAMÁL** Neytendastofa vekur athygli á innköllun leikfangs frá Fisher-Price. Fram kemur á vef stofnunarinnar að um sé að ræða dúkku sem fylgir leikfangasettinu Little People – Play ´n Go Campsite og ber þar nafnið Sonya Lee.

„Ástæða innköllunarinnar er hætta á að dúkkan geti brotnað í tvennt og að þá verði smáhlutur laus sem getur valdið köfnun hjá ungum börnum," segir á vefnum.

Bent er á að á vef Mattel (www.mattel.com) megi finna upplýsingar um öll önnur leikföng sem innkölluð hafa verið. - óká

BSRB vill nýta auðar íbúðir:

# Lag að efla og styrkja leigumarkaðinn

**HÚSNÆÐISMÁL Nauðsynlegt er að almennur leigumarkaður hér á landi verði efldur að mati BSRB.**

**„Bandalagið hefur komið þeim athugasemdum sínum á framfæri við félags- og tryggingamálanefnd Alþingis í umsögn við frumvap til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál. Bandalagið styður eindregið framgang frumvarpsins og gerir engar efnislegar athugasemdir við það," segir í frétt á síðu BSRB.**

**Þar er rifjuð upp ályktun frá síðasta þingi bandalagsins þar sem bent var á að nú væri lag að nýta auðar íbúðir á höfuðborgarsvæðinu, sem væru um tvö þúsund talsins.** - sbt

Mikið um þjófnaði:

# Háþrýstidælu stolið úr bílskúr

**LÖGREGLUMÁL** Mikið var um þjófnaði á Akranesi í síðustu viku.

Farið var inn í tvær bifreiðar og var lausamunum stolið úr þeim báðum. Farið var inn í bíl ungrar konu á meðan hún fór inn í kirkju, að því er fram kemur á vefnum Skessuhorn.is. Veski var stolið úr bílnum og voru meðal annars 25 þúsund krónur í veskinu.

Nokkrum reiðhjólum var einnig stolið á Akranesi, meðal annars við innbrot í bílskúr þar sem háþrýstidælu var líka stolið. Þá var maður handtekinn þegar hann reyndi að selja stolna kerru. - þeb

*Hafðu samband*
sími 444 7000 ✱ frjalsilif.is



*„Frjálsi lífeyrissjóðurinn hlaut árið 2009 alþjóðleg verðlaun sem besti lífeyrissjóður á Íslandi"*

# *Ávöxtun* Frjálsa lífeyrissjóðsins

Nafnávöxtun *30.06.2009–30.06.2010* *5 ára* meðalnafnávöxtun




*Stofnaður 1. janúar 2008.

Myndin sýnir 5 ára meðalnafnávöxtun á tímabilinu 30. júní 2005 til 30. júní 2010 en ávöxtunin er mismunandi á milli ára. Frekari upplýsingar um ávöxtun hvers árs má nálgast á frjalsilif.is

Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um ávöxtun í framtíð.

FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hentar þeim sem hafa frjálst val um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða skyldulífeyrissparnað sinn og er opinn öllum sem leggja fyrir í viðbótarlífeyrissparnað.

Sjóðfélagar í Frjálsa lífeyrissjóðnum eru um 40 þúsund og stærð sjóðsins er um 83 milljarðar króna.

Hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum er mikil áhersla lögð á gagnsæi. Þú getur nálgast ítarlegar upplýsingar um eignir sjóðsins á vefnum frjalsilif.is

**Leitaðu til okkar þegar kemur að lífeyrissparnaði**
Hafðu samband við **Lífeyrisþjónustu Arion banka** Borgartúni 19, í síma 444 7000, sendu tölvupóst á lifeyristhjonusta@arionbanki.is eða komdu við í næsta útibú.

Arion banki

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Lögreglan brást rétt við ummælum yfirmanns kynferðisbrotadeildar.

# Gömlu viðhorfi úthýst

Umdeild ummæli Björgvins Björgvinssonar, fyrrverandi yfirmanns kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í viðtali í DV komu á óvart, ekki sízt í ljósi þess að Björgvin átti sem yfirmaður kynferðisbrotadeildarinnar sinn þátt í að rannsóknir lögreglunnar á kynferðisbrotum hafa orðið faglegri og fórnarlömbunum er sýnd meiri virðing og nærgætni en algengt var áður.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Nú hafa bæði Björgvin og lögregluembættið brugðizt rétt við; yfirmaðurinn bað um flutning úr starfi yfirmanns kynferðisbrotadeildarinnar. Hann og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafa beðizt afsökunar á ummælunum og ítrekað að þau „endurspegli á engan hátt afstöðu eða viðhorf embættisins til kynferðisbrota eða fórnarlamba slíkra brota“.

Í umræðum manna á meðal hefur borið á þeim rökum, að ekki sé hægt að gagnrýna lögreglumanninn fyrir að hvetja fólk til að gæta að sér og verða ekki bjargarlaust vegna áfengis- og fíkniefnavímu. Þetta sé aðeins heilbrigð skynsemi.

Þetta er rétt, en þá er litið framhjá því sem Björgvin Björgvinsson sagði í framhaldinu: „Oftar en ekki eru þessi mál [nauðgunarmál og önnur kynferðisbrot] tengd mikilli áfengisnotkun og ekki á ábyrgð neins nema viðkomandi sem er útsettur fyrir því að lenda í einhverjum vandræðum. Það er erfitt hvað það er algengt að fólk bendir alltaf á einhverja aðra og reynir að koma ábyrgðinni yfir á þá. Fólk ætti kannski að líta oftar í eigin barm og bera ábyrgð á sjálfu sér.“

Það eru þessi ummæli, sem eru afar óheppileg úr munni manns, sem á að stjórna rannsóknum á kynferðisbrotum. Þau hvetja tæplega fórnarlömb nauðgunar til að kæra glæpinn.

Að sjálfsögðu eiga allir að bera ábyrgð á sjálfum sér og það er satt og rétt, að ofurölvi einstaklingur er alltaf í hættu að verða sjálfum sér og öðrum til skaða. Fólk þarf að gæta bæði að eigin virðingu og öryggi þegar það fær sér í glas. En það tekur að sjálfsögðu ekki ábyrgðina af þeim, sem notfæra sér ástand fólks í áfengis- eða fíkniefnadái til að fremja kynferðisglæp. Ekkert réttlætir slíkan verknað.

Það hefur verið býsna algengt viðhorf að fórnarlömb nauðgunar ættu sjálf einhverja sök á glæpnum. Konur hafa verið sagðar klæða sig þannig að það byði hættunni heim, hafa daðrað við ofbeldismennina, verið of drukknar og þar fram eftir götum. Þetta viðhorf hefur stuðlað að því að koma inn sektarkennd hjá fórnarlömbunum og dregið úr mörgum kjarkinn að kæra ofbeldismennina. Þessir fordómar hafa hins vegar verið á undanhaldi, jafnt innan lögreglunnar sem annars staðar.

Ummæli lögreglumannsins voru óheppileg, en gáfu lögreglunni jafnframt ágætt tækifæri til að segja skýrt og skorinort að þetta gamla viðhorf eigi ekki lengur rétt á sér.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

RE/MAX® LIND

Þórarinn Jónsson hdl.
*Löggiltur fasteigna- og skipasali*
Fasteignamiðlun Kópavogs ehf.
Bæjarlind 12 // S: 520 9500

**Viltu vita hvers virði fyrirtækið þitt er?**

Fyrirtækjaþjónusta Remax verðmetur fyrirtækið þitt og gefur þér nákvæma skýrslu um verðmæti þess hvort sem þú hefur hug á að selja reksturinn eða ekki.



Hafðu samband
**Vésteinn Gauti Hauksson**
*Fyrirtækjaráðgjöf*
661 4080 / 510 7919
vesteinn@remax.is



Þórarinn Jónsson hdl.
Lögg. Fasteignasali

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekkert til að gleðjast yfir

Mörður Árnason þingmaður er eins og fleiri ósáttur við þá ákvörðun Ríkisútvarpsins að taka þáttinn Orð skulu standa af dagskránni í vetur. Hann stingur meira að segja upp á því að í stað þess að hætta við þáttinn verði hætt við að gera þætti um áttatíu ára afmæli stofnunarinnar og þættir frá síðasta stórafmæli verði endurfluttir. Það sé engin ástæða til að gleðjast yfir síðustu tíu árum – þrátt fyrir Orð skulu standa og þrátt fyrir að Mörður hafi setið í útvarpsráði stofnunarinnar lengi vel.



### Málefnalega umræðan?

Guðmundur Andri Thorsson skrifaði grein um Evrópumálin á Íslandi í Fréttablaðið á mánudag þar sem hann sagði meðal annars að óskandi væri að hægt væri að ræða málið án þess að fólk vísaði fram flokksskírteinum. Hann óskaði jafnframt eftir málefnalegri umræðu. Þetta tóku bæði Evrópusamtökin, sem eru fylgjandi aðild, og Evrópuvaktin, sem er andsnúin aðild, upp á vefsíðum sínum.



Evrópusamtökin vitnuðu reyndar aðeins beint í greinina, enda greinin þeim að skapi. Á Evrópuvaktinni var greint frá sérstökum vinskap Guðmundar Andra við Samfylkinguna, og óskir hans um umræðu án flokksskírteina þannig virt að vettugi.

thorunn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Landnám ESB?

Evrópumál



Baldur Þórhallsson
prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands

Evrópuandstæðingar láta að því liggja að ESB framfylgi útþenslustefnu. Þetta er ekki einungis alrangt heldur byggir á grundvallarmisskilningi á eðli og tilgangi Evrópusamvinnunnar. Fernt skiptir hér mestu.

Í fyrsta lagi þá hefur í samvinnu þjóðríkjanna innan ESB frá upphafi frekar verið horft inn á við en út á við enda til sambandsins stofnað til að stuðla að betri kjörum og velferð íbúa aðildarríkjanna. Uppbygging hins sameiginlega innri markaðar hefur haft forgang. Ríkin hafa einnig brugðist við nýjum straumum og stefnum í Evrópu til dæmis með því að vinna sameiginlega að umhverfis- og náttúruvernd, bæta stöðu launafólks á sameiginlegum vinnumarkaði og styrkja menningu og menntun.

Í öðru lagi hafa flest aðildarríki sambandsins og þar af leiðandi sambandið sjálft verið frekar treg til að veita nýjum ríkjum inngöngu. Það tók Bretland, Danmörku og Írland tólf ár að fá aðild að sambandinu. Ríki ESB tóku Grikki, Spánverja og Portúgala upp á arma sína, frekar nauðug en viljug, eftir að einræðisstjórnir innan þessara ríkja hrökkluðust frá völdum. Nýfrjáls ríki Mið- og Austur-Evrópu knúðu strax dyra og ríki ESB sáu sér ekki annað fært en að veita þeim inngöngu, fimmtán árum eftir fall múrsins, í nafni lýðræðis og bættra kjara þessara nánu nágranna.

Í þriðja lagi byggir hugmyndin að Evrópusamvinnunni á vilja ríkjanna sjálfra til að vinna saman. Það er hverri þjóð í sjálfsvald sett hvort hún tekur þátt eða ekki. Til að fá inngöngu þurfa ríki að byggja á grunngildum Evrópuhugsjónarinnar, þ.e. friðsamlegum samskiptum, lýðræði, mannréttindum, frjálsu markaðshagkerfi og skilvirkri og gegnsærri stjórnsýslu. Það er ekki sjálfgefið að fá inngöngu.

Í fjórða lagi, þegar ríki gengur í sambandið heldur það að sjálfsögðu áfram, rétt eins og áður, að vinna að hagsmunum sínum. Aðildarríki ESB ráða för. Þau taka sameiginlega ákvarðanir sem síðan er framfylgt af sambandinu. Í þessu samhengi má benda á þá mikilvægu staðreynd að Ísland á í aðildarviðræðum við tuttugu og sjö ríki sambandsins. Hvert og eitt þeirra hefur neitunarvald í viðræðunum. Þetta sýnir styrk þjóðríkjanna. Þau hafa flest hver takmarkaðan áhuga á inngöngu nýrra ríkja þar sem þau horfa fyrst og fremst á eigin hagmuni innan sambandsins. Svo mun einnig verða um Ísland fái það inngöngu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Framhaldsskólarnir

Í DAG



Aðalheiður Steingrímsdóttir
formaður Félags framhaldsskólakennara

Þann 13. ágúst sl. skrifaði Oddný Harðardóttir formaður menntamálanefndar Alþingis grein á pressan.is með heitinu „Endurskipulagning í menntakerfinu“. Þar fjallar formaðurinn m.a. um aðferðir við niðurskurð á fjárveitingum til framhaldsskólanna í tengslum við fjárlagagerðina fyrir árið 2011 og um stefnumótun til framtíðar fyrir skólastigið. Í greininni rifjar formaðurinn upp tillögur Samtaka atvinnulífsins um breytingar í framhaldsskólakerfinu frá því fyrr í sumar sem hún segist aðhyllast.

**Aðferðir við niðurskurð fyrir árið 2011**

Við innritun í framhaldsskólana hafa ólögráða nemendur og fatlaðir haft forgang bæði vegna ákvæða framhaldsskólalaganna en líka vegna niðurskurðar á fjárframlögum 2009 og 2010 til skólanna sem hefur komið fram í því að eldri nemendur hafa mætt afgangi við innritun. Þannig þurfti að synja tæplega 500 nemendum um skólavist í janúar á þessu ári vegna niðurskurðar. Ekki er vitað hvernig eldri nemendum reiddi af í innritun í sumar fyrir næsta skólaár en metaðsókn var að framhaldsskólunum.

Formaðurinn vill að framhaldsskólarnir séu opnir öllum þeim sem þangað vilja sækja sem er mikilvægt menntapólitískt markmið og leggur til að fjármunir til þessa verði sóttir með því að minnka þjónustu við nemendur í bóklegum greinum og fækka kennslustundum á viku úr sex í fimm. Fjöldi kennslustunda í hægferðaráföngum, fornáms- og byrjunaráföngum og starfsnámi geti verið óbreyttur. Formaðurinn segir þessa sparnaðaraðferð ekki skaða nemendur en rökstyður það ekki. Sú skoðun er í besta falli byggð á óskhyggju en ekki á faglegum rannsóknum. Fækkun kennslustunda felur ennfremur í sér beint inngrip í kjarasamninga framhaldsskólakennara sem er andstætt forsendum stöðugleikasáttamála alls vinnumarkaðar, ríkis og sveitarfélaga frá júní 2009 sem kennarar eru aðilar að. Inngrip í kjarasamninga er ávísun á ófrið í skólunum sem við þurfum ekki á að halda núna.

**Þrengingar í framhaldsskólum**

Niðurskurður á fjárveitingum til framhaldsskóla hefur valdið miklu bakslagi í getu þeirra til að halda uppi lögbundnu skólastarfi og eru þeir nú verr staddir en fyrir setningu framhaldsskólalaganna vorið 2008. Upplýsingar sýna að dregið hefur úr ýmiss konar aðstoð og stuðningi við nemendur og einnig hefur mikill niðurskurður orðið á námsframboði. Námshópar fara stækkandi sem felur í sér minni tíma til að sinna hverjum nemanda enda finna kennarar fyrir auknu starfsálagi og streitu eins og nýleg rannsókn sýnir. Skólarnir hafa þó reynt eftir bestu getu að halda uppi ráðgjöf og stoðþjónustu við nemendur og að bregðast við ákvæðum framhaldsskólalaganna um fræðsluskyldu ólögráða nemenda.

Fyrr í sumar samþykkti Alþingi breytingar á framhaldsskólalögunum sem fresta fullri gildistöku þeirra til ársins 2015. Sú samþykkt endurspeglar að ekki eru til fjármunir til að framkvæma mikilvæg umbótaákvæði laganna sem miða að því að gera framhaldsskólann raunverulega fyrir alla og að fjölga þeim sem útskrifast með lokapróf úr framhaldsskóla.

**Stefnumótun til framtíðar**

Sem stefnumótun til framtíðar fyrir framhaldsskólastigið vill formaðurinn stytta námstíma til stúdentsprófs í þrjú ár og tínir til athugasemdir úr tillögum SA: Ísland skeri sig frá nágrannalöndunum með sitt námsskipulag, minna brotthvarf verði frá námi, hærra menntunarstig náist og sparnaður verði til lengri tíma. Stytting námstíma ein og sér er hvorki menntastefna né forgangsmál í íslenskum skólamálum og óvíst er hvort styttingu fylgir án annarra ráðstafana minna brotthvarf frá námi eða að hærra menntunarstig náist. Í þessari sýn á skólamál sem er upphaflega komin frá spekingum Viðskiptaráðs var einblínt á einhliða inngrip í lengd námstíma til stúdentsprófs sem aðferð til að breyta námi og námskipulagi í framhaldsskólum. Þessi skerðing á námi var rædd á sínum tíma en vegin og léttvæg fundin með góðum rökum. Ég vona Samfylkingarinnar vegna að þar hafi raunverulega allt daður og dufl við frjálshyggju og hægri-kratisma verið lagt niður. Miklu frekar þarf að horfa á námstíma nemenda frá upphafi skólagöngu til lokaprófs úr framhaldsskóla enda eru slíkar hugmyndir taldar álitlegastar af fagfólki. Tveir framhaldsskólar, Kvennaskólinn í Reykjavík og Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ, starfa nú sem tilraunaskólar um þróun nýrra framhaldsskólalaga með áherslu á nánari tengsl skólastiganna og sveigjanlegan námstíma til lokaprófs.

Mikilvægast fyrir framhaldsskólann er að gerð verði áætlun til framtíðar fyrir skólastigið um endurheimt þess sem tekið hefur verið brott vegna niðurskurðar og vegna frestunar á umbótaáformum framhaldsskólalaganna. Hér er m.a. átt við aðgerðir til að auka tengsl skólastiganna, lögbundna og aukna ábyrgð stjórnvalda á skólagöngu nemenda, aðgerðir til að auka fjölbreytni náms og námsframboðs, ráðstafanir til þess að fjölga þeim sem útskrifast með lokapróf og aðgerðir til að auka velferð nemenda og bæta þjónustu við þá – ekki síst við þá sem standa höllum fæti.

Núna þarf fyrst og fremst að verja skólagöngu og námsvist ungmenna á framhaldsskólaaldri fyrir frekari áföllum en orðin eru. Við það mun reyna á hina margumtöluðu forgangsröðun í ríkisfjármálunum.

## AF NETINU

### Til sóma

Björgvin Björgvinsson hefur vikið úr stöðu yfirmanns kynferðisbrotadeildar lögreglunnar.
Ekki veit ég hvort hann komst einn og sjálfur að þeirri niðurstöðu að hann ætti að víkja, eða hvort yfirmenn hans og jafnvel okkar ágæti dómsmálaráðherra þurftu að hjálpa honum til að taka þá ákvörðun.

Hvort heldur er, þá er það til sóma.

Yfirlýsingar Björgvins í DV í gær voru þess eðlis að það var einfaldlega ólíðandi að maður í nákvæmlega hans stöðu setti þær fram.

dv.is/blogg/tresmidja
**Illugi Jökulsson**

### Fjölgun í stóriðjulausum fjórðungi

Nú er mikið sífrað um það að aðeins stóriðja á Bakka geti „bjargað“ Norðurlandi eystra frá hruni.
Þvert ofan í það er það eini fjórðungurinn þar sem fólki fjölgar á sama tíma og fækkar á Austurlandi.

Fækkunina þar er ekki lengur hægt að skýra með því að virkjanaframkvæmdir hafi hætt.

Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað eru meðal skuldugustu svæða landsins og auðar íbúðir þar samsvara því að 11000 íbúðir stæðu auðar á Reykjavíkursvæðinu.

Íbúar á Djúpavogi segja nú að þeim hafi verið sagt, að ekki væri hægt að fá betri veg yfir Öxi nema stóriðjan kæmi. Nú segjast þeir hafa verið sviknir um þetta.

omarragnarsson.blog.is
**Ómar Ragnarsson**

Nám í viðurkenndum tölvuskóla - skráðu þig núna:

Tölvunám sem gefur þér forskot



Almennt tölvunám
Morgun- eða síðdegisnám
Frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt nám um allt það helsta sem gert er með tölvum. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, PowerPoint, tölvupóstur og Internetið. Gagnleg verkefni leyst sem nýtast heima og í vinnu.
Verð: 74.900 Stundir/einingar: 90/4



Tölvunám fyrir 50+
Dag-, síðdegis eða kvöldnám
Skemmtilegt nám, miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu, sem hentar jafnt þeim sem hafa stigið sín fyrstu skref og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, Internetið, tölvupóstur og stafræn ljósmyndun.
Verð: 64.900 Stundir/einingar: 72/3



Vefsíðugerð - grunnur
Dag- eða síðdegisnám
Bókaðu þig núna á skemmtilegt nám um vefsíðugerð og lærðu grunnatriði vefsíðugerðar með DreamWeaver og Photoshop. Námið er tveir áfangar og er hægt að taka hvorn áfanga sér og bæta við sig öðrum áföngum til að dýpka þekkinguna á vefsíðugerð.
Verð: 54.900 Stundir/einingar: 54/2



Hagnýtt bókhaldsnám
Morgun- eða kvöldnám
Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað er öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Hefðbundið bókhald og tölvubókhald kennt af frábærum kennurum.
Verð: 109.900 Stundir/einingar: 94/4



Stafræn ljósmyndun
Dag-, síðdegis eða kvöldnám
Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa á geisladisk til eignar eða gjafa og senda með tölvupósti, allt með Picasa.
Verð: 16.900 Stundir: 13




Visual C# .NET forritun
Kvöldnám
Frábært nám fyrir þá sem vilja læra vinsælasta forritunarmálið. Hnitmiðað og yfirgripsmikið nám sem undirbýr þig fyrir krefjandi starf við forritunarverkefni og alþjóðlega próftöku í forritun. ASP vefforitun er hluti af náminu en hægt er að sækja eingöngu ASP vefforitun.
Verð: 169.900 Stundir/einingar: 94/4



Hagnýt verkefnastjórnun
Dagnám
Nám fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á nútíma verkefnastjórnun og ná hámarksárangri. Námsgreinar: Undirstaða nútímaverkefnastjórnunar, aðferðarfræði við undirbúning, áætlun og stjórnun. Notkun hugarkorta, Excel, Project og Outlook við verkefnastjórnun.
Verð: 99.900 Stundir/einingar: 50/2



Vefhönnun og margmiðlun
Síðdegisnám
Spennandi og skemmtilegt nám sem gefur þér það sem þú þarft til að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík. Námsgreinar: Hönnun vefja, HTML, DreamWeaver, Photoshop I og II, Flash og Action Script í Flash. Námið er 5 áfangar og er hægt að taka einstaka áfanga.
Verð: 129.900 Stundir/einingar: 108/5



Hagnýtt bókhaldsnám II
Morgun- eða kvöldnám
Framhaldsnámskeið í bókhaldi fyrir þá sem vilja ná dýpri skilningi á flóknari færslum fjárhagsbókhalds og nýta sér betur sérkerfi til að vinna upplýsingar úr þeim og geta gengið frá sundurliðinum til skattauppgjörs og ársreikningagerðar endurskoðanda.
Verð: 79.900 Stundir/einingar: 60/3



Tölvu- og bókhaldsnám
Morgunnám
Einstakt nám þar sem þú færð góðan undirbúning fyrir starf á skrifstofu eða í eigin rekstri. Námsgreinar: Upplýsingatækni, fingrasetning, Word, Excel, PowerPoint, Outlook, Internetið, bókhald, tölvubókhald og verslunarreikningur. Viðurkennd evrópsk próf, ECDL, innifalin.
Verð: 189.900 Stundir/einingar: 260/13

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur atvinnulausum og til félaga í VR, Eflingu, SFR og mörgum öðrum félögum
- 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Vinnumálastofnun styður atvinnulausa til náms hjá okkur skv. reglum stofnunarinnar.
- Mjög hagstæð lán og greiðsluskilmálar.

Einka- og hópkennsla
Fáðu einkakennslu til að ná betri tökum á tölvunni og þeim forritum sem þú notar.
Hagstætt verð fyrir hópa á sérnámskeið.

*Þetta er aðeins brot af þeim vönduðu námskeiðum sem eru í boði hjá TV, sem hefur verið í fremstu röð frá 1986.*
*Skoðaðu nánar á www.tv.is*

Viðurkenndur tölvu- og viðskiptaskóli á framhaldsskólastigi. Ráðgjafastofa
Grensásvegi 16 | 108 Reykjavík | Sími: 520 9000 | Fax: 520 9009 | tv@tv.is

www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

# Íslenskt mál og íslensk fyndni

**Íslenska**




**Tryggvi Gíslason**
fyrrverandi skólameistari


Ánægjulegt er þegar einhver skrifar um íslenskt mál og veltir fyrir sér stöðu tungumálsins og þróun þess, jafnvel þótt skoðanirnar, sem fram koma, séu skrýtnar, en tungan er dýrmætasta eign þjóðarinnar auk landsins og sögu þjóðarinnar. Davíð Þór Jónsson hefur nú skrifað tvær greinar í Fréttablaðið um „norðlenska flámælið". Skrif hans eru skrýtin og jafnvel skemmtileg, enda hefur hann vafalaust ætlað sér að vera fyndinn og skemmtilegur eins og hann er vanur.

Mönnum er nokkur vandi á höndum þegar skera skal úr um rétt mál og rangt, enda skiptar skoðanir um, hvernig standa skal að málrækt. Sumir æringjar ganga svo langt að segja að allt sé rétt mál sem skilst. Frjálshyggjumenn í málfarsefnum telja þýðingarlaust að reyna að hafa áhrif á „þróun" tungunnar – markaðurinn sjái um það. Svo er hópur íhaldsmanna sem engu vill breyta. Flestir málfræðingar miða dóma sína hins vegar við, að orð, beygingar, setningaskipan – og framburður séu í samræmi við reglur málsins, málfræðina, svo og málvenjur sem skapast hafa í tímans straumi. Það er fræðilegur grundvöllur málverndar og málræktar.

En málvöndun hefur orðið að láta undan síga síðustu áratugi. Ástæður eru margar. Nefni ég þrennt. Í fyrsta lagi aukin erlend áhrif þegar sífellt fleiri erlend orð eru notuð í daglegu tali sem sumum þykir bera vitni um lærdóm og víðsýni. Í öðru lagi veldur miklu ófullnægjandi menntun kennara og áhugaleysi háskóla og opinberra stofnana eins og Ríkisútvarpsins og Þjóðleikhússins. Er áberandi þekkingarleysi margra, sem nota málið á opinberum vettvangi, afsprengi þessa. Í þriðja lagi virðist áhugi málsmetandi manna minni á málvernd og málrækt og sumt ungt fólk vandar lítið mál sitt – og er þar um að ræða tískufyrirbæri: það er töff að sletta.

Enda þótt málvöndun hafi orðið að láta undan síga hefur íslensk tunga aldrei staðið sterkar sem lifandi þjóðtunga en nú. Staðhæfingu mína reisi ég á þeirri staðreynd, að undanfarna áratugi hefur verið ritað um fleiri þekkingarsvið á íslensku en áður. Skáldsagnagerð, leikritun, ljóðagerð og önnur orðlist stendur með miklum blóma. Nýmæli hafa komið fram í ljóðagerð og vísnasöng svo og í auglýsingagerð þar sem frumleiki hefur auðgað tunguna með orðaleikjum sem áður voru óþekktir í málinu. Vandaðar bækur um fjölbreytt efni eru gefnar út og nýyrðasmíð er enn öflug.

En nú virðist sem sagt hilla undir breytingar. Afleiðingarnar eru að málið breytist hratt. Áherslur eru að breytast, bæði í orðum og setningum, brottfall í áherslulausum atkvæðum er áberandi [fosstráðherrann, hljósstinn] – og hljóðrof og tafs er orðið algengt – og þykir fínt.

En svo ég víki aftur að upphafinu. Davíð Þór skipar sér með skrifum sínum í þann hóp manna sem hæðist að málvernd og málrækt og snýr hlutunum á haus. Ég nefni þrennt. Í fyrsta lagi notar hann orðið flámæli um breytingar á samhljóðum. Orðið hefur hins vegar verið notað um breytingar á sérhljóðum, þ.e.a.s. þegar sérhljóð verða opnari eða falla saman. Frændur mínir á Mjóafirði sögðu skEr bæði um mjólkurmatinn skyr og steina og björg, sker, sem stóðu upp úr sjónum og fyrir austan var lengi spElað á spEl.

Í öðru lagi virðist Davíð Þór telja raddaðan harðhljóðsframburð aðskota í málinu. Raddaður harðhljóðsframburður er hins vegar upphaflegur, barst til landsins með máli landsnámsmanna, norskunni, en íslenska er upphaflega mál norskra innflytjenda eins og menn þekkja. Í þriðja lagi er íslensk stafsetning ekki framburðarstafsetning og hefur aldrei verið. Réttmæti raddaða harðhljóðsframburðarins ræðst því ekki af stafsetningu, eins og Davíð Þór telur, heldur af því að sá framburður er upphaflegri en sunnlenska linmælið, s.s. gaDa.

Vonandi verða skrif Davíðs Þórs til þess að vekja til umhugsunar um þróun íslenskrar tungu og grundvöll málverndar og málræktar, enda þótt skrifin séu gerð af strákskap og tilgerðu þekkingarleysi sem einkennir suma íslenska fyndni.






**AF NETINU**

## Laskað fley

Fley ríkisstjórnarinnar er mikið laskað þegar Alþingi kemur saman nú til funda í byrjun september. Það er ekki nóg með að stjórnin sé með allt niður um sig í smærri og stærri málum. Uppákomur sumarsins hafa stórskaðað svo stjórnina, að trúverðugleiki hennar er enginn.

Þetta sér auðvitað hvert mannsbarn og varla verður öðru trúað lengur en að ráðherrar og þingmenn hennar geri sér grein fyrir þessari stöðu. Kokhreysti þeirra og tilburðir til annars, verða bara að skoðast sem innantóm mannalæti. Þær eru að verða svo margar uppákomurnar í stjórnarsamstarfinu að ein kaffærir alltaf aðra, þegar þær dúkka upp.

ekg.blog.is
**Einar K. Guðfinnsson**


Söngskólinn í Reykjavík

INNTÖKUPRÓF í allar deildir skólans fara fram föstudaginn 27. ágúst

- **Unglingadeild stúlkna** *yngri 11-13 / eldri 14-15*
- **Ungmennadeild** *piltar til 15 ára aldurs*
- **Almenn tónlistardeild** *Grunn-/Mið-/Framhaldsnám*
- **Háskóladeild** *Einsöngs-/Söngkennaranám*

• www.songskolinn.is
Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans að Snorrabraut 54, sími 552-7366 kl. 10-16 alla virka daga


# Landeyjahöfn og jólasveinninn

**Landeyjarhöfn**




**Einar Gunnar Birgisson**
rithöfundur


Mikil fagnaðarlæti hafa verið vegna Landeyjahafnar en ég ætla að leyfa mér að gerast veisluspillir. Loftmyndir sýna að þetta hafnarmannvirki er byggt á sandi í bókstaflegri merkingu. Landeyjahöfn er góðærisverkefni og verður dýrt spaug fyrir skattgreiðendur. Fjórir milljarðar þegar farnir í verkefnið og það er væntanlega bara byrjunin. Það þarf að moka 30 þúsund tonnum af sandi árlega úr höfninni sem hlýtur að kosta stórfé. Síðan eru nauðsynlegar vegabætur sem þarf að ráðast í og gerð aðstöðu fyrir smábáta. Viðhald og endurbætur ýmis konar bæta við reikninginn og hér er enn ein höfnin sem ríkissjóður þarf að halda við og reka. Svo hlýtur að vera mikið sandfok þarna við vissar aðstæður sem gæti skemmt bíla.

Jarðgöng hefðu verið enn vitlausari kostur, svona eins og að bora jarðgöng í gegnum Eyjafjallajökul. Árna Johnsen hefur verið þökkuð framkvæmdin og skýrir það margt. Kannski að Árni sé ekki það sem flestir halda og ekki má segja, heldur misskilinn snillingur með góða dómgreind. Eyjarskeggjar eru jú stórhuga fólk og til að mynda skuldar einn eyjarskeggja um 50 milljarða sem hann getur auðvitað aldrei borgað til baka, en lifir samt kóngalífi og geri aðrir betur.

Samgönguráðherra mætti í veisluna í Landeyjahöfn í hlutverki jólasveinsins og lofaði nýrri ferju. Hann ætlar að skipa starfshóp sem mun komast að þeirri fyrirfram gefnu niðurstöðu að brýn nauðsyn sé á nýrri og flottri ferju og mun rökin ekki skorta. Þetta lá í orðum jólasveinsins. Ekki veit ég þó hvaða alvarlegu vankantar eru á núverandi ferju eða hvaða jólasveinn gaf grænt ljós á Landeyjahöfn. Við höfum talsmann neytenda en hvað með að setja á laggirnar embætti talsmanns skattborgaranna! Hann gæti þá gripið til varna þegar stjórnmálamenn bregða sér í hlutverk jólasveinsins, en það er nú alltaf þægilegt að vera örlátur á annarra fé.

Ef ég þyrfti að fara oft á milli höfuðborgarsvæðisins og eyja þá sé ég nú ekki kostinn við Landeyjahöfn. Það er tæplega einnar klukkustunda þægilegur akstur til Þorlákshafnar í litlili umferð, en að keyra austur í Landeyjar er annað mál og yfir Hellisheiðina að fara og um alla Kambana og mikill umferðarþungi almennt á þjóðveginum austur í Landeyjar. Það er um 4 klukkustunda þreytandi akstur til höfuðborgarsvæðisins og til baka og fjarlægðin er samtals um 270 kílómetrar. Ef Þrengslin eru farin þá er vegalengdin samtals um 290 kílómetrar. Það eru ekki nema um 50 kílómetrar á milli Reykjavíkur og Þorlákshafnar og akstur því samtals um 100 kílómetrar.

Ég myndi hiklaust velja Þorlákshöfn sem ferjustað og slaka svo á um borð í ferjunni. Að hafa ferjustaðinn í Landeyjahöfn er gott fyrir suma en ekki aðra og ég held að margir eyjarskeggjar gætu verið mér sammála. Ég held að það renni tvær grímur á marga eyjarskeggja þegar þeir þurfa að keyra í 4 klukkustundir til að komast til höfuðborgarsvæðisins og til baka. Mig grunar að endirinn á málinu verði sá að ferjan muni fara jafnoft til Þorlákshafnar eins og til Landeyja. Fyrir Árna Johnsen er Landeyjahöfn þó góður kostur því hann er greinilega æviráðinn þingmaður og getur heilsað upp á atkvæðin sín á milli Landeyja og Reykjavíkur.

# Venesúela, Kúba… Ísland?

**Stjórnmál**




**Guðlaugur Þór Þórðarson**
alþingismaður


Grein mín á Pressunni sem bar heitið Venesúela og Kúba fór fyrir brjóstið blaðamanninum Magnúsi Þorláki Lúðvíkssyni og gerði hann hana að umtalsefni á síðum blaðsins í dálknum Frá degi til dags. Í greininni rakti ég ýmislegt sem ríkisstjórnin hefur gert sem er þess eðlis að ætti frekar heima í erlendum fréttum frá þessum löndum heldur en sem fréttir frá Íslandi.

Blaðamaðurinn tilgreindi eitt dæmi sem ég nefndi sem gæti að hans áliti alls ekki átt við Venesúelu og Kúbu en það er þegar íslenski utanríkisráðherrann gekk í að kenna stækkunarstjóra ESB Evrópufræði, þegar hinn síðarnefndi benti Íslendingum á að þeir gætu ekki fengið varanlegar undanþágur frá lögum ESB.

Utanríkisráðherrann okkar fór yfir það með stækkunarstjóranum, þetta væri tóm vitleysa hjá honum. Hann sjálfur vissi betur. Það sem meira var, þetta þótti ekki fréttnæmt hjá íslenskum fjölmiðlum! Það er umhugsunarefni. Er það ekki frétt að stækkunarstjóri ESB veit ekki meira um stækkunarferli ESB en raun ber vitni? Þetta á ekki einungis við stækkunarstjórann heldur alla þá forystumenn sem hafa tjáð sig um þessi mál! Fréttin hlýtur að vera að við Íslendingar, stjórnmálamenn, fræðimenn og fjölmiðlafólk vitum betur en þetta fólk.

Á Kúbu og Venesúela eru fjölmiðlar og háskólasamfélagið nátengd stjórnvöldum og halda að almenningi upplýsingum sem er stjórnvöldum þóknanleg. Ef einhverjir, t.d. útlendingar koma fram með sín sjónarmið sem ekki eru í anda rétttrúnaðarins þá mun enginn samsinna því þvert á móti eru viðkomandi viðhorf eða staðreyndir afgreidd eins og hver önnur þvæla.

Í þessum ríkjum eru fræðimenn á beinu framfæri stjórnvalda og fá dúsur eftir því hversu mikið þeir mæra viðkomandi stjórnvöld. Stjórnvöld, fjölmiðlar og fræðimenn halda því samviskusamlega rétttrúnaðinum að almenningi.

Getur verið að þetta eigi við Ísland?

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn áskilur sér rétt til leiðréttinga hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



**KRAMHÚSIÐ** býður upp á ýmis námskeið fyrir börn frá þriggja ára aldri og unglinga. Meðal þess sem hefur verið vinsælt í Kramhúsinu eru breikdansnámskeið.






White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki

12 kg
Þvottavél og þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

friendtex

ÚTSÖLULOK
AÐEINS 3 DAGAR EFTIR

2 fyrir 1 af öllum jökkum
2 fyrir 1 af öllum peysum
2 fyrir 1 af öllum buxum
2 fyrir 1 af öllum kjólum
2 fyrir 1 af öllum vestum
2 fyrir 1 af öllum bolum
2 fyrir 1 af öllum skóm.

Opið mánud. – föstud.
frá kl 11 – 18
Lokað á laugardögum
50% 40%

Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is




Hálfdán var ekki nema rétt rúma 12 tíma að synda 3,8 kílómetra, hjóla 180 kílómetra og hlaupa 42,2 kílómetra. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Voða fátt sem stoppar mig

**Hálfdán Freyr Örnólfsson kom heim í gær frá Kaupmannahöfn þar sem hann keppti í Ironman um helgina. Hann var himinlifandi yfir árangrinum og útilokar ekki að hann takist á við eitthvað svipað síðar.**

„Ironman er 3,8 kílómetra sund, 180 kílómetra hjól og svo hlaupum við 42,2 kílómetra,“ segir Hálfdán Freyr Örnólfsson rafvirki, sem var að koma frá Kaupmannahöfn þar sem hann keppti í Ironman um helgina.

Hálfdán segist hafa tekið ákvörðunina um að taka þátt í keppninni í desember. „Frændi minn plataði frænku mína til að taka þátt með sér og þegar ég vissi að þau ætluðu bæði gat ég eiginlega ekki annað en tekið áskoruninni líka.“

Þau þrjú settu sér strax það markmið að klára keppnina þó að þau hefðu einungis átta mánuði til þess að undirbúa sig. „Ég hef kennt þolfimi í Hress í Hafnarfirði, það er svona minn grunnur og svo hef ég farið í sund. Við æfðum mjög mikið saman en við vorum með svipaðan bakgrunn, hvorki búin að hjóla svo mikið né hlaupa. Ég þurfti minna að spá í sundið en flestir þurfa að leggja áherslu á það. Við vorum með eina til tvær æfingar á dag fram á vor, þá voru nánast alltaf tvær æfingar á virkum dögum og allt upp í sjö, átta tíma æfingar á laugardögum og þriggja til fjögurra á sunnudögum.“

Keppnin sjálf fór fram á sunnudaginn síðasta og var Hálfdán mjög ánægður með árangurinn. „Mér gekk alveg fáránlega vel, ég var á rétt rúmlega tólf tímum með þetta. Frænka mín kom svo aðeins seinna en frændi minn eyðilagði dekk og þurfti að hætta keppni, þannig að hann heltist úr lestinni. Keppnin fór þannig fram að við byrjuðum á að synda í svona lóni og það var bara tekinn hringur þar. Svo hjóluðum við upp í sveit og tókum tvo hringi þar og loks hlupum við með strandlengjunni þrjár umferðir áður en við komum í mark.“

Hálfdán segist bara vera alveg í skýjunum með að hafa lokið keppninni. „Það var bara eitthvað sem sagði mér að ég gæti þetta. Þetta náttúrulega er svolítið meira en meðaljón ætti að hugsa sér að geta gert en það er allt hægt ef við viljum það. Ég veit ekki hvað ég geri næst. Ætli ég byrji ekki bara á að slaka á og einbeita mér að einhverju öðru en ég væri alveg til í að takast á við eitthvað þessu líkt aftur. Ég er opinn fyrir nýjum áskorunum og fyrst ég gat þetta held ég að það sé voða fátt sem stoppar mig.“

*emilia@frettabladid.is*


Gallapils á 5.900 kr.



Langerma viscose bolur
**Verð 2.900 kr.** - fleiri litir

Leggings - 7/8 lengd - viscose
Litur; svart og hvítt. **Verð 1.990 kr.**

Kíkið á heimasíðuna okkar **www.rita.is**

Rita
Bæjarlind 6 - Eddufelli 2
Sími 554-7030 Sími 557-1730
www.rita.is

Mundu eftir að finna
besta verðið
áður en þú lætur þjónusta bílinn þinn!





Smurþjónusta
Dekk
Perur
Rafgeymar
Bremsuklossar
Alþrif & teflon
Rúðuþurrkur
Sækjum & skilum

Allt á einum stað!

BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins

Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

**FERÐALÖG** getur verið gaman að skipuleggja með góðum fyrirvara. Þeir sem komust ekki út í sumar geta alveg farið að skipuleggja næsta sumar, velja áfangastað og leggja fyrir.












Björn H. Reynisson, verkefnastjóri hjá Íslandsstofu, segir mikil tækifæri felast í fuglaskoðunarferðum hérlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Íslenskir fuglar vinsælir

**Áhugi á fuglaskoðunarferðum frá útlöndum eykst jafnt og þétt en miklir möguleikar felast á því sviði hérlendis. Tíu íslenskir ferðaþjónustuaðilar sækja stærstu fuglaskoðunarsýningu Evrópu um helgina.**

„Fólk á Íslandi er að opna augun fyrir fuglaskoðunarferðum enda mikill markaður fyrir þessu úti,“ segir Hrafn Svavarsson, formaður samtaka um fuglatengda ferðaþjónustu. „Áhuginn erlendis frá á fuglaskoðunarferðum er alltaf að aukast. Við erum samt bara nýbyrjuð að vinna markvisst að því að kynna Ísland sem áfangastað til fuglaskoðunar.“

Tíu íslensk fyrirtæki taka þátt í stærstu sýningu fyrir fuglatengda ferðaþjónustu í Evrópu, Birdfair, sem rúmlega 23 þúsund manns sækja. Sýningin er haldin í Rutland í Englandi og hefst á föstudag og stendur fram á sunnudag. Ísland tekur þátt í sýningunni í annað sinn en sendi á síðasta ári í fyrsta skipti fyrirtæki á hana. „Við fundum fyrir því á sýningunni að það var mjög mikill áhugi fyrir Íslandi til staðar. Mjög margir sem ræddu við okkur sögðust hafa komið og ætla að koma aftur.“



Björn H. Reynisson, verkefnastjóri hjá Íslandsstofu, sem unnið hefur að því að byggja upp ferðatengda þjónustu við fuglaskoðara, segir mikil tækifæri felast í fuglaskoðunarferðum. „Skemmtilegasti tíminn í fuglaskoðun á Íslandi er frá miðjum apríl fram í miðjan júní. Ef við næðum að byggja þann tíma upp erum við að lengja ferðatímann á Íslandi.“

Björn segir fuglaskoðunarferðir vinsælar víða um heim og að í Bandaríkjunum einum fara yfir tuttugu milljónir manna í fuglaskoðunarferðir árlega. Að hans sögn fjölgaði ferðamönnum sem skoðuðu fugla á ferð sinni til Íslands úr 48 þúsund árið 1998 upp í 105 þúsund árið 2008. „Þannig að það eru stórir hópar í heiminum sem fara í svona ferðir. Þetta er eldra fólk og áhugaverður markhópur. Það er engin spurning að það er fullt af tækifærum.“

Hrafn tekur við og segir að Ísland verði paradísareyja fyrir fuglaáhugamenn á sumrin. „Það koma hingað langt utan af hafi milljónir sjófugla frá lok apríl og út maí. Þeir koma hingað til að verpa. Svo erum við með fuglategundir sem finnast hvergi annars staðar í Evrópu,“ segir Hrafn og telur til dæmis upp straumönd, húsönd, stuttnefju og himbrima. „Íslenska fuglalífið einkennist af norðlægum tegundum sem eru ekkert mikið sunnar í Evrópu.“ *martaf@frettabladid.is*





Íslenska liðið sem fór að kynna sér keppnina: Arnar Freyr, Andrés Gunnarsson, Helgi Þór Ingason og Stuart Maxwell.
MYND/ÚR EINKASAFNI

# Fór á keppni í hönnun og smíði kappakstursbíla

**Verkfræðineminn Arnar Freyr Lárusson fór til Englands nýlega að fylgjast með keppninni Formula Student þar sem lið frá tækniháskólum úr ýmsum heimshornum reyndu kappakstursbíla úr eigin smiðju.**

„Þarna voru verkfræðinemar frá 23 löndum samankomnir, á þriðja þúsund talsins og allir snillingar. Þeir voru að sýna bíla sem þeir höfðu sjálfir hannað og framleitt og voru auðvitað stoltir af. Keppnin var haldin á Silverstone-kappakstursbrautinni, í nágrenni London, þar sem enska Grand Prix-keppnin er haldin og margar gamlar kempur úr þeim heimi voru að skoða bílana. Seinni nóttina af tveimur sem við Íslendingarnir gistum í ferðinni vorum við á tjaldstæði með nemendunum og þar var þvílík stemning. Liðin voru með samkomutjöld, allir á röltinu á milli og mikið spjall í gangi á ótal tungumálum.“

Þannig lýsir Arnar Freyr Lárusson upplifun sinni af Formula Student-keppninni en hann er upphafsmaður að því að Háskóli Íslands tekur þátt í keppninni á næsta ári. Því fór hann þangað nú í sumar ásamt rafmagnsverkfræðinemanum Andrési Gunnarssyni, Helga Þór Ingasyni, dósent í véla- og iðnaðarverkfræði við HÍ, og Stuart Maxwell, fulltrúa keppninnar hér á landi.


„Það var þvílík stemning. Liðin með samkomutjöld, allir á röltinu á milli og mikið spjall í gangi á ótal tungumálum,“ segir Arnar Freyr sem er nýkominn af Formula Student. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Arnar Freyr er búinn með tvö ár í verkfræðideild HÍ og sérgreinin er vélaverkfræði. Eitt ár er eftir í BS-gráðuna. Það ár ætlar hann meðal annars að nota til að smíða kappakstursbíl ásamt fleirum úr deildinni. „Ég hef verið að undirbúa þetta í ár og hvetja fólk til að taka þátt,“ lýsir hann. „Við erum 25 núna sem erum komin á blað en sú tala á eflaust eftir að breytast.“

Arnar segir keppt í flokki bensínbíla og rafmagnsbíla í Formula Student og HÍ verði með rafmagnsbíl. „Við erum byrjuð að hanna og pæla í kerfunum sem síðan verða sett saman í einn bíl. Þetta er mikil þróunarvinna og allt verður að hanna innan ákveðinna skorða. Allar teikningar þurfa að vera til staðar þegar við kynnum bílinn og við verðum að sýna fram á þreytuþol ákveðinna hluta út frá tölvuprófunum. Mörg lið fá ekki að keppa því þau standast ekki öryggiskröfur.“

Formula Student-keppnin byrjaði í Bandaríkjunum á áttunda áratugnum og hefur þróast í að verða alþjóðleg að sögn Arnars Freys. „Við förum til Englands aftur,“ segir hann. „Það er ofskráning í þessa keppni en við fengum að fara fremst í röðina.“

*gun@frettabladid.is*

# Þúfnagangur á sauðskinnsskóm með þjóðlegt nesti

**Frá bænum Stóru-Tjörnum í Ljósavatnsskarði er boðið upp á svokallaðan þúfnagang sem eru gönguferðir upp að Níphólstjörn sem er fyrir ofan bæinn. Þátttakendur ganga á sauðskinnsskóm og hafa með sér nesti í mal.**


Laufey Skúladóttir ásamt göngugörpum í þúfnagangi á sauðskinnsskóm.
MYND/JÓNAS REYNIR HELGASON

Hugmyndina að þúfnagöngu á sauðskinnsskóm eiga þær systur Laufey, Kristjana og Halldóra Skúladætur frá Stóru-Tjörnum í Ljósavatnsskarði en þær hafa saumað yfir þrjátíu pör af sauðskinnsskóm í ýmsum stærðum.

„Við höfum farið nokkrar kynningargöngur í sumar og svo nokkrar alvöru sem hafa tekist mjög vel,“ segir Laufey. „Það kemur í ljós að það er ekki erfitt að ganga á þessum skóm heldur bara skemmtileg upplifun og fólk er mjög ánægt með ferðirnar.“

Gangan tekur um tvo tíma, áð er á leiðinni og borðað þjóðlegt nesti svo sem flatbrauð með silungi, soðið brauð, hangikjöt og ástarpungar sem göngufólk ber í mal á bakinu. Laufey segir að gönguferðunum verði haldið áfram fram á haustið eftir veðri en ekki sé gott að ganga á skinnskónum í blautu. Á döfinni eru berjatínsluferðir og einnig geta skólar bókað styttri ferðir fyrir skólakrakka. Næsta sumar verður svo farið á fullt fyrir alvöru.

„Við saumum í allan vetur til að eiga nóg af skópörum fyrir næsta sumar,“ segir Laufey en þær systurnar eru einnig með heimasíðu í smíðum kringum þúfnaganginn sem fer í loftið á næstunni. Þangað til geta áhugasamir skráð sig í göngurnar með því að hringja í Stóru-Tjarnir í síma 464 3327.

*- rat*


Ferðafélag Akureyrar stendur fyrir skemmtilegri göngu um helgina.

# Sex tinda ganga

**Tvær gönguferðir verða farnar um næstu helgi á vegum Ferðafélags Akureyrar. Gengið verður á Kaldbak og Skersgnípu og Hreppsendasúlur undir fararstjórn.**

Sex tinda ferð verður farin á Kaldbak og Skersgnípu, laugardaginn 21. ágúst næstkomandi. Gengið verður upp með Grenjárgili og hefðbundna leið upp Kaldbak. Þaðan verður ferðinni heitið norður, komið við á Útburðarskálahnjúki, ónefndum tindi, Svínárhnjúki, Þernu og Skersgnípu. Þá liggur leiðin niður Ausugil að Látraströnd en alls er leiðin um 25 kílómetra löng og hentar vönu göngufólki og lausu við lofthræðslu.

Hreppsendasúlur verða gengnar sunnudaginn 22. ágúst og lagt á fjallið vestan við neyðarskýlið á Lágheiði. Gengið upp á súlurnar þaðan sem útsýni er til allra átta. Sama leið er gengin til baka og er þessi ganga við hæfi flestra.

Fararstjórar í göngunum verða Friðfinnur Gísli Skúlason og Gunnar Halldórsson en nánari upplýsingar um verð og tímasetningar er að finna á heimasíðu ferðafélagsins, www.ffa.is.

ATH – NÝJA VARAN STREYMIR INN – SAMA GÓÐA VERÐIÐ


teg. MAJA - glæsilegar blúndubuxur í stærðum S,M,L,XL á kr. 2.990,-


teg. NELA - mjög flottar í stærðum S,M,L,XL á kr. 2.990,-


teg. SARA - virkilega góðar í stærðum S,M,L,XL á kr. 2.990,-

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366.
Opið mán.-fös. 10-18,
Lokað á laugardögum í sumar
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA
AÐEINS ÞRJÚ VERÐ Í BÚÐINNI
50–70% AFSLÁTTUR
1.990 • 3.990 • 4.990
NÝ SENDING AF SKOKKUM BEINT Á ÚTSÖLUNA
MINDX
Sími 534 0073
Erum með opið á lau. kl. 11–16
Við erum á fyrstu hæðinni í Firði.
FJÖRÐUR
www.fjordur.is



**ENSKUNÁMSKEIÐ** fyrir börn niður í 5 ára eru í boði bæði hjá Mími-símenntun og Fullorðinsfræðslunni. Upplýsingar á mimir.is og namskeid.is.


Netverslun Leikfangaland.is
Sendum um land allt
Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu
leikfangaland.is S. 587 3215 leikfangaland@simnet.is



Vorum að taka upp sendingu frá minymo® Frábær verð
Velkomin á laugaveg 25





Laugavegur 25 • Sími 533-5500
Opið Mán-Fös frá 11.00 - 18.00 Lau frá 10.00 - 16.00
Í grænni lautu




Heba Soffía Björnsdóttir og tíkin Freyja á Hafnarfjalli. Hún gekk tæplega sjö mánaða upp á fjallstoppinn og var kölluð Hafnarfjall af samferðafólki sínu þann afreksdag. Í baksýn er Borgarnes. MYND/ÞORKELL ÞORKELSSON

# Ævintýri Sögu og Jökuls

**Það er skemmtileg tilbreyting að leyfa börnum að ráða för þegar lagt er af stað í ferðalag um landið, og nú geta þau vísað veginn með spennandi ævintýrakorti sem lóðsar fjölskylduna um einstakt Vesturland.**

„Okkur fannst að betur þyrfti að huga að börnum á ferðalögum um landið, því þau verða oft útundan þegar fjölskyldan ferðast saman. Ef börn eiga að ferðast um landið þvert og endilangt og kynnast landi sínu vel þarf líka að koma til móts við þeirra þarfir,“ segir Heba Soffía Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Vesturlands, sem í sumar gaf út Krakkakort Vesturlands þar sem ungir ferðalangar feta í fótspor Sögu og Jökuls sem einmitt kynntust á ferðalagi um vestanvert landið.

„Saga er hressileg hnáta sem ferðast með mömmu sinni og pabba um Vesturland, en þar birtist henni álfastrákurinn Jökull sem enginn sér nema hún og saman lenda þau í óvæntum ævintýrum,“ segir Heba um einstakan vinskap þeirra Sögu og Jökuls, en ævintýrin má rekja á krakkakortinu góða.

„Á Krakkakortinu eru merktir inn tíu staðir þar sem sérstaklega vel er tekið á móti kátum krökkum. Á hverjum þeirra fá þau sögu um ævintýri Sögu og Jökuls í sérstaka ævintýramöppu, ásamt stimpli sem sannar að þau voru þar líka. Þegar fimm stimplum er náð fá börnin gjöf, og svo aðra gjöf þegar þeir eru orðnir tíu,“ segir Heba og tekur



Svona lítur Krakkakort Vesturlands út, en það má prenta út heima af vesturland.is.

fram að ekki þurfi að heimsækja staðina á kortinu í réttri röð og því sé hægt að byrja hvar sem er.

„Þótt sumri fari að halla eru flestir staðanna á kortinu opnir áfram fram á haust og sumir í allan vetur. Því er ekkert því til fyrirstöðu að halda leiknum áfram, enda ferðalög um Vesturland tilvalin helgarferð fyrir fjölskylduna og í stuttu færi frá höfuðborginni,“ segir Heba.

Meðal ævintýralenda Sögu og Jökuls eru Eiríksstaðir í Dölum og Landnámssetrið í Borgarnesi, þar sem hægt er að kynnast lífi víkinga, og í Reykholti fær fjölskyldan innsýn í verk og starf Snorra Sturlusonar. Náttúran er í aðallhlutverki í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og í ævintýrasiglingum Sæferða kynnast börn lifandi kröbbum, ígulkerjum og fleiru skringilegu úr sjónum. Á Bjarteyjarsandi í Hvalfirði er farið á alvöru sveitabæ, og þá er ekki lítið ævintýri að heimsækja Grýlu og tröllin í Fossatúni, sjá brúður lifna við í Brúðuheimum Borgarness og skoða leikfangasafn með fimmtíu ára gömlum leikföngum í Sögumiðstöðinni í Grundarfirði, en sé haldið í vestur frá Reykjavík hefst ævintýraförin á heimili Halldórs Laxness að Gljúfrasteini.

„Saga og Jökull er fyrsta afurð vöruþróunarverkefnis í menningartengdri ferðaþjónustu sem kallast „Krakkar ráða för“ og þar er markmiðið að Vesturland standi sig sérstaklega vel í að taka á móti fjölskyldum á ferð. Næsta sumar verður afraksturinn svo enn meiri því nú er unnið að vöruþróun fyrir hópa barna og unglinga um Vesturland.“

Nánari upplýsingar á www.vesturland.is, þar sem einnig er hægt að prenta út kortið heima.

*thordis@frettabladid.is*


Tónagull®
Rannsóknagrundað tónlistaruppeldi
Tónlistarnámskeið fyrir ung börn
0-9 mánaða
10-18 mánaða
11/2–2 ára
Einnig blandaðir hópar
www.tonagull.is
Tónagull síðan 2003







;ALLT TÍSKA
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is
sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is
sími 512 5447
Fimmtudaga





Ný barnafataverslun
í Glæsibæ. Sími: 8948060
www.rolo.is • Facebook
RÓLÓ



Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330
FRÉTTABLAÐIÐ




Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, sem var samþykktur árið 1989, er helsti samningurinn sem gerður hefur verið með barnavernd að markmiði. Jafnframt er hann sá fyrsti sinnar tegundar og markaði vatnaskil þar sem sértæk réttindi barna voru sett fram. Með sáttmálanum var nú litið á börn sem einstaklinga fremur en "eign" foreldra sinna.

humanrights.is


Þroskandi og falleg leikföng fyrir flotta krakka.
www.krumma.is
KRUMMA
Gylfaflöt 7,112 Reykjavík 587-8700
krumma@krumma.is www.krumma.is

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

BÍLAHÖLLIN H/F BÍLASALA BÍLDSHÖFÐA 5
www.bilaholin.is



Hyundai 1.6 coupé 7/2003 ek.63þús. 5 gíra ásett verð 1.190.000.- TILBOÐSVERÐ 790.000.-



Land Rover Discovery HSE 4.4 6/2006 ek 50þús. einn m/öllu 7 manna mjög fallegur Verð 5.490.000.- möguleiki á allt að 90% láni



Hyundai I-30 Comfort 11/2007 5 gíra góður bíll ásett verð 1.850.000.- áhvílandi ísl. lán 1.187.000.- 22þús á mán.



Honda Civic 1.8 Sport 10/2008 ek.10þús. sjálfskiptur mjög fallegur ásett verð 3.090.000.-

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilaholin.is**

STÓRA BÍLASALAN



### Jeep Grand Cherokee

Árgerð 2001, ekinn 105þ.m, flott eintak! Verð 990.000kr. Raðnúmer 150862. Sjá nánar á www.stora.is. Vegna góðrar sölu undanfarið bráðvantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar. ATH það er frítt að skrá bílinn hjá okkur.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

Bílabankinn



### TILBOÐ 1.850.000.-

CHRYSLER GRAND VOYAGER. Árgerð 2005, ekinn 108 þ.km, BENSÍN, 5 gírar.ATH minni vél minni eyðsla. Verð 2.290.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is Mjög Fallegur Bíll



### FLOTTUR BÍLL

TOYOTA LAND CRUISER 90 VX. Árgerð 1999, ekinn 153 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur.Leður og lúga, nýtt í bremsum, nýskoðaður. ATH SKIPTI Verð 1.650.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**

Bílalíf.is Bílasala Matthíasar



### TILBOÐ ÓSKAST

BMW 2002. Árgerð 1969, ekinn aðeins 76 Þ.km. 4 GÍRAR. EINN EIGANDI. SKOÐAÐUR 2011. Rnr.123866..Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

**Bílalíf**
**Kletthháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

HÖFÐAHÖLLIN
Allt að 50% afsláttur af sölulaunum
Skráðu bílinn frítt hjá okkur!



TOYOTA LAND CRUISER 120 GX Árgerð 2006. Ekinn 122 þ.km Verð kr. 4.690.000

**Höfðahöllin**
**Tangabryggja 14-16, 112 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

bíll.is bestir í bílum...



TABBERT DAVINCI 585 DM 2,5. Árg 2007 Lítið notað Alde gólfhiti sólarsella Sjónvarpsloftnet . Möguleiki á 3.113.000 láni 52 á mán. Verð 3,890.000. Skoðar skifti á ódýrara eða dýrari bíl Rnr.132465

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast



SUBARU LEGACY OUTBACK. Árgerð 2003, ekinn 119 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur „algjör moli „ Verð 1.950þ Rnr.151927 Óskum eftir bílum á söluskrá okkar, laust pláss á plani www.hofdabilar.is

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

Motor sport



GPS GARMIN NAVIGATION m/ íslandskorti og evrópukorti. Einnig þráðlaus bakkmyndavél, bluetooth og radarvari með laser. Verð aðeins 65 þúsund.

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**

100 bílar.is bílasala



Kia Ceed ED, 3/2008, ek 61þús.km, dísel, beinskiptur, loftkæling, rafmagn, cd, krókur, Flottur og mjög eyðslugrannur bíll sem er ennþá í ábyrgð, Ásett verð 2390þús.kr, bíllinn er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Skoda Octavia turbo árg. „02 ek. 153 þús. ný tímareim. vel með farinn bíll. Álfelgur,nýleg dekk nýsmurður. Ath. skipti. uppl.í s:848 4984.



Mazda 6 Sport stw.árg 06. ek.aðeins 78.þús.km. Mjög vel búinn og vel með farinn bíll. 17"álf, leður, rafm.í öllu. Skoða ýmis skipti uppl. í s: 869 5681.



Til sölu Jeep Cherokee árg. ,89 bílinn er mikið endurnýjaður. Búið er að setja dana 44 framan og aftan. Hann er skoðaður ,11 og í toppstandi v. 500 þ. eða tilboð skoða öll skipti uppl. í s. 773 3330 Jónas



Til sölu RANGE ROVER árg. 2001 ekinn 160þ. Sjálfsk. leður, topplúga. stillanleg loftpúðafjöðrun og fl. Vel með farinn og nýskoðaður bíll. Verð 1290þ. Uppl. í s. 664 8363



VINTAGE TRL Bílavagn Árg 2007 9+2.50 Got staðgreiðstllu verð Sími 565-2500.893-6321/bilasalan.is



Toyta Aygo árg 03.06 ek.aðeins 53.þús. km. Mjög vel með farinn bíll. Eins árs ábyrgð eftir hjá Toyota. Álfelgur,spoiler ath skipti. uppl. í s: 898 8228.




Bílaútsölur framleiðenda í USA. Nú færðu nýjan eða nýlegan bíl á lækkuðu verði. Fáðu verðtilboð á netinu eða símleiðis. Eigum einnig heimkomna sýningarbíla með allt að 3ja milljón króna afslætti. Útvegum á betri verðum fólksbíla, jeppa og pallbíla frá Toyota, Ford, Dodge og öðrum helstu framleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - Sími 5522000

## 0-250 þús.



### Sparigrís til sölu!

WV Polo 1,0 árg'96 ek.140 þús,3ja dyra,beinskiptur,ný skoðaður 2011,bíll sem eyðir mjög litlu! verð aðeins 185 þús stgr! 841 8955

## 250-499 þús.



### SJÁLFSKIPTUR STATION

Toyota Corolla Wagon Árg 98" ekinn 222 þ. álfelgur Heilsárs sk.2011 tilboð 390 þ. Uppl. í s 650-3646

## 500-999 þús.



til sölu Pontiac Sunfire 2001 2,2 vél. beinsk.ek.34þ.km.Toppbíll .s.6596039

Toyota avensis ,99 ekinn 224þ til sölu í góðu ástandi upplýsingar í síma 8671391

## Bílar óskast

Vill kaupa bíl á ca. 30-150 þús. Má þarfnast viðgerðar. S. 896 6744.

### ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-150 ÞÚS STGR!

óska eftir bíl á 0-150 þús stgr má þarfnast lagfæringa s.691 9374

Óska eftir ódýrum bíl, helst sjálfskiptum. Skoðaður ,11. Uppl. í s. 695 0416.

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

### Corolla, Yaris eða Avensis óskast

Árg. 1998-2001 fyrir 150-350 þúsund. Helst í góðu standi, en má þarfnast lagfæringa. Uppl. 821-2545

## Jeppar

86fm 3herb íbúð fæst til leigu í breiðholti, húsgögn fylgja (nema sófi) . 120.000 á mán innifalið í verði er húsfélag og orkuveita. Sér inngangur. áhugasamir hafi samband í erlasolrun@gmail.com

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Mótorhjól



### Til sölu 2007 Kawasaki KXF 250

Til sölu 2007 Kawasaki KXF 250. Race Tech fjöðrun og Procircuit T-4 púst. Keyrt c.a. 35-40 tíma. Ásett verð 500þús. Upplýsingar í síma 8977769



### Til sölu 2008 Suzuki RMZ 450

Til sölu 2008 Suzuki RMZ 450. 2009 mótor. Keypt af umboðinu 2009. Keyrt 40-50 tíma. Ásett verð 600þús. Upplýsingar í síma 8977769.

## Vespur



Til sölu JM-STAR vespa 50cc, árg.2009, ek.1200km, hjálmur og yfirbreyðsla fylgja með. Verð 190þús. uppl. 8628775

## Kerrur



### Kerrutjakkur.

Trailer-aid tjakkur fyrir 2ja öxla kerrur. Upplagður í ferðalagið. Verð aðeins kr.7.900 Sendum um land allt. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mosfellsbæ. S.894-5111 www.brimco.is

## Til sölu

**Stýris- og fjöðrunarhlutir í alla USA bíla!**

**Frábært verð Nýtt á lager!**



Bílabúð Benna

Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000 - benni@benni.is - www.benni.is

## Hjólhýsi




**Sérhæfum okkur í sölu á Ferðavögnum.**
Óskum eftir öllum gerðum af húsbílum, hjólhýsum, fellihýsum og tjaldvögnum á söluskrá. Mikil eftirspurn og góð sala. Stórt útipláss. Einnig til leigu hjólhýsi. ferdavagnamarkadur.is Höfðabakki 9, S: 445 3367.



LMC Lord Ambassador árg. ,07 með öllu og stóru fortjaldi, get hugsanlega geymt það í vetur. Sem nýtt. V. 4,9. S. 699 3290 og 695 5611.

## Vinnuvélar






MAN 4-öxla, árg. 2006 tilboð 6,9+vsk. Einnig Komatsu PW 150 hjólavél, Komatsu pc 50 og WA 70 hjólaskófla, einnig VOLVO lítill gámabíll með fleti og gám o.fl. S: 661 2288.




Á lager gæða gúmmíbelti frá Linser (heilspunnin). Einnig stálbelti, rúllur og hjól. IMPEX.is S 5345300




## Bátar

Óska eftir góðum hraðbát á bilinu 800 þús-3 millj. Uppl. S. 662 6818

## Varahlutir




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**Japanskar Vélar Varahlutasala**
Erum að rífa MMC Pajero/Montero ,00-'05. L200/Izuzu pick up ,00-'07. Susuki Vitara/Liana/Swift ,00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. ,00-'06. Nissan pickup/Almera/X-Trail ,02-'08. VW/skoda ,00-'05. Mazda/Ford ,00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet ,05-'06. Citroen C2/C3 ,02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

**Musso varahlutir.**
Erum að rífa Musso,Terrano,Nubiru, Lanos, Galloper, Discovery, H1,Santa Fe, Nissan DC 97, Cherokee, Trooper, Ford 250,Clio 00,Megan Scenic 98,Freelander. Kaupum bíla til niðurrifs . Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S.864 0984.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Kangoo & Skoda Oktavia ,02. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Óska eftir trampólíni. Uppl. í s. 892 7852.

**VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

**partabílar.is 770-6400**
Er að rífa bmw 525d 02, daewoo lanos 98-03, dodge carvan 97, dodge neon 01, fiesta 97, civic 97, getz 04-09, jeep grand 99, kia sport 99, m.benz 230 80, terrano 00, peugot 306 98, kangoo 99-01, twingo 99, felisa 99, swift 05-09, xl7 05, yaris 05, vn lt 98, almera 00, primera 99. Kaupum bíla í niðurrif.

Partatorg.is Erum að rífa ýmsar gerðir af nýlegum bílum. partatorg@partatorg.is 565-6020

## Viðgerðir



**Reiðhjóla, Sláttuvéla Smávélaviðgerðir. Hröð og ódýr þjónusta.**
Gerum við allar gerðir af Reiðhjólum og sláttuvélum. Sláttuvélamarkaðurinn ehf S:517-2010 Smiðjuvegi 11

## Tilboð




Þarftu að láta gera við tjaldvagninn, fellihýsið,hjólhýsið eða húsbílinn eftir sumarið? Við getum hugsanlega hjálpað. Hagverk bifreiðasmiðja Bæjarflöt 2 S: 587 4760.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

**Glans-Þrif**
Hreingerningar Flutningarþrif Fyrirtækjaþrif Heimilisþrif S. 659 6118

**A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif regluleg ræsting sameigna verðtilboð. Sími 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja



















**TRJÁKLIPPINGAR**
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s 848 9600

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald




**N & V Verktakar ehf**
Flísar - parket - mála - múrarar - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149.

892 1565 - Húseignaþjónustan - Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.)

**Innréttingasmíði og lakksprautun**
Upplýsingar í síma 869 9330 og www.trefjaplast.is

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069 og 663 5315.

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

Öflugur byggingarmeistari með mikla reynslu í faginu vill bæta við sig verkefnum. Er í samstafi við aðra meistara. Meðlimur í Meistarafélagi byggingarmanna til margar ára. S. 862 1546

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Stífluþjónusta




## Tölvur







Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

Nudd í boði S:844-0253

Gott nudd - good massage. S. 857 0850 & 844 0329.

ONLY 2 DAYS.TANTRIC ,LUXURY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME. 869 8602.

**Eðalnudd**
Unaður, slökun og vellíðan. Veldu það besta. S. 659 6019

## Spádómar

**908 1888**
**Spásími Daddýar alla daga.**

**250 kr. mínótan.**







Láttu spá fyrir þér beint á netinu. www.spamidill.is

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun



## Atvinnuhúsnæði

Atvinnuhúsnæði óskast, 50-80 fm. Uppl. í s. 867 7753.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Gisting

Halló. Orlofsíbúðir til leigu á Þingeyri við Dýrafjörð. Hótel Sandafell. S. 456 1600.

Gisting í 2-3 manna stúdíóíbúð í gistiheimili við Dugguvog. Verð frá 10.000 per nótt. S. 824 6692.

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

**Gisting**
**Skammtímaleiga.**
**Til leigu 2ja herb. íbúð á besta stað í 101 Rvk.**
**Verð per nótt 7.500 kr.**
**Uppl. í s. 898 4188.**

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Skalli Vesturlandsvegi**
**Starfsfólk óskast í fullt starf.**
**Einnig óskast starfsfólk í kvöld og helgarvinnu.**
**Upplýsingar á staðnum.**




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

**Starfsfólk óskast**
**MOKKA KAFFI**
Skólavörðustíg 3a, 101R
Opið daglega kl. 9.00 - 18.30

Starfsfólk óskast á dagvaktir í fullt starf og í hluta starf. Æskilegur aldur 20 ára og eldri. Upplýsingar veittar á staðnum.

BÆJARBAKARÍ

Bæjarbakarí í Hafnarfirði óskar eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu um helgar Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknareyðublöð á bakstur.is uppl. í s. 555 0480, Sigurður.

Jói Fel

**Hjá Jóa Fel Holtagarðar**
**Óskum eftir að ráða hörkuduglega manneskju í afgreiðslu í Bakarí hjá Jóa Fel Holtagörðum.**
**Vinnutími önnur vikan 06-13, hin vikan 12-18:30.**
**Önnur hver helgi.**
**Íslensku kunnátta skilyrði.**
**Einnig vantar starfskraft í afgreiðslu í Smáralind.**
**Áhugasamir geta sent umsókn á linda@joifel.is eða upplýsingar á staðnum.**

Zatrudnimy niepalaca kobiete na stanowisku pomocy w restauracji. Angielski i islandzki komunikatywny. Tel. 845 6447.

Vinsæll veitingastaður óskar eftir vönum aðstoðarmanni „prep". Uppl. í s. 821-7909

**Krambúðin Skólavörðustíg 42**
Auglýsir eftir starfsmanni í fullt starf á dagvakt 8-17. Íslenskukunnátta skilyrði. Ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 848 6918 & 551 0449 eða á staðnum milli kl. 8-13.

**Cafe Óliver**
Óskar eftir að ráða yfirmann í eldhús. Umsóknir í síma 821 8500, Arnar eða arnar@cafeoliver.is (Góð íslenska skilyrði).

**Kvöldvinna, auka- eða aðalvinna**
Okkur vantar íslenskumælandi fólk í símasölu 2-5 kvöld vikunnar frá kl.18-22 Góð laun í boði. Aldur 22+++ Uppl. í síma 699 0005 milli kl.14-19 virka daga.

Ísbúð Vesturbæjar Hagamel 67 óskar eftir duglegu fólki til starfa. Dag, kvöld og helgarvaktir í boði. Uppl í s: 899 5504 eða 896 4394.

## Atvinna óskast

Rúmlega sextugur maður óskar eftir vinnu. Er með vinnuvéla réttindi, meirapróf og rútupróf. Hef einnig áhuga á húsvörslu og ráðsmannsstörfum, vanur verkstjórn við jarðvegsframkvæmdir og byggingar. Hef unnið við smíðar, pípulagnir og fl iðngreinar. Áhuga samir hafið samb. skessutak@internet.is

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)



# VEIÐIKVÖLD

## Í INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA

Í KVÖLD,

**MIÐVIKUDAGINN 18. ÁGÚST,**

VERÐUM VIÐ MEÐ OPIÐ HÚS FYRIR ALLA SKOT- OG STANGVEIÐIMENN Í VERSLUN OKKAR Á BÍLDSHÖFÐA

FRÁ KL. 19:30 TIL 21:30.

## 15-50% AFSLÁTTUR

AF TILBOÐSVÖRUM!

LÉTTAR VEITINGAR Í BOÐI.
ALLIR VELKOMNIR.



**FULLT AF FRÁBÆRUM TILBOÐUM**

AÐEINS Í KVÖLD!

SJÁ NÁNAR Á
www.intersport.is

**VERÐ DÆMI:**

**6.990**
(fullt verð 9.990)



SILVA SJÓNAUKI 10X25 POCKET

**2.390**
(fullt verð 3.490)



CBC SKOTBELTI
25 SKOTA CAMO

**11.990**
(fullt verð 21.990)



VA RIFFILSJÓNAUKI
3-9x56



**9.990**
(fullt verð 21.990)
POOL 12 NEOPREN VÖÐLUR

**29.990**
(fullt verð 49.990)



MARLIN RIFFILL
925C .22



WEATHERBY RIFFILL SS 308 PACK
Sjónauki og taska fylgja.

**89.950**
(fullt verð 179.900)

INTERSPORT VEIÐIDEILD

BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220 - OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 19. LAU. 10 - 18. SUN. 12 - 18



# 50 ára afmæli

## Hnikarr Antonsson

Í tilefni af 50 ára afmæli mínu verður opið hús að heimili okkar laugardaginn 21. ágúst frá kl. 15-19.

Hlökkum til að sjá ykkur kæru vinir og ættingjar.

Hnikarr og Áróra



# 70 ára afmæli

Í dag miðvikudaginn 18. ágúst verður sjötugur

## Þór Ingi Erlingsson

offsetprentari, Réttarbakka 21, Reykjavík.

Eiginkona Þórs er Margrét Sigurðardóttir f.v. útibússtjóri. Þau hjónin munu taka á móti vinum og vandamönnum að heimili sínu Réttarbakka 21 á afmælisdaginn milli kl. 18 og 20.

**ROMAN POLANSKI ER 77 ÁRA Í DAG**

*Hvert óhapp hefur aukið hjá mér sjálfstraustið. Það langar mig jafnvel meira til að mér gangi vel, í hefndarskyni. Bara til að sýna að ég get það.*

***Roman Polanski er pólskur kvikmyndaleikstjóri, framleiðandi, rithöfundur og leikari.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 18. ÁGÚST 1961

## *Grasagarður opnaður*



**GRASAGARÐURINN Í LAUGARDAL**

Grasagarðurinn í Reykjavík var stofnaður á þessum degi árið 1961 á 175 ára afmæli Reykjavíkurborgar. Hugmyndir um stofnun grasagarðs í Reykjavík má rekja allt til ársins 1905. Ekki varð þó af framkvæmdum fyrr en árið 1961 þegar borginni var gefið safn 175 íslenskra jurta til varðveislu. Þá var garðurinn aðeins 700 m² en hefur síðan verið stækkaður í áföngum. Nú er grasagarðurinn 2,5 hektarar að stærð og í honum eru um 5.000 tegundir, afbrigði og yrki.

ANNA JÓNSDÓTTIR: TÓK ÞÁTT Í ALÞJÓÐLEGU TÓNLISTARSAMSTARFI

# Kenndi útlendingum þjóðlög

Sópransöngkonan Anna Jónsdóttir tók nýlega þátt í alþjóðlegu tónlistarsamstarfi á vegum Omi International Arts Center í Bandaríkjunum fyrst Íslendinga. „Þetta er sjálfseignarstofnun sem þjónustar listamenn og gefur þeim tækifæri til að koma saman og stunda list sína.“

Anna dvaldist í tvær og hálfa viku í höfuðstöðvum stofnunarinnar í Hudsondal sem er í um tveggja tíma fjarlægð með lest frá New York. „Þar var dekstrað við okkur til þess að við gætum kynnst og búið til tónlist,“ upplýsir Anna og heldur áfram: „Við vorum svolítið að djamma í tónlistarlegri merkingu en þá meina ég að við settumst niður og byrjuðum að spinna. Fólk kom með hljóðfærin sín eða söngröddina og svo var bara byrjað.“

Í byrjun héldu tónlistarmennirnir kynningu og fyrirlestra hver fyrir annan. „Ég hélt til dæmis fyrirlestur um íslensk þjóðlög og kenndi þeim að syngja tvísöng. Ég sagði meðal annars svolítið frá íslensku hljóðfærunum,“ upplýsir Anna en seinna var farið að huga að tónleikum og dagskrá þeirra. „Þá var farið að semja.“

Anna segir að tólf verk hafi verið frumflutt á tvennum tónleikum sem haldnir voru í höfuðstöðvum Omi International og í Roulette sem er vinsæll tónleikastaður í New York. „Það er svolítið gaman að segja að eitt af þessum verkum var innblásið af íslenska þjóðlaginu Lilja. Þeim þótti íslensku þjóðlögin rosalega skemmtileg. Þeim fannst þau vera svo drungaleg.“

Markmið samstarfsins að sögn Önnu er að byggja brýr á milli landa og menningarheima. „Það var fólk þarna frá Indlandi, Suður-Kóreu, Mexíkó, Kanada, Austuríki og Bandaríkjunum,“ segir Anna og segist meðal annars eiga inni heimboð til Indlands eftir ferðina.

Ferðin hafði mikil áhrif á Önnu. „Það er svo jákvæð orka þarna að ég kom út fílefld. Ég tók þátt í að frumflytja fjögur verk sem voru undirbúin á tveimur dögum.“ **martaf@frettabladid.is**



**JÁKVÆÐ ORKA** „Ég hélt til dæmis fyrirlestur um íslensk þjóðlög og kenndi þeim að syngja tvísöng.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

---



*Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför mannsins míns, föður, tengdaföður, afa og langafa*

**Stefáns Scheving Kristjánssonar**

bónda, Götu Hrunamannahreppi.

**Ágústa Sigurdórsdóttir**
**Katrín Stefánsdóttir** — **Anton Viggósson**
**Sigríður Stefánsdóttir** — **Ragnar Óskarsson**
**Sigurdór Már Stefánsson** — **Guðbjörg Fríða Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Eva María Lange Þórarinsson**

Ásbraut 11, 200 Kópavogi,

lést 10. ágúst. Jarðarförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Friðrik L. Jóhannesson** — **Sigrún Sverrisdóttir**
**Guðný R. Jóhannesdóttir** — **Egidio Ducillo**
**María M. J. Lange** — **Árni Kristjánsson**
**Þórarinn J. Lange** — **Rán Sævarsdóttir**
**Hólmfríður Jóhannesdóttir** — **Veturliði Óskarsson**
**Arnljótur Jóhannesson**
**Sveinn Jóhannesson** — **Hulda Georgsdóttir**
**Jóhannes Elmar J. Lange**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Fanney Þorsteinsdóttir**

frá Drumboddsstöðum í Biskupstungum, til heimilis að Rauðarárstíg 34, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 11. ágúst. Hún verður jarðsungin frá Háteigskirkju í Reykjavík fimmtudaginn 19. ágúst kl. 15.00.

**Hilmar Reynir Ólafsson** — **Anna Jónmundsdóttir**
**Þorsteinn Gunnar Tryggvason** — **Ósk Sigurrós Ágústsdóttir**
**Ketill Rúnar Tryggvason** — **Laugheiður Bjarnadóttir**
**Sigurður Sævar Tryggvason** — **Jóhanna S. Hermannsdóttir**
**Erlendur Viðar Tryggvason** — **Harpa Arnþórsdóttir**
**Lilja Björk Tryggvadóttir** — **Guðlaugur Arason**
**Tryggvi Tómas Tryggvason** — **Anna Scheving Hansdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir og afi,*

**Sævar E. Guðlaugsson**

Byggðarenda 4, Reykjavík,

lést mánudaginn 16. ágúst á Landspítala við Hringbraut. Útförin verður auglýst síðar.

**Karen Ólafsdóttir**
**Sigrún Sævarsdóttir Bouius**
**Sólrún Sævarsdóttir** — **Guðmundur Sigurðsson**
**Anton P. Gunnarsson** — **Elsa I. Konráðsdóttir**
**Ólafur S. Ólafsson** — **Mari Sampu**
**og afabörn.**

---



*Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts okkar ástkæra eiginmanns, sonar, föður, tengdaföður, bróður, mágs og afa*

**Ragnars Hreins Ormssonar**

**Olga Björg Jónsdóttir**
**Ormur Hreinsson** — **Helga Ragnhildur Helgadóttir**
**Helga Björg Ragnarsdóttir**
**Jón Hafsteinn Ragnarsson** — **Elísabet Dröfn Erlingsdóttir**
**Kjartan Orri Ragnarsson**
**Guðrún Ormsdóttir** — **Þorsteinn Bjarnason**
**Hafsteinn Eyvar, Ragnar Steinn, Ragnheiður Olga, Þorsteinn Elvar, Ísabella Eir og Guðrún Soffía.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hulda Þorsteinsdóttir**

Laugateig 11, Reykjavík,

lést á Borgarspítalanum laugardaginn 14. ágúst. Útförin fer fram frá Áskirkju fimmtudaginn 26. ágúst klukkan 15.

**Berglind Bragadóttir**
**Hjálmar Jónsson** — **Ingibjörg Klemenzdóttir**
**Brynjar Jónsson** — **Steinunn Steinarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Gunnars Eðvaldssonar**

húsasmíðameistara
Bakkahlíð 29, Akureyri.

**Ingigerður Guðmundsdóttir**
**Sigurður Gunnarsson** — **Elín Anna Guðmundsdóttir**
**Lára Gunnarsdóttir** — **Ingólfur Valur Ívarsson**
**Axel Gunnarsson** — **Sigríður Gróa Þórarinsdóttir**
**Birgir Gunnarsson** — **Guðrún Huld Gunnarsdóttir**
**og barnabörn.**

# *Ótrúlegur*
# SKIPTIBÓKAMARKAÐUR

# -20%

## Við höfum lækkað verð á öllum skiptibókum hjá Eymundsson um heil tuttuguprósent!
## Líka á netinu - eymundsson.is

### Ótrúlegt úrval og ótrúlegt verð!



Mynd XVII. PÍLATUSARGANGVERKIÐ MCCXVII
*Apparatus Pilatæ*

**Sálin er það líffæri sem endist einna styst af þeim sem mannslíkaminn geymir.
Ef sálin er fullnýtt eða úr sér gengin er hægt að framkvæma sálarskipti.
Til þess er notað sérstakt verkfæri sem nefnist Pílatusargangverkið. Ótrúlegt.
Í Eymundsson færðu skiptibækur með sál á 20% afslætti.
Skiptu þínum bókum á skiptibókamarkaði Eymundsson.**

Gildir til og með 31.08.10

Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*






# Óttinn við alhæfinguna

**BAKÞANKAR**
**Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**



Þegar ég nam mannfræði var ég vaninn af því að alhæfa. Af því má þó hafa bæði gagn og gaman svo fljótlega fór ég að alhæfa í laumi að námi loknu.

**NÚ ER** svo komið að ég get sagt, án þess að fá hroll í mína pólitísku réttlætiskennd, að Andalúsíumenn séu yfirmáta málglaðir. Ég er líka farinn að leyfa mér að velta fyrir mér skýringum á því. Ein þeirra kann að vera sú að orðin „já“ og „nei“ séu ekki jafn afdráttarlaus eins og í minni heimasveit. Til dæmis er það talin hin mesta háttprýði í Andalúsíu að afþakka í fyrstu hvern þann hlut sem manni er boðinn. Ef sá sem veitir er vel að sér í mannasiðum lætur hann ekki deigan síga og endurtekur boð sitt. Hefst þá oft mikill leikþáttur sem venjulega endar með því að boðinu er tekið, annað hvort af heilum hug eða fyrir kurteisisakir.

**MIKLAR** orðalengingar eiga sér því oftast stað við aðstæður sem í minni heimasveit yrðu leiddar til lykta með eftirfarandi hætti:

**„MÁ BJÓÐA** þér bjór?“

**„JÁ TAKK.“** Eða: „Nei takk, ég er nýkominn úr meðferð.“

**SAMS** konar langloka er bökuð þegar maður hittir málkunnugan Andalúsíumann á förnum vegi. Til dæmis hitti ég einn fyrir nokkru í miðbæ Baza og hann tók þegar til máls og sagði mér hvenær hann vaknaði, hvað hann fékk sér í morgunmat, klukkan hvað hann lagði af stað í bæinn og síðan rakti hann leið sína í smáatriðum uns komið var að þeim stað sem staðið var á. Það þótti mér mál að linnti en til að sýna að við Norðurlandabúar kunnum okkur hlýddi ég á frásögn hans um það sem hann hafði verið að pæla í að gera en hætti við. Því fylgdi síðan greinargóð skýring á þeirri ákvörðun.

**ÉG KVEÐ** þá og sýni á mér fararsnið en verð svo hræddur um að hann fái þá hugmynd að við Íslendingar séum þurrir á manninn svo ég segi eins bjöggalega og ég get, „nei, flottir skór.“

**VANDINN** við að alhæfa er að maður fer að óttast það að lenda sjálfur í einhvers konar flokkunarkerfi. Sá ótti varð mér dýrkeyptur því klukkan var orðin ansi margt þegar sagan af skónum var á enda.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Nýtt kortatímabil í Bónus

Þökkum frábærar viðtökur við opnun
á nýrri Bónusverslun í Garðabæ
Gerið verðsamanburð
Bónus býður betur








BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# Fólk

folk@frettabladid.is

## > LEIKA MEÐ MÖMMU



Leikkonan **Angelina Jolie** segist gjarnan taka börnin sín sex með sér í vinnuna, hafi hún tækifæri til þess. Þar fá börnin að leika sér með hárkollur og gerviblóð og skemmta sér hið besta. „Þau fá að koma með á morgnana og við leikum okkur svolítið saman. Þeim finnst það gaman og skemmta sér vel.“

# Mávar réðust á útvarpsmann

„Það er nú frekar súrrealískt að mávar ráðist á mann. Eiga það ekki að vera bara kríur sem gera það?“ spyr Kristján Gunnarsson, útvarpsmaður á FM 957. Kristján æfir stíft um þessar mundir fyrir hálfmaraþon sem hann hyggst hlaupa um næstu helgi til styrktar Einstökum börnum, ásamt því að æfa fyrir New York-maraþonið í nóvember. Hann lenti í frekar furðulegu atviki nýlega fyrir utan Salalaug í Kópavogi eftir að hafa lokið við æfingu.

„Ég var nýbúinn að hlaupa mitt fyrsta hálfmaraþon þegar ég fann eitthvað koma við hausinn á mér. Ég leit upp og sá þá máva fyrir ofan mig taka dýfur niður á hausinn á mér,“ segir Kristján, frekar hissa á þessari upplifun. Kristján segir þetta ekki vera í fyrsta sinn sem mávar ráðist á fólk á þessum stað. „Frændi minn býr í blokk við hliðina á Salalaug og varð vitni að því þegar mávar réðust á eldri mann og ung börn þar fyrir stuttu. Árásin var það gróf að maðurinn neyddist til að halda hjólinu sínu fyrir ofan haus þeirra til að verja þau. Frændinn endaði á því að hringja á lögguna sem kom á svæðið,“ segir Kristján.



**MARAÞONHLAUPARINN VARÐ FYRIR ÁRÁS MÁVA** Kristján upplifði það að mávar gerðu árás á hann fyrir utan Salalaug í Kópavogi.

Kristján hafði hins vegar heyrt sögur um árásagjarna máva. „Vinur minn sagði mér frá svipuðu atviki fyrir tíu árum en ég trúði honum ekkert. Á þessum 10 árum hef ég gert grín að honum og máváárásinni og það er því frekar vandræðalegt fyrir mig að þurfa að viðurkenna að ég hafi lent í máváárás.“ - ls

# Vill minni brjóst

Bandaríska söngkonan Jessica Simpson segist almennt ánægð með vöxt sinn en viðurkennir að hún vildi gjarnan vera með eilítið minni barm og aðeins stærri bakhluta. „Ég er með lítinn rass. Ég mundi gjarnan minnka brjóstin og bæta á rassinn ef ég gæti.“

Stúlkan hefur glímt við þyngdina síðustu ár og segist ekki skilja af hverju þyngdarbreytingar hennar vekja eins mikla athygli og þær gera. „Í heilt ár talaði fólk um lítið annað en þyngd mína. Það að vera frægur fyrir að þyngjast er út í hött. Mér fannst ég aldrei líta jafn illa út og fjölmiðlar vildu meina. En núna er ég öruggari með sjálfa mig en ég hef áður verið.”



**SÁTT VIÐ LÍFIÐ** Jessica Simpson er ánægð með vöxt sinn en vildi gjarnan fá stærri rass. NORDICPHOTOS/GETTY





INNANHÚSSTÍLISTANÁM

**Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:**
Lita- og línufræði
Tónalgreining
Vaxtarbygging
Heitt og kalt rými
Stórt og lítið rými
Uppröðun hluta
**Stílistun á:**
Baðherbergi
Svefnherbergi
Barnaherbergi
Eldhúsi
Garðhýsi
Stofu
Og margt fleira.

The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir stílistun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða.
Hver önn tekur þrjá mánuði. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.


Anna F. Gunnarsdóttir
*Stílisti*


Helga Sigurbjarnadóttir
*Innanhúsarkitekt*


Þorsteinn Haraldsson
*Byggingafræðingur*

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101



Frítt í jóga

Jóga stúdíó opnar á nýjum stað að Seljarvegi 2

(við hliðina á Loftkastalanum í gamla Héðinshúsinu).

JÓGA Stúdíó



Af því tilefni bjóðum við alla velkomna á fría kynningarviku dagana 16.-21. ágúst.

Við munum einnig bjóða 15 % afsl. af kortum alla vikuna.

Nánari upplýsingar um tíma á www.jogastudio.is.





Seljavegur 2 - 101 Reykjavík
www.jogastudio.is - jogastudio@jogastudio.is




## NÝ STJARNA

**Rooney Mara** hreppti hið eftirsóknaverða hlutverk tölvuhakkarans **Lisbeth Salander** í bandarísku endurútgáfu myndarinnar Karlar sem hata konur. **Daniel Craig** leikur Mikael Blomkvist sem heillast af hakkaranum og raunar öllum konum sem hann kemst í kynni við og **Stellan Skarsgård** leikur óþokkann Martin Vanger.

# FÓTBOLTAERFINGI Í HLUTVERK LISBETH SALANDER

**Leikkonan Rooney Mara hefur landað einu af eftirsóknarverðustu kvenhlutverkum í kvikmyndaheiminum í dag, sjálfri Lisbeth Salander, tölvuhakkaranum og pönkaranum úr þríleik Stiegs Larsson. En hver er þessi óþekkta leikkona sem á eftir að skjótast hratt upp frægðarstigann í Hollywood?**

Hin 25 ára Mara hefur leikið lítil hlutverk í sjónvarpsþáttaröðum á borð við Law and Order og ER. Hún er erfingi fótboltaveldis en faðir hennar er einn af eigendum New York Giants og langafi hennar átti Pittsburg Steelers. Frændur hennar eru stórlaxar hjá báðum liðum og Rooney hefur látið hafa það eftir sér í viðtölum að það sé amerísíki fótboltinn sem haldi fjölskyldunni saman. Systir hennar er sjónvarpsþáttaleikkonan Kate Mara sem margir kannast við úr sjónvarpsþáttunum Nip/Tuck.

Mikið var rætt og ritað í kvikmyndamiðlum um hvort David Fincher, leikstjóri myndanna, myndi velja reynda eða óreynda leikkonu í hlutverk Salander en það þykir ákaflega krefjandi og um leið eitt það safaríkasta. Margar af frægustu ungu leikkonum kvikmyndabransans á borð við Scarlett Johanson, Natalie Portman, Ellen Page og Keiru Knigthley hafa sóst eftir að því leika tölvuhakkarann og meðal annars mætt í prufur, eitthvað sem slíkar stórstjörnur eru ekki vanar að gera. Fincher ákvað hins vegar að veðja á hina óþekktu Rooney Mara, eins og margir höfðu lagt hart að honum að gera, meðal annars Noomi Rapace sem lék einmitt Salander í sænsku myndunum.

Frumraun Rooney Mara í burðarhlutverki á hvíta tjaldinu var í hryllingsmyndinni Nightmare on Elm Street sem var frumsýnd í Bandaríkjunum fyrr á þessu ári. Mara mun einnig koma fyrir sjónir íslenskra áhorfenda í myndinni Social Network sem fjallar um upphafið að Facebook en þar leikur Mara eina af kærustum stofnanda samskiptavefjarins. Leikstjóri þeirrar myndar er einmitt áðurnefndur Fincher.

Búið er að ráða í flest burðarhlutverk fyrstu myndarinnar, Karlar sem hata konur. Þau Daniel Craig og Robin Wright leika Mikael Blomkvist og Ericu Berger ásamt því að sænski leikarinn Stellan Skarsgård bregður sér í hlutverk Martins Vagner. Tökur á myndinni hefjast í næsta mánuði í Svíþjóð. Sögusagnir eru uppi um að Fincher vilji að allir leikararnir tali með sænskum hreim þótt það verði að teljast heldur ólíklegt. Þá er þegar byrjað að undirbúa tökur á myndum tvö og þrjú en þær eiga að vera teknar upp á sama tíma. Áætluð frumsýning á fyrstu myndinni er 21. desember 2011.

alfrun@frettabladid.is

# Jolie spennt fyrir framhaldi

Leikkonan Angelina Jolie segist spennt fyrir því að kanna persónu sína úr kvikmyndinni Salt betur.

Leikkonan, sem fer með hlutverk Evelyn Salt í spennutryllinum Salt, viðurkennir að hún hafi áhuga á að vinna að framhaldi myndarinnar því hún telji að það sé ýmislegt fleira sem hún eigi eftir að uppgötva í persónu sinni.

„Ég vil endilega gera framhald. Þú veist aldrei hvort þú færð tækifæri til þess, hvort aðdáendum kemur til með að líka það. Ég held það sé svo margt sem á eftir að skoða í lífi hennar, t.d. varðandi fjölskyldu hennar. Mig langar til að komast til botns í því hver hún í raun og veru er, Salt gæti í rauninni verið hver sem er,“ segir leikkonan.

Jolie hefur augljóslega heillast af fjölhæfni Salt og þráir greinilega mikið að kynna hana aftur. „Salt gæti verið í hvaða landi sem er, hún gæti talað hvaða tungumál sem er, þannig að tækifærin eru fyrir hendi. Fyrir mig sem leikkonu og manneskju sem finnst gaman að ferðast, þá væri frábært að fá að kanna heiminn með henni.“



**ANGELINA JOLIE** Leikkonan vill endilega gera framhald af kvikmyndinni Salt til að kanna persónu sína betur.

# Líttu þér nær

## Handbækur fyrir fróðleiksfúsa náttúruunnendur




Loksins fáanleg að nýju
**Tilboð 3.990 kr.**
Fullt verð 4.490 kr.




Ríkulega aukin og endurbætt
- 465 tegundir plantna
**Tilboð 3.990 kr.**
Fullt verð 4.990 kr.




Fróðleikur um ólíkar tegundir
sveppa og spennandi uppskriftir
**Tilboð 3.990 kr.**
Fullt verð 4.490 kr.

Gildir til 15.09.2010

eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| EXPENDABLES | 4, 6, 8 og 10(POWER) | 16 |
| SALT | 6, 8 og 10 | 16 |
| LAST AIRBENDER 3D | 4, 6 og 8 | 10 |
| GROWN UPS | 10 | 10 |
| LJÓTI ANDARUNGINN | 4 - ÍSL TAL | L |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| HUNDAR OG KETTIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| LETTERS TO JULIET | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| SALT | kl. 8 - 10:10 - 10:50 | 14 |
| THE SORCERER´S APPRENTICE | kl. 3:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| INCEPTION | kl. 7 - 8 - 10 | 12 |
| INCEPTION | kl. 2 - 5 - 8 - 10:50 | VIP |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4:20 | L |
| LEIKFANGASAGA 3-3D M/ ísl. Tali | kl. 1:30 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| HUNDAR OG KETTIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 8 | L |
| KNIGHT AND DAY | kl. 10 | 12 |
| KARATE KID | kl. 8 | L |
| 22 BULLETS | kl. 10:50 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| LETTERS TO JULIET | kl. 8:10 - 10:30 | L |
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 4 - 6 | L |
| THE LAST AIRBENDER | kl. 5:50 - 8 | 7 |
| THE SORCERER´S APPRENTICE | kl. 5:40 - 10:50 | 7 |
| INCEPTION | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CATS & DOGS-3D ísl tal | kl. 6 | L |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 - 10 | L |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE SORCERER'S APPRENTICE | kl. 8 | 7 |
| INCEPTION | kl. 10:20 | 12 |




TESTÓSTERÓN-SPRENGJA The Expendables er alvöru hasarmynd með helstu harðhausum Hollywood á einum stað og Stallone elskar að frelsa saklaust fólk úr klóm hræðilegra skúrka.

# Magnað maður, magnað

Kvikmyndir ★★★★

**The Expendables**

Leikstjóri: Sylvester Stallone

**Aðahlutverk:** Sylvester Stallone, Mickey Rourke, Dolph Lundgren og Jason Statham

Vissulega má segja margt misjafnt um Sylvester Stallone sem leikara og leikstjóra. Til dæmis er sú skoðun frekar útbreidd að hann sé vonlaus leikari, málhaltur, klisjukenndur með eindæmum og fullkomlega staðnaður. Það verður þó aldrei tekið af honum að hann kann að senda vonda kalla til heljar á færibandi með miklum tilþrifum. Þá er fólki líka hollt að hafa í huga að vinsældir hans í gegnum áratugina byggja ekki á tilviljun og að myndir á borð við til dæmis Rocky (1976) og First Blood (1982) eru frábærar og fyrir löngu orðnar sígildar.

The Expendables er besta hugmynd sem Stallone hefur hrint í framkvæmd á síðustu árum en með því að hóa saman nokkrum vinum sínum, kunningjum og þekktum harðhausum hefur Stallone sett saman einhvern þann þéttasta og magnaðasta hóp sem hefur komið saman í bíó. Við þurfum að leita allt aftur til The Magnificent Seven, Dirty Dozen og The Great Escape til þess að finna hópa sem jafnast á við þann mannskap sem Stallone hefur yfir að ráða í The Expendables.

Stallone, Bruce Willis, Mickey Rourke, Arnold Schwarzenegger, Dolph Lundgren, Jason Statham og Jet Li í einni og sömu myndinni er auðvitað eiginlega of gott til þess að vera satt. Og myndin er líka algert dúndur þar sem allir fá að gera sitt. Stallone drepur illmenni hægri vinstri í harðri samkeppni við Statham, sem er að verða fremstur meðal jafningja í nýrri kynslóð hasarmyndatöffara, Dolph Lundgren fer mikinn í hlutverki skandinavísks brjálæðings, Jet Li fær að taka kung-fu snúning og Mickey Rourke þurfti bara að mæta og vera svalur, auk þess sem hann á lengstu einræðu myndarinnar, eðlilega þar sem hann er einn fárra innanborðs sem geta talist til alvöru leikara. Eric Roberts fer svo á kostum sem aðalskúrkurinn og ekki annað að sjá en að hann hafi notið hverrar mínútu í þessum hressa hópi. Willis og Schwarzenegger mæta í smá stund svona rétt til þess að fullkomna þetta dæmi og Stallone og Arnold deila tjaldinu í nokkur stórkostleg augnablik í atriði sem er bæði stórskemmtilegt og hyldjúpt í ljósi forsögu þeirra og núnings á níunda áratugnum þegar þeir börðust um hásætið í hasarmyndabransanum. Þetta er „priceless“ eins og segir í auglýsingunni.

Fyrir utan geggjaðan testósteróntrylltan mannskapinn er svo sem ekkert nýtt að frétta. Stallone elskar ekkert jafn mikið og að láta persónur sínar frelsa saklaust og einfalt fólk úr klóm hræðilegra skúrka og hér fer hann fyrir hópi málaliða sem taka að sér að bjarga íbúum eyju nokkurrar undan harðstjórn kókaínbaróns sem pínir mannskapinn áfram á eiturakrinum.

Þetta er að sjálfsögðu gert með frábærum tilþrifum þar sem er sparkað, stungið, skotið, sprengt, kýlt og bílum rústað. Heilalaust vissulega en frábær skemmtun engu að síður. Þeir sem halda að Stallone detti til hugar að þykjast vera eitthvað annað en hann er og fari að gera einhverja margræða snilld er varla viðbjargandi úr þessu og ættu að halda sig fjarri. Fyrir hina er þetta æði og fölskvalaust afturhvarf til níunda áratugarins fyrir utan það auðvitað að maður hefði gengið af göflunum í þá daga ef manni hefði verið boðið í svona stórveislu.

**Þórarinn Þórarinsson**

**Niðurstaða:** Þrátt fyrir úreldingu merkimiða verður þessari mynd ekki lýst betur en sem „strákamynd“ og slíkar myndir verða tæpast mikið betri en The Expendables. Hún býður upp á allt fyrir okkur sem fílum svona en ekkert fyrir hina. Góða skemmtun!


NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE EXPENDABLES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE EXPENDABLES LÚXUS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| VAMPIRES SUCK | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| SALT | kl. 8 - 10.50 | 14 |
| THE LAST AIRBENDER 3D | kl. 3.30 - 5.40 - 10.10 | 10 |
| LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG | kl. 4 (650 kr.) | L |
| KARATE KID | kl. 5.10 - 8 | L |
| SHREK 4 2D ÍSL TAL | kl. 3.30 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE EXPENDABLES | kl. 6.40 - 9 - 11.20 | 16 |
| VAMPIRES SUCK | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| SALT | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| THE KARATE KID | kl. 8 - 10.50 | L |
| BABIES | kl. 6 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE EXPENDABLES | kl. 6 - 8 - 10* Kraftsýning | 16 |
| VAMPIRES SUCK | kl. 6 - 8 | 12 |
| SALT | kl. 10 | 14 |
| THE LAST AIRBENDER 3D | kl. 6 | 10 |



LEGGÐU EKKI AF STAÐ ÁN ÞEIRRA

Frábær búnaður í skotveiðina



Oregon

GPS staðsetningartæki með einfaldri og aðgengilegri valmynd, alvöru þrívíddarkorti, snertiskjá, hágæða GPS-móttakara, hæðarmæli, 3-ása rafeindaáttavita, SD-kortalesara, myndaskoðun o.fl. Oregon veitir góða tilfinningu fyrir landslaginu og er fullkominn ferðafélagi hvert sem förinni er heitið.

Verð frá 74.900



Dakota

Harðgert, lófastórt útivistartæki með snertiskjá, næmum GPS-móttakara með HotFix™ gervihnattaútreikningi, hæðarmæli, rafeindaáttavita, SD-kortalesara, 3-ása rafeindaáttaavita og grunnkorti af heiminum. Dakota staðsetur þig fljótt, örugglega og nákvæmlega.

Verð frá 49.900

Tachyon XC

Fullkomin myndbandsupptökuvél til að taka upp myndskeið af áhugamálinu án þess að nota hendurnar því þú festir vélina á hjálminn, byssuna, húfuna stýrið eða köfunargleraugun. Vélin er vatnsheld að 30 metra dýpi og ótrúlega sterk. Fjörið sýnir þú svo á Facebook eða YouTube.



Verð frá 33.900

Surefire vasaljós

Surefire vasaljós er ekki það sama og vasaljós því ljósið er ótrúlega bjart úr ekki stærra vasaljósi. Surefire notar nýjustu og bestu tækni sem völ er á til að þróa enn betri ljós en þekkst hafa.
Amerísk gæði tryggja styrk og endingu, hvort sem er í handljósum eða höfuðljósum.

Verð frá 16.900



PIPAR\TBWA • SÍA • 102009

Ögurhvarfi 2, 203 Kópavogi | S: 577 6000 | www.garmin.is

GARMIN BÚÐIN


FARTÖLVU
TILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
LANDSINS MESTA ÚRVAL
STÚTFULL BÚÐ AF FARTÖLVUM • NÝ SJÓÐANDI HEIT MÓDEL
0%
VEXTIR
ALLAR TÖLVUR
VAXTALAUST Í
6 MÁNUÐI
4BLS
BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF NÝJUM
FARTÖLVUTILBOÐUM
ÍS
FYRIR ALLA
LJÚFENGUR EMMESS
ÍS Í BOÐI MEÐAN
BIRGÐIR ENDAST
emmessís
acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

## > Arnar og Magnús fara til Danmerkur

Arnar Freyr Jónsson og Magnús Þór Gunnarsson munu semja við danska félagið Aabyhoj. Það hefur tekið nokkurn tíma fyrir tvímenningana að fá atvinnumál sín úti á hreint en það skýrðist loksins í byrjun vikunnar. „Við förum út í byrjun september og semjum við liðið. Það er mjög gaman að þetta sé í höfn,“ segir Arnar. Þeir félagar munu vinna sem smiðir og búa saman í Árósum. „Þetta er svona hálfatvinnumennska sem hentar okkur fínt. Það verður gaman að fara út og prófa eitthvað nýtt,“ segir Arnar sem fer því frá Keflvíkingum og Magnús frá Njarðvík.



**sport**
sport@frettabladid.is

**BJÖRGVIN PÁLL GÚSTAVSSON:** VALINN BESTUR Á TVEIMUR ÆFINGAMÓTUM Í RÖÐ

## Harðfiskurinn á hluta af velgengninni

Björgvin Páll Gústavsson æfir sig í allt að klukkutíma aukalega á hverjum degi. Metnaðurinn hjá íslenska landsliðsmarkmanninum er að skila sér í frábæru formi fyrir nýja tímabilið með Kadetten í Sviss, hans síðasta hjá félaginu.

Liðið hefur tekið þátt í tveimur æfingamótum í sumar og hefur Björgvin verið valinn besti markmaður beggja mótanna.

„Ég er búinn að vera að æfa eins og rotta, það er að skila sér og mér hefur gengið vel,“ sagði Björgvin við Fréttablaðið í gær. En hvernig æfir maður eins og rotta?

„Bara meira en allir hinir,“ segir Björgvin ákveðinn. „Ég mæti alltaf fyrstur og er síðastur út. Ég er að æfa á réttum forsendum núna, aukaæfingarnar ofan á hitt og mataræðið hefur verið áberandi gott hjá mér undanfarið,“ segir markmaðurinn.

Liðið hefur unnið sterk lið á borð við Hamburg og Celje Lasko. „Við höfum líka átt slæma leiki en vörnin okkar er orðin betri en í fyrra og ég græði klárlega á því.“

Hann segir líka að hann sé búinn að koma sér vel fyrir en um leið að tímabilið sé hans síðasta í Sviss. „Þetta tímabil er mjög spennandi fyrir mig. Ég er 25 ára og á góð fimmtán ár eftir í boltanum. Það stefnir í spennandi og skemmtilegt tímabil, við erum í skemmtilegum riðli í Meistaradeildinni,“ segir Björgvin sem er ánægður yfir að vera samningslaus eftir þetta tímabil.

„Það er líka HM í janúar og það er góður gluggi. Ég er búinn að vera að horfa á HM frá því í sumar og það hjálpar manni í útihlaupunum,“ segir markmaðurinn.

Hann talar einnig um bætt mataræði og þá sérstaklega íslenska harðfiskinn. „Ég læt fólk draga mat með sér hingað út, meðal annars harðfisk. Ætli það sé ekki hluti af velgengninni. Eins kjánalega og það hljómar læt ég fólk líka taka íslenskan ost út, og það til Sviss. Ætli það sé ekki bara gamli vaninn,“ segir matgæðingurinn Björgvin Páll Gústavsson.



## ÚRSLIT

### 1. deild karla:

| | |
|---|---|
| KA-Fjarðabyggð | 2-2 |
| Steinn Gunnarsson, Daniel Stubbs - Andri Albertsson, Fannar Árnason. | |
| Þróttur-Þór | 1-1 |
| Dusan Ivkovic - Atli Sigurjónsson. | |
| ÍA-Víkingur R. | 1-1 |
| sjálfsmark - Daníel Hjaltason. | |
| Grótta-Leiknir | 0-0 |
| HK-Njarðvík | 4-1 |
| Hólmbert Friðjónsson 3, Ásgrímur Albertsson - Ísak Örn Þórðarson. | |
| ÍR-Fjölnir | 0-2 |
| Pétur Georg Markan. | |

** upplýsingar um markaskorara fengnir frá fótbolti.net.*

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Leiknir** | **17** | **11** | **2** | **4** | **25-13** | **35** |
| Víkingur | 17 | 10 | 3 | 4 | 30-20 | 33 |
| **Þór** | **17** | **8** | **7** | **2** | **31-19** | **31** |
| ÍR | 17 | 8 | 5 | 4 | 29-27 | 29 |
| **Fjölnir** | **17** | **8** | **4** | **5** | **31-23** | **27** |
| KA | 17 | 6 | 5 | 6 | 24-28 | 23 |
| **ÍA** | **17** | **5** | **7** | **5** | **26-23** | **22** |
| Þróttur | 17 | 6 | 3 | 8 | 24-29 | 21 |
| **HK** | **17** | **5** | **4** | **8** | **25-30** | **19** |
| Grótta | 17 | 4 | 5 | 8 | 24-26 | 17 |
| **Fjarðabyggð** | **17** | **3** | **3** | **11** | **21-35** | **12** |
| Njarðvík | 17 | 3 | 2 | 12 | 12-29 | 11 |

### Meistaradeild Evrópu:

| | |
|---|---|
| Young Boys-Tottenham | 3-2 |
| 1-0 Senad Lulic (4.), 2-0 Henri Bienvenu (13.), 3-0 Xavier Hochstrasser (28.), 3-1 Sebastien Bassong (42.), 3-2 Roman Pavlyuchenko (83.). | |
| Zenit. St. Petersburg-Auxerre | 1-0 |
| Dynamo Kiev-Ajax | 1-1 |
| Rosenborg-FC Copenhagen | 2-1 |
| 1-0 Steffen Iversen (23.), 2-0 Markus Henriksen (57.), 2-1 Jesper Grönkjær (84.) | |
| Sparta Prag-Zilina | 0-2 |



**SKEMMTILEGT FUTSAL** Bojan Stefán Ljubicic og félagar í Keflavík töpuðu, 16-5, fyrir Eindhoven í gær. Keflavík er þar með úr leik. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Smástrákarnir lögðu Spurs

**Svissneska liðið Young Boys gerði sér lítið fyrir og lagði enska liðið Tottenham í fyrri leik liðanna í umspili Meistaradeildar Evrópu. Rosenborg vann Norðurlandaslaginn gegn FCK þar sem Sölvi Geir Ottesen fékk ekki að spila.**

**FÓTBOLTI** Frumraun Tottenham Hotspur í Meistaradeild Evrópu var ekki án vandræða. Liðið sótti svissneska liðið Young Boys heim í fyrri leik liðanna í umspili keppninnar. Young Boys vann leikinn 3-2 og á ágæta möguleika í síðari leiknum.

Heimamenn byrjuðu leikinn með ótrúlegum látum. Eftir aðeins 28 mínútna leik var staðan orðin 3-0 fyrir Young Boys. Heimamenn hefðu hæglega getað bætt við fleiri mörkum fyrir hlé enda var vörn Spurs hriplek.

Skallamark Sebastiens Bassong rétt fyrir hlé gaf Tottenham síðan von. Spurs gekk illa að skapa sér færi en Roman Pavlyuchenko skoraði laglegt mark sex mínútum fyrir leikslok sem gjörbreytir stöðunni fyrir síðari leikinn.

Harry Redknapp, stjóri Tottenham, var furðulega sáttur með tapið og lýsti því sem frábæru.

„Þetta var frábært tap ef hægt er að tala um slíkt. Við vorum 3-0 undir og nánast úr leik. Ég verð að gefa strákunum hrós fyrir að koma til baka og gefa okkur möguleika fyrir seinni leikinn,“ sagði Redknapp nokkuð brattur.

Redknapp vildi ekki kenna gervigrasinu um slæman leik sinna manna. „Ég vil ekki bjóða upp á afsakanir. Við æfðum á vellinum fyrir leik og það voru margir með ýmsar áhyggjur eftir æfinguna ef ég á að segja eins og er,“ sagði Redknapp sem var svo reiður yfir byrjun sinna manna að hann tók bakvörðinn Assou-Ekotto af velli fyrir hálfleik.

„Þessi úrslit þýða að síðari leikurinn verður frábær á White Hart Lane. Andrúmsloftið á eftir að verða einstakt og leikurinn erfiður. Það er alveg klárt mál. Þetta er agað lið sem er erfitt að brjóta niður. Þeir eiga líka lipra leikmenn sem kunna að sækja hratt.“

Líklega tvö bestu lið Norðurlandanna, Rosenborg og FC Copenhagen, mættust í Þrándheimi þar sem heimamenn unnu sigur, 2-1. Þar voru þekktir menn eins og Steffen Iversen og Jesper Grönkjær á skotskónum. Sölvi Geir Ottesen sat allan tímann á varamannabekk Kaupmannahafnarliðsins í gær.

henry@frettabladid.is



**BJARGAÐI MIKLU** Roman Pavlyuchenko skoraði gríðarlega mikilvægt mark fyrir Tottenham þegar sex mínútur voru eftir af leiknum. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



**SJÓÐHEITUR** Hinn ungi Hólmbert Aron Friðjónsson skoraði þrjú mörk fyrir HK í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

1. deild karla:

## Óbreytt á toppi deildarinnar

**FÓTBOLTI** Efstu þrjú liðin í 1. deild karla gerðu öll jafntefli í leikjum sínum í gær.

Toppið Leiknis sótti Gróttu heim á Nesið og tókst ekki að skora. Það tókst Gróttu ekki heldur þannig að bæði lið fengu eitt stig.

Leiknir heldur toppsætinu þar sem Víkingi tókst ekki að leggja ÍA að velli. Daníel Hjaltason bjargaði stigi fyrir Víking eftir að ÍA hafði komist yfir á sjálfsmarki.

Þór sótti síðan eitt stig í Laugardalinn gegn Þrótti þar sem bæði mörkin voru skoruð í fyrri hálfleik.

HK sýndi loksins eitthvað í sumar er liðið valtaði yfir botnlið Njarðvíkur, 4-1. Þar skoraði hinn ungi og bráðefnilegi, Hólmbert Aron Friðjónsson, þrjú mörk fyrir Kópavogsliðið.

HK reif sig með sigrinum aðeins frá botnliðunum og getur farið að anda dálítið léttar. **- hbg**


cleanfix
- gólfþvottavélar
- ryksugur
- sala
- varahlutir
- þjónusta
AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is

Sigurður Ragnar Eyjólfsson veit að íslenska landsliðið þarf að eiga stórleik til að vinna Frakka á laugardaginn:

# Það er allt hægt á Laugardalsvellinum

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið spilar gríðarlega mikilvægan leik á móti Frökkum á Laugardalsvellinum á Menningarnótt. Liðið þarf að vinna 3-0 sigur til þess að eiga möguleika á því að vinna riðilinn en sigur gæti reynst liðinu heilladrjúgur í framtíðinni þótt hann myndi ekki duga til þess að liðið kæmist upp úr riðlinum.

„Þetta er frábær áskorun og ég held að það dreymi alla leikmenn um að fá að spila svona leiki á heimavelli. Við erum alltaf að mæta þessum sterkustu þjóðum á útivelli eða á hlutlausum velli. Loksins fáum við virkilega sterkt lið hingað heim. Ég held að alla góða leikmenn dreymi um að fá svona áskorun,“ sagði Sigurður Ragnar en íslenska liðið hefur unnið alla níu leikina undir hans stjórn á Laugardalsvelli með markatölunni 43-0.

„Okkur hefur bara einu sinni tekist að vinna Frakkland og það var leikurinn sem við pökkuðum í vörn og náðum síðan að skora í restina úr skyndisókn. Franska liðið er með átta leikmenn sem tóku þátt í úrslitaleiknum í Meistaradeildinni og tvo frábæra leikmenn sem eru að spila í bandarísku úrvalsdeildinni,“ segir Sigurður Ragnar sem saknar sterkra leikmanna.

Ísland þarf að vinna leikinn 3-0 til að vinna upp 0-2 tap í fyrri leiknum í Frakklandi en Sigurður Ragnar er líka búinn að reikna það út að sigur gæti hjálpað framtíðarplönum liðsins.

„Sigur gæti mögulega gefið okkur það að við yrðum í fyrsta styrkleikaflokki í drættinum fyrir undankeppni næsta Evrópumóts. Þá myndum við sleppa við þjóðir eins og Þýskaland, Noreg, Svíþjóð, Danmörku, England og Frakkland. Það er því til mikils að vinna að vinna þennan leik,“ segir Sigurður Ragnar.

Hann vonast eftir góðum stuðningi og að landsleikurinn mikilvægi falli ekki í skuggann af öllu því sem er í gangi í Reykjavík á menningarnótt.

„Ég vona að fólk geri sér leið á völlinn á leikinn sem er klukkan fjögur. Það er svo mikilvægt að við fáum góðan stuðning því við þurfum extra mikla hjálp núna þar sem liðið okkar er aðeins lemstrað og óreyndara en oft áður. Þá er gott að fá klapp þegar maður gerir vel og stuðning frá áhorfendum,“ segir Sigurður Ragnar sem dreymir um 3-0 sigur og sigur í riðlinum. **- óój**



**SIGURÐUR RAGNAR EYJÓLFSSON** Þjálfari kvennalandsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Opið til kl.18 í kvöld

**Komdu og sjáðu úrvalið á rýmingarsölu hjá Thrifty bílaleigu**

# Gerðu bílakaup dagsins!

Notaðu tækifærið og gerðu góð kaup á notuðum bíl í dag. Thrifty bílaleiga þarf að rýma til fyrir veturinn. Komdu og sjáðu úrvalið af fólksbílum, jeppum, sportjeppum og sendiferðabílum sem standa þér til boða með alvöru afslætti. Reynsluaktu smáum og stórum gæðabílum í öllum verðflokkum frá Thrifty bílaleigu. Komdu í dag og gerðu frábær kaup.

Rýmingarsala á bílaleigubílum

Opið til 18 í kvöld

**Thrifty bílaleiga rýmir til fyrir veturinn**




**Komdu í dag!**
Nýttu tækifæri þessa árs!
Kauptu bíl af Thrifty. Frábært úrval af fólksbílum og sportjeppum og jeppum á frábærum kjörum.

## Rýmingarsala! Kauptu bíl á rýmingarverði af Thrifty

**Þú finnur okkur þar sem Brimborg er, að Bíldshöfða 6, Reykjavík og Tryggvabraut 5, Akureyri. Sölufulltrúar Brimborgar sjá um söluráðgjöf fyrir Thrifty.**

Opið til kl. 18 í kvöld

**Thrifty Íslandi**
Bíldshöfða 6
110 Reykjavík
Sími 515 7115

**Thrifty Íslandi**
Tryggvabraut 5
600 Akureyri
Sími 515 7115

www.thrifty.is

Thrifty® Bílaleiga

> Kristen Bell

„Ég klæðist sjaldnast fötum þegar ég er ein heima. Ég elska að búa til morgunmat nakin. Ég verð bara að vera viss um að garðyrkjumaðurinn sé ekki í vinnunni.“

***Kristen Bell fer með hlutverk hinnar óforskömmuðu Gossip Girl í samnefndum þáttum. Gossip Girl er á dagskrá Stöð 2 kl. 20.10 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS ÞORLÁKUR LÚÐVÍKSSON FAGNAR ENDURKOMU ENSKA BOLTANS

# Næsti leikur eða jafnvel næsta lið?

Í lífi knattspyrnuaðdáandans skiptast óumflýjanlega á skin og skúrir. Stundum vinna liðin manns glæsta sigra og stundum valda þau sárum vonbrigðum. Gleðin getur orðið hreint rosaleg þegar erkióvinur liggur í valnum eftir spennuleik en að sama skapi geta vonbrigðin orðið alveg jafn sár standi liðið þitt eftir sigrað og allslaust.

Knattspyrnuaðdáandinn getur hins vegar yfirleitt huggað sig við einn hlut. Það kemur nefnilega alltaf annar leikur, önnur leiktíð eða önnur keppni. Sumir leikir eru hins vegar þess eðlis að þeir bjóða upp á tækifæri sem kann ekki að bjóðast aftur og tap í slíkum leik er það sárasta sem þekkist. Gott dæmi væri bikarúrslitaleikur KR og FH síðasta laugardag þar sem mínir menn í KR þurftu að sætta sig við stórt tap. Ekki nóg með það að bikar væri í boði heldur var þarna til staðar besta tækifæri KR-liðsins til að drepa og grafa FH-grýluna sem hefur strítt liðinu undanfarin ár. Ekki verður fjölyrt um niðurstöðu leiksins, sem var greinarhöfundi sár vonbrigði, en eðli málsins samkvæmt er erfitt að hugga sig við það eftir úrslitaleik að það komi leikur eftir þennan leik. Það var því þörf á nýrri lækningu.



Sem betur fer fyrir mig og aðra KR-inga kom sú lækning eins og kölluð strax nú um helgina. Sú lækning er nefnilega enski boltinn. Jú, hvað er betra til að gleyma vonbrigðum í íslenskum fótbolta en vonir um tímabil fullt af titlum hjá mínum mönnum í enska fótboltanum? Í stað þess að hugsa um bikarleysi KR þá get ég hugsað um mína menn í Manchester United að vinna úrvalsdeildina í 19. sinn í vor, sem væri met, ég get hugsað um United vinna Meistaradeildina í vor, sem væri frábært, og svo framvegis.

Og viti menn, United-liðið brást mér bara alls ekki heldur hóf tímabilið af krafti gegn Newcastle á mánudaginn með 3-0 sigri. Hvaða bikarúrslitaleik var ég aftur að tala um?

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **19.30** The Doctors — STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.10** Ljóta Betty — SJÓNVARPIÐ



▶ **20.10** Gossip Girl — STÖÐ 2



▶ **20.55** Canada's Next Top Model — SKJÁREINN



▶ **21.55** Sunnudagsmessan — STÖÐ 2 SPORT 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Áfangastaðir - Fagrir staðir** (6:12)
**17.00 Friðlýst svæði og náttúruminjar - Þjóðgarðurinn Skaftafell** (15:24)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Einu sinni var... jörðin** (19:26)
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Alvöru dreki** (51:52)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (21:26)
**18.30 Finnbogi og Felix** (7:12)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Ljóta Betty** (72:85) (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp óvenjulega stúlku sem vinnur á ritstjórn tískutímarits í New York.
**20.55 Fornleifafundir** (5:6) (Bonekickers) Breskur spennumyndaflokkur. Fornleifafræðingar frá Háskólanum í Bath grafa eftir merkum minjum og eiga í höggi við misindismenn.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Sólskinsdrengurinn** Heimildamynd eftir Friðrik Þór Friðriksson. Myndin segir sögu Margrétar móður hans Kela, sem hefur reynt allt til að koma syni sínum til hjálpar en hann með hæsta stig einhverfu. Textað á síðu 888 í Textavarpi. (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.45 Fréttir** (e)
**00.55 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Snow 2: Brain Freeze**
**10.00 Good Night, and Good Luck**
**12.00 Land Before Time XIII: The Wisdom of Friends**
**14.00 Snow 2: Brain Freeze**
**16.00 Good Night, and Good Luck**
**18.00 Land Before Time XIII: The Wisdom of Friends**
**20.00 Cake: A Wedding Story**
**22.00 Thelma and Louise**
**00.05 Racing for Time**
**02.05 The Invasion**
**04.00 Thelma and Louise**
**06.05 Transformers**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Brunabílarnir, Ævintýri Juniper Lee, Ofuröndin, Oprah
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Auddi og Sveppi**
**11.00 Tim Gunn's Guide to Style** (5:8)
**11.45 Grey's Anatomy** (10:17)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ghost Whisperer** (9:23)
**13.55 Ally McBeal** (21:22)
**14.40 E.R.** (12:22)
**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Ofurmennið, Leðurblökumaðurinn, Ofuröndin, Brunabílarnir
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (11:20) Ný þáttaröð með gulustu fjölskyldu í heimi, sú nítjánda í röðinni.
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (15:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (13:20)
▶**20.10 Gossip Girl** (21:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**20.55 Mercy** (17:22) Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER.
**21.40 True Blood** (8:12) Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bills en saman þurfa þau að berjast gegn mótlæti íbúa smábæjarins Bon Temps í Louisiana.
**22.35 Nip/Tuck** (17:22) Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Seans McNamara og Christians Troy.
**23.20 NCIS: LA** (1:24)
**00.05 The Closer** (7:15)
**00.50 The Forgotten** (4:17)
**01.35 X-Files** (12:24)
**02.20 Grey's Anatomy** (10:17)
**03.05 E.R.** (12:22)
**03.50 Sjáðu**
**04.20 War of the Roses** Óborganleg gamanmynd með Michael Douglas og Kathleen Turner.

## SPORT besta sætið

**07.00 Young Boys - Tottenham** Sýnt frá leik Young Boys og Tottenham í umspili fyrir Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**16.20 Young Boys - Tottenham** Sýnt frá leik Young Boys og Tottenham í umspili fyrir Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**18.00 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði. Farið verður í veiði í öllum landshornum og landsþekktir gestir verða í sviðsljósinu. Einnig verður farið ofan í saumana á lífsstíl og matarmenningu.
**18.30 Werder Bremen - Sampdoria** Bein útsending frá fyrri leik Werder Bremen og Sampdoria í umspili fyrir Meistaradeild Evrópu.
**20.40 Pæjumótið TM á Siglufirði**
**21.35 London High Roller 2** Sýnt frá evrópsku mótaröðinni í póker en til leiks mæta margir af bestu og snjöllustu spilurum heims.
**22.25 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.
**23.10 Werder Bremen - Sampdoria** Útsending frá leik Werder Bremen og Sampdoria í umspili fyrir Meistaradeild Evrópu.

## SPORT 2 enski boltinn

**16.20 Blackpool - Wigan** Útsending frá leik Blackpool og Wigan í ensku úrvalsdeildinni.
**18.10 Man. Utd. - Newcastle** Útsending frá leik Man. Utd og Newcastle.
**20.00 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**20.55 Football Legends - Rivellino**
**21.25 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.
▶**21.55 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir skoðaðir í þaula af fagmönnum og lífleg og fagleg umræða um enska boltann.
**22.55 Tottenham - Man. City** Útsending frá leik Tottenham og Man. City í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dynasty** (14:30) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**17.10 Dynasty** (15:30)
**17.55 Rachael Ray**
**18.40 Girlfriends** (22:22) (e)
**19.00 Million Dollar Listing** (1:9) Skemmtileg þáttaröð um fasteignasala í Hollywood og Malibu sem gera allt til þess að selja lúxusvillur fræga og fína fólksins.
**19.45 King of Queens** (8:13) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie.
**20.10 Top Chef** (12:17) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldhúsinu.
▶**20.55 Canada's Next Top Model** (2:8) Raunveruleikasería sem farið hefur sigurför um heiminn. Þetta er önnur þáttaröðin af kanadískri útgáfu þáttanna og nú hefur stjörnustílistinn Jay Manuel tekið við hlutverki yfirdómara og kynnis þáttanna.
**21.40 Life** (18:21) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem sat saklaus í fangelsi í tólf ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök.
**22.30 Jay Leno**
**23.15 Law & Order** (16:22) (e)
**00.05 Leverage** (7:13) (e)
**00.50 King of Queens** (8:13) (e)
**01.15 Premier League Poker II** (2:15) (e) Skemmtilegt pókermót þar sem tólf af sterkustu pókerspilurum heims reyna með sér.
**03.00 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Reykjavík-Vestmannaeyjar-Reykjavík** Höldum í heimsókn til Eyjanna fögru.
**20.30 Mótoring** Nýjar fréttir úr mótorhjólaheiminum.
**21.00 Alkemistinn** Viðar Garðarsson, Friðrik Eysteinsson og gestir skoða markaðsmál og auglýsingamál til mergjar.
**21.30 Eru þeir að fá hann?** Ungur nemur, gamall veiðir. Framtíðarveiðimenn heimsóttir.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


ÞAÐ RIGNIR NÝJUM KILJUM

NÝ BÓK EFTIR ÞÓRBERG ÞÓRÐARSON
Tilboð 1.990 kr.
Fullt verð 2.490 kr.




BESTA DANSKA SPENNUSAGAN 2008
Tilboð 1.990 kr.
Fullt verð 2.490 kr.




Gildir til 24.08.2010

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.50



**True Blood**

Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bills en saman þurfa þau að berjast gegn andstöðu íbúa smábæjarins Bon Temps í Louisiana. Menn og vampírur búa þar saman en þó kannski ekki beint í sátt og samlyndi þrátt fyrir að komið sé á markað gerviblóð á flöskum sem ætlað er að svala blóðþorsta vampíranna.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Nip/Tuck**

### Stöð 2 kl. 22.35

Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Seans McNamara og Christians Troy. Eftir að hafa brennt allar brýr að baki sér í Miami ákveða þeir að söðla um og opna nýja stofu í Mekka lýtalækninganna, Los Angeles, þar sem bíða þeirra ný andlit og ný vandamál.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Í boði náttúrunnar
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Eldfórnin
**15.25** Skorningar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Á sumarvegi
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** Anton Tsjekov: Maðurinn og verk hans
**19.40** Sumarsnakk
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Út um græna grundu
**21.30** Kvöldsagan: Rómeó og Júlía í sveitaþorpinu
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.05** Prússland - Ris og fall járnríkis
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

▶ **19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar, sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum, veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur

**20.10 Falcon Crest II** (10:22) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing- og Giobertis-fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Cougar Town** (10:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar einstæðrar móður unglingsdrengs.

**22.10 White Collar** Spennu- og gamanþáttur um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey. Hann er svokallaður góðkunningi lögreglunnar og þegar hann er gómaður í enn eitt skiptið sér hann sér leik á borði og býður lögreglunni þjónustu sína við það að hafa hendur í hári annarra svikahrappa og hvítflibbakrimma gegn því að komast hjá fangelsisvist.

**22.55 Gavin and Stacy** (5:7) Önnur þáttaröðin af þessari bresku gamanþáttaröð og nú eins og jafnan áður er rómantíkin er allsráðandi.

**23.25 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir til að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts.

**23.50 The Doctors**

**00.30 Falcon Crest II** (10:22)

**01.20 Fréttir Stöðvar 2**

**02.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.25** Black Adder **13.00** Black Adder **13.35** My Family **14.05** My Family **14.35** ,Allo ,Allo! **15.05** Dalziel and Pascoe **15.55** The Weakest Link **16.40** Monarch of the Glen **17.30** Fawlty Towers **18.00** Live at the Apollo **18.45** The Visitor **19.15** Little Britain **19.45** The Inspector Lynley Mysteries **20.30** Live at the Apollo **21.15** Come Dine With Me **21.40** The Jonathan Ross Show **22.30** EastEnders **23.00** Primeval **23.50** Fawlty Towers

## DR 1

**12.00** Ha' det godt **12.30** Hammerslag **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.05** Radiserne **14.30** Juniper Lee **14.50** Alfred **15.00** Vinden i piletræerne **15.20** Sallies historier **15.30** Skæg med bogstaver **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Tæt på **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Coco Chanel **21.00** Onsdags Lotto **21.05** OBS **21.10** Afrikas bornehekse **22.00** Naruto Uncut **22.25** Boogie Mix

## NRK1

**12.20** Uteliv om høsten **12.50** Solens mat **13.20** Ut i naturen **13.45** Smykketyven **15.15** Verdensarven **15.30** Tingenes tilstand **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tinas mat **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Munter mat **18.15** Olavsfestdagene **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Klippen **20.30** The Norwegian Solution **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hva skjedde med **22.00** Höök **23.00** Höök **00.00** Svisj gull

## SVT 1

**12.45** Valiant och de fjäderlätta hjältarna **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Såna är mammor **15.25** Cleo **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Hundra procent bonde **16.45** Vägen till öriket **17.15** Din plats i historien **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Val 2010: Tom Alandh i Sverige **18.30** Djursjukhuset **19.00** Livvakterna **20.00** Friidrottskväll **20.30** Nip/Tuck **21.15** Undercover Boss **21.55** Latin Grammy Awards **23.25** Val 2010: Tom Alandh i Sverige **23.55** Mord i Rom




## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér Weetabix á morgnana áður en ég mæti í vinnuna. Reyni að ná því á hverjum morgni en þar sem ég mæti í vinnuna klukkan sjö er stundum lítill tími. Ég fæ mér líka Weetabix um helgar.“*

Jóhanna Eva Gunnarsdóttir vörubílstjóri sem tekur þátt í fatahönnunarkeppni á vegum Iceland Fashion Week í byrjun september.



**LÁRÉTT**
2. kornstrá, 6. úr hófi, 8. sæ, 9. gifti, 11. belti, 12. laust bit, 14. nasl, 16. klafi, 17. hlaup, 18. fálm, 20. guð, 21. traðkaði.

**LÓÐRÉTT**
1. kjaft, 3. hæð, 4. lukt, 5. mælieining, 7. svikull, 10. kelda, 13. iðn, 15. útungun, 16. margsinnis, 19. eldsneyti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. hálm, 6. of, 8. sjó, 9. gaf, 11. ól, 12. glefs, 14. snakk, 16. ok, 17. gel, 18. fum, 20. ra, 21. tróð.

**LÓÐRÉTT:** 1. gogg, 3. ás, 4. ljósker, 5. mól, 7. falskur, 10. fen, 13. fag, 15. klak, 16. oft, 19. mó.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 10.

1. Orð skulu standa.
2. Tvisvar, nú síðast í plastdúk á vesturhlið hússins á mánudag.
3. Robert Gates.









# Skarð Spaugstofunnar ófyllt

„Ég er ekki að fara vinna með RÚV, allavega ekki laugardagsþáttinn. Ég er bara á fullu að gera Gauragang. Hún verður frumsýnd um jólin og ég er bundinn í þeirri vinnu þangað til,“ segir Gunnar Björn Guðmundsson kvikmyndaleikstjóri. Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri RÚV, lýsti því yfir í samtali við Fréttablaðið fyrir viku að hún hefði hug á því að falast eftir kröftum Gunnars til að stjórna þætti á þeim dagskrártíma sem Spaugstofan var áður sýnd á. En hún er, eins og flestum ætti að vera kunnugt um, hætt í Efstaleitinu.

Einhverjar hugmyndir voru á kreiki um að fá fólkið á bak við síðasta Skaup til að koma að gerð nýs skemmtiþáttar og Gunnar kannast vel við þær pælingar. Þau hafi sett fram hugmynd um skemmtiþátt fyrir allnokkru síðan en sá hafi verið sleginn út af borðinu þar sem hann þótti of dýr. Síðan þá hafi lítið sem ekkert gerst og Gunnar hefur raunar engan tíma fyrir sjónvarpsstarfið, er þrælbundinn í kvikmyndagerð sinni. Hann vildi þó ekki útiloka neitt eða loka neinum dyrum, hann væri samt sem áður ekki að taka við laugardagsþætti RÚV.

Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri RÚV, hafði ekki heyrt af afsvari Gunnars þegar Fréttablaðið hafði samband við hana. „Ég hefði mjög gjarnan viljað vinna með honum, hann stóð sig vel í tengslum við áramótaskaupið og er af þeirri kynslóð sem við þurfum að einblína á. En það er til mikið af hæfileikaríku fólki og ég er með fleiri í sigtinu,“ segir Sigrún. **- fgg**



**BUNDINN GAURAGANGI** Gunnar Björn segir það ekki hafa staðið til að fara að vinna á RÚV á þessum vetri; hann sé á fullu við að gera bíómyndina Gauragang. Sigrún Stefánsdóttir segist hafa fleiri í sigtinu.

GÍSLI ÖRN GARÐARSSON: Í SAMRÆMI VIÐ STEFNU HÓPSINS

# VESTURPORT HELLIR SÉR ÚT Í GAMANLEIK OG FARSA

„Það var kominn tími til að reyna sig við gamanleik, eftir að hafa verið í svona „léttmeti“ eins og Hamskiptunum og Fást,“ segir Gísli Örn Garðarsson, leikari og leikstjóri. Vesturport í samstarfi við Borgarleikhúsið hyggst setja upp sýningu sem verður í eilítið öðruvísi dúr en aðrar sýningar hópsins. Um er að ræða farsakenndan gamanleik um húsmóðurhlutverkið á Íslandi. Verkið er glænýtt, skrifað af þeim Víkingi Kristjánssyni, Birni Hlyni Haraldssyni, Nínu Dögg Filippusdóttur, Jóhanni Níels Sigurðssyni og Gísla Erni.

Þetta verður í fyrsta skipti sem hópurinn tekst á við verk eftir sjálfan sig. „Undantekningin er náttúrulega söngleikurinn Ást en við lékum ekki í honum. Núna er annað uppi á teningnum.“ Gísli segir að þetta sé í takt við stefnu leikhópsins, þau í hópnum vilji ögra sjálfum sér og virkja leikhúsformið í botn. „Núna ætlum við að setja húsmóðurhlutverkið í farsakenndan stíl og ýta sjálfum okkur út á ystu nöf,“ segir Gísli en sýningar Vesturports hafa hingað til ekki beint verið fyrir lofthrædda. Og ef marka má lýsingar Gísla verður engin breyting ar þar á, fólk mun jafnvel falla á milli hæða. „Ég veit ekki hvað þetta er, við erum skíthrædd við þetta, þetta er einhver sjálfseyðingarhvöt, að vera ung og hugsa að þá sé um að gera að þenja sig í botn. Ég er eiginlega alveg með hnút í maganum yfir þessu.“

Gísli segir hugmyndina hafa kviknað í kringum fréttir af mansali og vændi á Íslandi. „Þetta var á þeim tíma þar sem við veltum því fyrir okkur hvað við ættum að gera næst. Og í kjölfarið vildum við fjalla um húsmóður sem er ekki öll þar sem hún er séð og hvað það þýðir að vera húsmóðir. Þetta er kannski það starf sem við heyrum hvað minnst um,“ útskýrir Gísli og bætir því við að verkið bjóði upp á mikla karaktersköpun en ætluð frumsýning er í apríl 2011.



**MEÐ HNÚT Í MAGANUM** Vesturport hyggst næst reyna sig við gamanleik en nýjasta sýning hópsins fjallar um húsmóðurhlutverkið á Íslandi. Gísli Örn segist vera með hnút í maganum yfir þessu en þetta sé bæði ögrandi og nýtt fyrir þau. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

En þangað til þessi sýning fer á fjalir Borgarleikhússins er hópurinn í óða önn að undirbúa afmælissýningu á Fást í Young Vic-leikhúsinu sem fagnar fjörutíu ára afmæli í ár. Gísli segir þau vera að undirbúa sig andlega undir gullna reglu þegar kemur að svona ferðalögum; að allt sem geti farið úrskeiðis fari yfirleitt úrskeiðis. „Það á eftir að kosta mikla vinnu til að þetta verði í lagi og það er að mörgu að huga.“

**freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Fyrsta stiklan úr kvikmyndinni Dylan Dog hefur litið dagsins ljós á erlendum kvikmyndavefsíðum. Aðalhlutverkið er í höndum Brandons Routh sem er hvað þekktastur sem síðasta Ofurmennið. **Anita Briem** leikur stórt hlutverk í myndinni og í stiklunni má meðal annars sjá hana berjast við varúlfa og vampírur auk þess sem gefið er í skyn að persónur Anitu og Brandons eigi í eldheitu ástarsambandi. Myndin verður heimsfrumsýnd á Ítalíu þaðan sem Dylan Dog er ættaður.



Fréttablaðið hefur fylgst grannt með gangi mála hjá **Friðriki Weisshappel** en hann stóð sem kunnugt er fyrir söfnun í tilefni af afmæli Ómars Ragnarssonar. Sú söfnun gekk vonum framar en hið sama verður ekki sagt um áætlun Friðriks að opna þriðja Laundromat-staðinn við Reykjavikbrygge í Kaupmannahöfn. Friðrik fékk ekki húsnæðið eins og hann hafði vonast eftir en hann gerir sér engu að síður vonir um að hann finni fljótlega nýtt húsnæði.



Rokkarinn og smiðurinn **Ragnar Páll Steinsson** á von á sínu öðru barni nú í haust með unnustu sinni. Fyrir á hann dóttur með söngkonunni Urði Hákonardóttur, fyrrverandi meðlim hljómsveitarinnar GusGus. Urður sagði skilið við hljómsveitina fyrir nokkru og hefur síðan þá verið að vinna að eigin plötu sem lítur vonandi dagsins ljós á næstunni. **- fgg**

# Klæðist einum kjól í mánuð

Indía Salvör Menuez er hálfíslensk stúlka sem ætlar að klæðast sama kjólnum daglega í heilan mánuð til styrktar skóla í New Orleans. Verkefnið nefnist The uniform project og er upphafsmaður þess stúlka að nafni Sheena sem ákvað árið 2009 að klæðast sama kjólnum í heilt ár til styrktar skólabörnum á Indlandi.

„Ég kynntist Sheenu í gegnum tískublogg sem kallast Stylelikeu, þar sem mismunandi fólk opnar fataskápa sína fyrir lesendum. Þessi síða vann með Uniform project og fékk ólíka einstaklinga til að klæðast sama kjól og Sheena hafði klæðst yfir árið til að sýna fram á notagildi kjólsins. Ég var með í þessu verkefni og þannig kynntist ég Sheenu og hún bað mig í framhaldi af því að taka þátt í þessu nýja verkefni,“ útskýrir Indía Salvör sem er aðeins sautján ára gömul.

Indía hannaði kjólinn í samráði við hönnuð og óskaði meðal annars eftir því að kjóllinn væri með vösum og hálsmáli sem hægt væri að breyta eftir geðþótta. Hún klæðist kjólnum út ágúst en í september tekur ný stúlka við og nýr kjóll. Aðspurð segir Indía ekki erfitt að þurfa að klæðast sama kjólnum dag eftir dag. „Mér finnst erfiðara að blogga um þetta og að þurfa að mynda mig daglega, en það er víst hluti af þessu,“ segir hún og brosir. Peningarnir sem Indía Salvör safnar yfir mánuðinn renna til Blair Grocery-skólans í New Orleans. „Ég var í sjálfboðavinnu í New Orleans eftir fellibylurinn skall á borginni og það hafði mikil áhrif á mig því fólk var ekki að fá þá aðstoð sem það þurfti. Blair Grocery-skólinn er eini skólinn í 9. hverfi borgarinnar og þar er unnið mikið og þarft starf sem mig langaði að styrkja.“

Verkefnið hefur vakið verskuldaða athygli í Bandaríkjunum og hefur tímaritið Teen Vogue meðal annars viljað fjalla um það. „Öll athygli hjálpar. Mér hefur þótt mjög skemmtilegt að taka þátt í þessu, enda er alltaf gaman þegar maður getur látið gott af sér leiða,“ segir hún að lokum. Hægt er að fylgjast með verkefninu á síðunni www.theuniformproject.com. **- sm**



**AÐEINS EINN KJÓLL** Indía Salvör Menuez tekur þátt í verkefni til styrktar skóla í New Orleans. Hún þarf að klæðast sama kjólnum daglega út ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Safnaðu þekkingu

## Sæktu þér aukinn styrk



**Mörg stéttarfélög styrkja félagsmenn sína til náms.
Átt þú rétt á styrk frá þínu stéttarfélagi?**

### MENNING OG SJÁLFSRÆKT

Haustlaukar
haldið 6. september

Að nýta afrakstur sumarsins
hefst 13. september

Enron
hefst 14. september

Landnáma sexfætlinganna - ógna ný smádýr í íslenskri náttúru?
hefst 20. september

Prússland - Ris og fall járnríkis
hefst 27. september

Kvíði barna og unglinga - foreldranámskeið
hefst 27. september

Brennu-Njáls saga
þriðjudagskvöld UPPSELT
miðvikudagsmorgnar hefst 29. september
fimmtudagskvöld hefst 30. september

Frá Vilhjálmi bastarði til Díönu prinsessu
hefst 29. september

### HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Velgengni - stjórnaðu lífi þínu
hefst 9. september

Barnavernd: Vinnulag og samstarf
hefst 23. september

Sjálfstætt líf og notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)
haldið 25. september

Hvernig getur jákvæð sálfræði aukið vellíðan og heilbrigði?
hefst 4. október

### TUNGUMÁL

Þýska fyrir byrjendur I
hefst 31. ágúst

Ítalska fyrir byrjendur
hefst 20. september

Hagnýt norska fyrir heilbrigðisstarfsfólk
hefst 22. september

Kínverska fyrir byrjendur
hefst 27. september

### VERK- OG TÆKNIFRÆÐI

ÍST 66:2008 Kólnunartölur og varmatap húsa
haldið 29. september

### LÖGFRÆÐI

Lagaenska (e. Legal English) The Practice of Law & Contracts
hefst 27. september

### FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL

Að telja rétt fram
hefst 22. september

Lestur ársreikninga
hefst 27. september

Excel I - fjármál og rekstur
hefst 27. september

Virðismat fyrirtækja
hefst 29. september

Gerð viðskipta- og fjárhagsáætlana
hefst 30. september

### NÁMSKEIÐ FYRIR STJÓRNENDUR

Starfsmannasamtöl og frammistöðumat
hefst 14. september

Ég, verkefnastjórinn - aukanámskeið -
hefst 16. september

Stjórnun breytinga
- hlutverk stjórnenda og þáttur starfsmanna
hefst 7. október

Ég, stjórnandinn
hefst 8. október

### STARFSÞRÓUN OG HÆFNI

Öflugt sjálfstraust
hefst 16. september

Facebook sem markaðstæki - grunnnámskeið
hefst 17. september

Mikilvægir dómar í fasteignaviðskiptum
hefst 21. september

Gæðastjórnun: Hugmyndafræði, stefna, aðferðir og umbótastarf
hefst 5. október

### HUGBÚNAÐUR

Prófun hugbúnaðar (e. Software Testing Foundations)
hefst 20. september

Vefhönnun fyrir hönnuði
hefst 13. október

### UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ

Google í skólastarfi
hefst 20. september

Að byggja upp árangursríka samvinnu við foreldra leik- og grunnskólanemenda
hefst 24. september

Leiðir til að fyrirbyggja erfiða hegðun og efla félagsfærni ungra barna
hefst 30. september

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444
endurmenntun.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### (Ó)væntur leynigestur



Sjónvarpsþáttaröð um ferðalag Audda, Sveppa, Gillz og Vilhelms Antons um Bandaríkin hefst næsta föstudag. Miðað við stiklur úr þáttunum á mikið eftir að ganga á þegar þessir fjórmenningar byrja að hrella saklausa Ameríkana. Þættirnir hafa þó sinn söguþráð því þeir eiga að hafa uppi á ákveðnum leynigesti. Sá verður víst í Mall of America í Minneapolis sem fór nánast á hausinn í íslenska bankahruninu þegar íslenskir túristar hættu að koma þangað. Leynigesturinn er kannski ekkert leyndarmál, þetta er **Pétur Jóhann Sigfússon.**

### Í sambandi við svindlara

Aðstandendur sviðslistaverksins **Nígeríusvindlarar** eru alls óhræddir þegar kemur að undirbúningi fyrir verkið sem verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu 20. ágúst. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hafa þeir átt í tölverðum samskiptum við alvöru Nígeríusvindlara og kynnst því af eigin raun hvernig þeir vinna. Sú sem stendur upp úr er víst Hisakazu Sato en hún lítur út fyrir að vera elsta kona í heimi ef marka má myndir sem hún hefur sent af sér og syni sínum úr flóttamannabúðum á Fílabeinsströndinni. - fgg



### Mest lesið vísir.is

1. Morðið í Hafnarfirði: Æskuvinur unnustunnar í haldi lögreglu
2. Karlmaður í haldi lögreglu vegna manndrápsins
3. Biðst afsökunar og hættir starfi yfirmanns kynferðisbrotadeildar
4. Kom að manninum sofandi og margstakk með eggvopni
5. Bílastæðum á Hverfisgötu breytt í hjólastíg


Fréttablaðið er með 180% meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.



